



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Hið kvenlæga dufl Framtíðarsýn Grímseyinga

Alfa Dröfn Jóhannsdóttir

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2020

Hið kvenlæga dufi

Framtíðarsýn Grímseyinga

Alfa Dröfn Jóhannsdóttir

90 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Magister Artium-prófi í félagsvísindum

Leiðbeinendur:
Andrea Hjálmsdóttir
Þóroddur Bjarnason

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, júní 2020

Titill: Hið kvenlæga dufl: Framtíðarsýn Grímseyinga

Stuttur titill: Hið kvenlæga dufl

90 eininga meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Artium-prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2020 Alfa Dröfn Jóhannsdóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, 2020, meistaraþrófsverkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 127 bls.

Prentun: Ásprent

Akureyri, júní, 2020

Ágrip

Þessi rannsókn fjallar um reynslu og upplifun nokkurra íbúa í Grímsey af þróun byggðar síðasta áratug og framtíðarsýn íbúanna. Notast var við eigindlega rannsóknaraðferð og voru tekin samtals tíu viðtöl við sex einstaklinga á fimm ára tímabili. Fyrstu fimm viðtölin fóru fram árið 2015 og seinni viðtölin árið 2020. Þá var rætt tvisvar við fjóra einstaklinga og einu sinni við tvo einstaklinga, annan árið 2015 og hinn 2020. Það varð áberandi breyting á upplifun viðmælenda milli ára, framtíðarsýn þeirra árið 2020 er á þann veg að enn sé hægt að snúa þróun við á sama tíma og ákveðið vonleysi hefur tekið völd og öll eru þau búin undir það að byggðin leggist af innan nokkurra ára. Fram kemur rík ábyrgðartilfinning viðmælenda gagnvart byggðinni og hver öðrum. Þegar samfélag samanstendur af tuttugu einstaklingum sem allir hafa ákveðnu hlutverki að gegna, þá verður stórt skarð ef einn tekur ákvörðun um að flytja í burtu. Einhverjir einstaklingar sem vilja halda í byggð eru fluttir burt eða hafa selt kvóta frá eygni, sem hefur haft þær afleiðingar að aðrir hafa neyðst til að flytja. Hugmyndin um búsetusæluna (e. rural idyll) í Grímsey á enn rétt á sér en kröfur nútímasamfélagsins og forsendur búsetu hafa breyst í gegnum árin og því vill fólk í meira mæli geta lifað við nútímaþægindi sem eru ekki í boði í Grímsey. Það þarf stórkostlegar aðgerðir til ef snúa á þessari hröðu neikvæðu þróun við og það þarf að horfast í augu við það að heilt byggðarlag er að hverfa. Þrátt fyrir inngrip stjórnvalda og ýmsar aðgerðir ríkisins sem ætlað er að efla byggð hvílir hún þó á ákvörðunum örfárra einstaklinga um að þrauka í eygni þar sem fólk snýr ekki til baka, engin börn fæðast og enga atvinnu er að fá aðra en að sækja sjóinn, sem veltur á kvóta sem erfitt er að koma höndum yfir.

Rannsóknin skiptist í sex kafla og er í þeim fyrsta farið yfir bakgrunn rannsóknar, í öðrum kaflanum er farið yfir stöðu þekkingar og í þeim þriðja er farið yfir fræðilegt sjónarhorn. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem notast var við og farið yfir framkvæmd, gagnasöfnun, þátttakendur og siðferðileg álitamál. Í fimmta kafla er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar og í sjötta kafla eru umræður rannsakanda. Allir viðmælendurnir sex höfðu á einhverjum tímapunkti haft búsetu í Grímsey og kölluðu eftir aðgerðum stjórnvalda árið 2015. Hljóðið var örlítið þyngra í viðmælendum fimm árum síðar, árið 2020, þegar þeir veltu fyrir sér þróun byggðarinnar eftir aðgerðir stjórnvalda. Frá því að fyrstu viðtölin voru tekin höfðu tveir viðmælenda flust upp á land, íbúum hafði fækkað um 20%, grunnskólanum var lokað í eyjunni og Grímsey var orðin hluti af verkefninu Brothættar byggðir.

Abstract

This study examines the experience of some residents of Grímsey of the island's development over the last decade and also addresses their vision for the future in light of the reduction of jobs, as well as in population. A qualitative research method was used and a total of ten interviews were conducted with a total of six individuals over a five year period. The first five interviews took place in 2015 and the second five in 2020. Four individuals were interviewed twice and two individuals were only interviewed once, one in 2015 and one in 2020. There was an obvious change in the interviewees' experience from 2015 to 2020. In 2020 their vision is that the negative development can still be reversed although they are all prepared for the settlement to disappear within a few years. There is also a rich sense of responsibility among the interviewees toward the development of the settlement as well as towards each other. When a community consists of twenty individuals, who all have a very specific role, there is a great loss if one makes the decision to move away. Some individuals have sold quota from the settlement, which has led to other residents having to move away. The concept of the rural idyll in Grímsey is still present in a way, but the demands of modern society and the premises of residence have changed over the years. Great actions are required if the negative development is to be reversed and one must accept that an entire settlement is disappearing. Despite the governments' intervention and various measures taken by the state in order to strengthen the settlement, it relies on a handful of individuals to make the decision to endure life in Grímsey. An island, where people are not

returning, no children are being born and there are no jobs available other than attending the sea, which depends on a quota that is hard to come by. The study is divided into six chapters, the first of which details the background of the study and the second chapter addresses the state of knowledge. The third chapter describes the theoretical point of view. The fourth chapter describes the research methodology used and examines the conduct of research, data collection, participants and ethical issues. Chapter five discusses the results of the study. Chapter six lays out the conclusions of the study. In 2020, some changes had happened in Grímsey and two of the interviewees had moved ashore since 2015, the elementary school had been closed, the population had decreased by 20% and Byggðastofnun (e. The Icelandic Regional Development Institute) had involved Grímsey in their Fragile Communities program.

„Algjörlega. Maður situr alveg og spyr sjálfan sig: lagði ég mitt af mörkum? Þú veist, hef ég lagt mitt af mörkum til þess að viðhalda eyjunni?“

Formáli

Þessi rannsókn er 90 ECTS meistaraþrófsverkefni til M.A.- prófs í rannsóknartengdu meistaranámi í félagsvísindum við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Rannsóknin er unnin á árunum 2015–2020 og snýr að framtíðarsýn Grímseyinga þegar kemur að þróun byggðar í eygni síðustu fimm ár. Rannsakandi rýnir í það hvernig nútímasamfélag þrífst í byggð sem stólar á karllæga atvinnuhætti til lífibrauðs og hvaða utanaðkomandi þættir hafa áhrif á örugga búsetu í eygni. Þegar kom að því að velja nafn á verkefnið vildi rannsakandi fanga kjarna þess á táknrænan hátt. Einhverjir tengja orðið dufl eflaust við sjó og sjómennsku þar sem dufl er flotbúnaður sem oft er notaður í rannsóknarskyni og vissulega á það við hér. Titillinn tengist þó frekar ást rannsakanda á bókmenntum, en árið 1932 leit saga Halldórs Laxness um Sölku Völku dagsins ljós og fangaði athygli rannsakanda einum áttatíu árum síðar. Sagan gerist í lítilli sjávarbyggð á Íslandi og þar kynnist lesandi Sölku, einstakri ungri konu sem þvert á samfélagsleg gildi þess tíma velur að ganga í buxum, vinnur fyrir eigin launum, aðstoðar sjómennina og eignast að lokum hlut í eigin bát. Í bók sinni lýsir Halldór Laxness því hvernig konur dufla við karlmennina og gefa þeim undir fótinn. Því fannst rannsakanda nafnið *Hið kvenlæga dufl* táknrænt fyrir verkefnið þar sem það fangar á vissan hátt veruleika kvenna í litlum sjávarbyggðum Íslands, þar sem þær daðra við hina karllægu atvinnuhætti án þess þó að vera nokkurn tíma ráðandi afl innan þeirra.

„Sá er ekki altaf tryggastur, sem situr kjur, heldur hinn sem kemur aftur.“

Halldór Laxness

Þakkir

Mig langar að þakka viðmælendum mínum sérstaklega fyrir einlægni sína og hreinskilni, fyrir að gefa mér af tíma sínum og fyrir að taka á móti mér af mikilli gestrisni við dvöl mína í Grímsey. Grímseyska hjartað slær svo sannarlega fast. Leiðbeinendum mínum, Andreu Hjálmsdóttur og Þóroddi Bjarnasyni, þakka ég ómælda þolinmæði og mikla og góða aðstoð. Eiginmanni mínum, Baldvini Frey, þakka ég stuðninginn og hvatninguna og fyrir endalausar umræður um sjávarútveginn.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	1
1.1	BAKGRUNNUR RANNSÓKNAR.....	1
2	STAÐA ÞEKINGAR	7
2.1	ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI SMÆRRI BYGGÐARLAGA.....	7
2.1.1	<i>Smærri byggðarlög og litlar eyjur sérstaklega</i>	8
2.1.2	<i>Samgöngur</i>	9
2.1.3	<i>Ferðaþjónusta og aðrar nýjar atvinnugreinar</i>	9
2.1.4	<i>Búsetusæla</i>	10
2.1.5	<i>Mikilvægi seiglu smærri byggðarlaga</i>	12
2.2	STAÐA KYNJANNA	13
2.2.1	<i>Karllæg og kvenlæg samfélög</i>	15
2.2.2	<i>Menntun og atvinna</i>	16
2.2.3	<i>Staða á heimilum og samskipti kynjanna</i>	19
2.2.4	<i>Kynjasambætting í byggðarþróun</i>	20
2.3	STEFNUMÓTUN OG STJÓRNSÝSLA Á ÍSLANDI	22
2.3.1	<i>Byggðastefna á Íslandi</i>	23
2.3.2	<i>Kvótakerfið og byggðakvóti</i>	25
2.3.3	<i>Samgönguáætlun og samgöngustefna</i>	28
2.3.4	<i>Jafnréttismál og jafnréttisstefna</i>	29
2.3.5	<i>Byggðastofnun og brothættar byggðir</i>	30
3	GRÍMSEY	33
3.1	LANDFRÆÐI OG 800 ÁRA SAGA.....	33
3.2	ÞRÓUN SJÁVARÚTVEGS OG KVÓTAKERFIÐ.....	34
3.3	MANNFJÖLDAÞRÓUN.....	35
3.4	SAMEINING VIÐ AKUREYRI	36
3.5	ÞÁTTTAKA Í BROTHÆTTUM BYGGÐUM.....	36
3.6	GRÍMSEY Á TÍMAMÓTUM	37
3.7	RANNSÓKNARSPURNINGAR RANNSÓKNAR	38
4	AÐFERÐ OG GÖGN	40
4.1	EIGINDLEG RANNSÓKNARAÐFERÐ.....	40
4.2	BAKGRUNNUR OG AÐKOMA RANNSAKANDA	41
4.3	FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR	41
4.4	ÞÁTTTAKENDUR OG VIÐTÖL.....	43
4.5	SÍÐFERÐILEG ÁLITAMÁL	44

5	NIÐURSTÖÐUR – VIÐHORF VIÐMÆLENDNA	47
5.1	ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI GRÍMSEYJAR	47
5.1.1	<i>Sjávarútvegur</i>	47
5.1.2	<i>Ferðaþjónusta og nýjar atvinnugreinar</i>	49
5.1.3	<i>Samgöngur</i>	51
5.1.4	<i>Búsetusæla</i>	53
5.1.5	<i>Fjölskyldan og framtíð ungs fólks.....</i>	58
5.2	STADA KYNJANNA Í GRÍMSEY.....	60
5.2.1	<i>Menntun og atvinna kynjanna</i>	60
5.2.2	<i>Staða á heimili og samskipti kynjanna</i>	63
5.2.3	<i>Ábyrgð á samfélaginu</i>	66
5.3	STEFNA OG FRAMKVÆMD HINS OPINBERA VARDANDI GRÍMSEY.....	70
5.3.1	<i>Viðhorf til kvótakerfis og byggðakvóta</i>	70
5.3.2	<i>Viðhorf til sameiningar við Akureyri.....</i>	72
5.3.3	<i>Viðhorf til þátttöku í brothættum byggðum</i>	74
5.4	FRAMTÍÐIN	77
5.4.1	<i>Áfram sjávarbyggð með framtíð?.....</i>	77
5.4.2	<i>Sumarbyggð eða eyðibyggð?.....</i>	83
6	UMRÆÐUR.....	86
6.1	ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI GRÍMSEYJAR	86
6.2	STADA KYNJANNA	89
6.3	ÁRANGUR AF OPINBERUM AÐGERÐUM.....	93
6.4	FRAMTÍÐ GRÍMSEYJAR	95
	HEIMILDIR.....	99
	VIÐAUKAR	115

Myndayfirlit

Mynd 1. Eitt yfirþema og fjögur undirþemu rannsóknar.	42
--	----

Töfluyfirlit

Tafla 1. Mannfjöldi eftir þéttbýlisstöðum, kyni og aldri 2011–2019 31

1 Inngangur

1.1 Bakgrunnur rannsóknar

Undanfarna áratugi hafa hin hefðbundnu samfélög sem enn treysta á frumframleiðslu færst fjær þeim og þurft að aðlaga sig meira að fjölbreyttari atvinnuháttum. Einhver byggðarlög hafa jafnvel lagst alveg af. Í því samhengi er staða Grímseyjar áhugaverð og einstök, þar sem um er að ræða einangraða eyju þar sem veður og vindar ráða samgöngum og atvinnuhættir eru afar karllægir. Þar er það augljóst að ef karlmaðurinn getur ekki eða vill ekki starfa við sjávarútveg, hvort heldur við sjósókn eða við fiskvinnslu í landi, þá er um takmarkað framboð atvinnu að ræða. Skynsöm og hagkvæm valddreifing innan veggja heimilisins er einnig mikilvæg, rétt eins og á vinnumarkaðnum.

Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna skilgreindi þróun sem bættu lífsafkomu einstaklinga eða samfélags á ákveðnu tímabili (UNECE, 2009). Jákvæð þróun snýst um að auðga líf hlutaðeigandi sem oftast en ekki næst með því að mæta grunnþörfum fólks (Peet og Hartwick, 2009). Þá kemur að auki fram í skýrslu Efnahagsnefndarinnar að undanskilja verði efnahagslegan hagvöxt til að skilgreina áður nefnda þróun og horfa frekar til þess að auka tækifæri íbúa til að njóta sameiginlegra auðlinda ríkisins í víðum skilningi (UNECE, 2009).

Hlutverk kvenna í nútímasamfélögum er margþætt og það er margt sem bendir til þess að þrátt fyrir að breytingar hafi orðið á hlutverkum þeirra undanfarin ár og vinna þeirra utan heimilisins hafi aukist, hefur þátttaka karla í heimilisstörfum ekki aukist að sama skapi (Kolbeinn Stefánsson, 2012).

Megintilgangur þessarar rannsóknar er að skoða hver sé framtíðarsýn Grímseyinga fyrir þróun byggðarinnar í eyjunni. Einnig vill rannsakandi skoða hvaða þættir Grímseyingar telji að spili hlutverk í þróun samfélagsins og hvað hafi haft mest áhrif á þróun byggðarinnar síðustu ár, en afar hraðar breytingar hafa til að mynda átt sér stað síðasta áratug. Lagt var upp með rannsóknarspurninguna: Hver er framtíðarsýn Grímseyinga fyrir þróun byggðar í Grímsey? Þá er komið inn á það hvernig Grímseyingar sem tóku þátt í rannsókninni upplifa samfélagslega ábyrgð einstaklinga á þróun byggðarinnar. Jafnframt verður staða kvenna í Grímsey skoðuð, en í jafn smáu samfélagi og Grímsey er forsenda byggðar vinna við sjávarútveginn, sem er afar karllægt svið. Á undanförunum áratugum hafa miklar félagslegar breytingar átt sér stað og þau samfélög sem byggðu afkomu sína að stórum hluta á nýtingu auðlinda og hefðbundinni verkaskiptingu hafa þróast að miklu leyti yfir í samfélög sem treystir á þjónustuhagkerfi til afkomu (Huijbens, 2012).

De San Eugenio-Vela og Barniol-Carcasona (2015) sýna fram á að efnahagsleg endurskipulagning, sem hefur átt sér stað í dreifbýlum samfara breytingum á atvinnuvegi, getur haft jákvæð áhrif á byggðapróun. Til að stuðla enn frekar að sjálfbærri langtímaþróun er nauðsynlegt að efla samskipti þeirra innri aflu sem stjórna staðháttum, eins og stjórnvalda og íbúa sveitarfélaga. Dreifbýlisstaðirnir verða að fá tækifæri til að skilgreina eigin sjálfsmynd og efla samfélagið svo efnahagsleg þróun og almenn jákvæð byggðapróun geti átt sér stað. Endurskipulagning á atvinnustarfsemi á þann hátt sem þjónar sveitarfélaginu í heild er því afar mikilvæg (de San Eugenio-Vela og Barniol-Carcasona, 2015).

Lítill sveitarfélög standa frammi fyrir áskorunum og takmörkunum sem stærri sveitarfélög standa ekki frammi fyrir í sama mæli og því er mjög mikilvægt að ráðast í aðgerðir til að takast á við sjálfbærni á slíkum svæðum.

Það þarf að eiga sér stað samþætting í ákvarðanatöku þessara svæða og nauðsynlegt er að taka tillit til vilja íbúa svæðanna og hafa í huga þá þætti sem hafa áhrif í pólitískri áætlanagerð (Polido, João og Ramos, 2014).

Laoire (2001) sýndi fram á það í dreifbýli Írlands, að þeir karlmenn sem ákveða að fara eru oft þeir sem ekki finna sinn stað í samfélaginu. Sú atvinna sem er í boði á ekki við þá og þeir finna ekki tólmstundir eða afþreyingu við sitt hæfi (Laoire, 2001). Þeir sem geta og vilja starfa við hina hefðbundnu auðlindanýtingu geta því dvalið í heimabyggð finni þeir sér maka sem er einnig tilbúinn að búa í dreifbýli og ala upp börn þar.

Samkvæmt Laoire (2001) má þá skilgreina karllægt samfélag út frá því hvort karlmennirnir búi yfir völdum innan samfélagsins, og sem ráðandi kyn innan samfélagsins teljast þeir gera það. Það vekur þá upp spurningar um hvað gerist ef þeir missa ríkjandi hlutverk sitt sem fyrirvinnur heimilanna. Atvinnuleysi getur leitt af sér ákveðið óöryggi og brotna sjálfsmýnd karlmannna. Rannsóknir hafa sýnt fram á sterk tengsl á milli sjálfsmýndar og valda karlmannna og vinnu (Collinson og Hearn, 1996; Laoire, 2001). Þá upplifa karlmenn það að staða þeirra á vinnumarkaði gefi þeim völd og styrki sjálfsmýnd þeirra sem fyrirvinna og valdhafi á heimilinu.

Auknir fólksflutningar frá dreifbýli til þéttbýlis hafa haft veruleg áhrif á líf og aðstæður fólks, ekki aðeins einstakra fjölskyldna heldur allra þeirra sem búa á sama svæði. Þær hafa meðal annars leitt til aukinnar menntunar fólks, bættra lífsskilyrða, aukinna krafa um þjónustu og breyttra vinnubragða (Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Lilja Rafnsdóttir, 2009).

Þó stærri byggðarlög í þéttbýli dafni í þessum nýju aðstæðum og fólk flytjist þangað í meira mæli vegna fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifæra þá upplifa íbúar í sjávarbyggðum aukna óvissu um framtíð sína, einmitt vegna

Þessara sömu breytinga sem hafa áhrif á þróun byggða. Hér á landi þróaðist sjávarútvegur á svipaðan máta og í nágrannalöndunum þrátt fyrir að tæknivæðingin hafi byrjað seinna hér. Iðnvæðing 20. aldar margfaldaði hins vegar afköstin og fljótlega fór að bera á áhyggjum manna af ofveiði (Ágúst Einarsson, 2016). Ágúst Einarsson (2016) bendir á að ef veiðum sé ekki stýrt muni menn ávallt ofnýta stofninn og ákveðnir fiskistofnar hrynji mögulega sé þeim ekki gefið færi á að endurnýja sig. Árið 1984 var svokallað kvótakerfi tekið upp á Íslandi og byggðist úthlutun aflamarka til ákveðinna skipa þá að mestu á veiðireynslu síðustu þriggja ára (Ágúst Einarsson, 2016). Frá árinu 1984 hefur staða dreifðra sjávarbyggða veikt töluvert og hefur fækkun starfa á þessum svæðum verið afleiðing hagræðingar í sjávarútvegi og frjáls framsals veiðiheimilda. Þar af leiðandi hefur sjávarútvegurinn upplifað landfræðilega samþjöppun, þar sem starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja hefur þjappast saman á færri svæði (Þóroddur Bjarnason, Bergþóra Benediksdóttir, Gunnar Atli Gunnarsson og Þorsteinn Víglundsson, 2020).

Utan við kvótakerfið stóðu smábátar sem voru minni en 10 tonn og gátu ekki framselt aflaheimildir líkt og stærri skipin. Núna eru flestir þessara smábáta með krókaafلامark en frá árinu 1992 hefur aflahlutdeild þeirra aukist um 9% í þorskafلا og um 19% í ýsuafla (Ágúst Einarsson, 2016). Þá bendir Ágúst einnig á að smábátaútgerðir sem reiða sig á krókaafلامark skipti oft sköpum fyrir þróun byggða. Hann bendir að auki á að ef framsal veiðiheimilda yrði takmarkað til að berjast gegn fólksfækkun einstakra svæða þá hefði það neikvæð áhrif til lengri tíma þó það gæti mögulega snúið við neikvæðri þróun byggða tímabundið (Ágúst Einarsson, 2016).

Þóroddur Bjarnason (2012) benti á að hinar miklu breytingar sem hafa átt sér stað á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi undanfarin ár hafa haft neikvæð áhrif á stöðugleika dvalar í byggðum sem hafa atvinnu sína af sjávarútvegi.

Þetta á sannarlega við í Grímsey, en sala á kvóta þaðan hefur haft mikil neikvæð áhrif á þróun byggðarinnar.

Á stuttum tíma hefur ferðaþjónusta orðið ein mikilvægasta atvinnugreinin á Íslandi, en hún telur töluvert hlutfall af gjaldeyristekjum landsins (Gunnar Þór Jóhannesson, 2012). Samkvæmt Samtökum Ferðaþjónustunnar (2019) jókst hlutur ferðaþjónustunnar í landsframleiðslu um 5,1% frá árinu 2009 til ársins 2017, eða úr 3,5% í 8,1%. Árið 2017 var verg landsframleiðsla ferðaþjónustunnar því sem nam 2.554.565 milljónum króna. Samkvæmt Ferðamálastofu hefur fjöldi ferðamanna sem ferðast til Íslands í gegnum Keflavíkurflugvöll vaxið mjög hratt. Árið 2014 ferðaðist tæplega ein milljón ferðamanna, eða 969.181, um Keflavíkurflugvöll en rúmar tvær milljónir, eða 2.315.925, árið 2018. Á fjórum árum fjölgaði því ferðamönnum sem komu til landsins um Keflavíkurflugvöll um 140% (Oddný Þóra Óladóttir, 2019). Eftir efnahagskreppuna árið 2008 var ferðaþjónustunni lýst sem efnahagslegu haldreipi okkar Íslendinga ásamt útflutningi og sjávarútvegi (Gunnar Þór Jóhannesson og Edward H. Huijbens, 2010). Undanfarið hefur verið lögð töluverð vinna í að treysta ferðaþjónustu Grímseyjar í von um að styrkja stöðu byggðarinnar.

Fyrir þessa rannsókn voru tekin viðtöl við sex einstaklinga. Árið 2015 var rannsakandi í Grímsey í þrjá daga og tók viðtal við þrjá einstaklinga sem voru búsettir í eygni. Hinir viðmælendurnir tveir voru þá búsettir á landi og fóru viðtöl við þá fram á heimilum þeirra árið 2015. Árið 2020 voru tekin fimm viðtöl og fóru öll viðtölin fram á Akureyri og þar af fór eitt fram í gegnum fjarfundarbúnað. Þá tók rannsakandi viðtal við einn viðmælanda árið 2020 sem ekki var talað við árið 2015, en sá viðmælandi flutti frá Grímsey árið 2019. Kynjaskipting var ekki jöfn en af sex viðmælendum voru fimm konur og einn karl.

2 Staða þekkingar

2.1 Áskoranir og tækifæri smærri byggðarlaga

Sum fámennari byggðarlög Íslands einkennast af fólksfækkun og hækkandi aldri íbúanna, en yngra fólk íhugar frekar að flytja á brott til þéttbýlli svæða en þeir sem eldri eru (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019).

Það hafa orðið miklar breytingar á frumatvinnugreinum, svo sem fiskvinnslu og landbúnaði og það virðast vera störf sem höfða frekar til karlmannna en kvenna. Oft skortir grunnþjónustu í smærri byggðarlögum í dreifbýli þar sem lítið er um afþreyingu og samgöngur eru oft á tíðum stopular. Möguleikar fyrir konur á svæðum sem þessum eru takmarkaðir, og þrátt fyrir að margar þeirra gætu vel hugsað sér að snúa aftur heim eftir menntun eru fá atvinnutækifæri í boði og nær engin þar sem menntun nýtist.

Ferðapjónusta hefur verið áhrifarík leið til að takast á við félags- og efnahagsleg vandamál sem smærri byggðarlög standa frammi fyrir. Fyrir vikið hefur orðið gríðarlega mikil aukning í ferðapjónustu á alþjóðavísu, enda hún oft verið mikilvægt verkfæri í baráttunni við fólksfækkun viðkvæmra svæða (Williams og Shaw, 1998). Hampton (2015) velti upp spurningum um áhrif pólitísku hagkerfis á þróun ferðapjónustu innan eyjasamfélaga, þar sem ákveðin félags-menningarleg þróun (e. socio-cultural development) á sér stað innan samfélaganna. Þá á hann við að þrýstingur yfirvalda á uppbyggingu ferðapjónustu getur haft neikvæð áhrif á þróun ferðapjónustu þessara svæða. Þá hefur tengingin milli eignarhalds og sjálfsmyndar rofnað hjá íbúum þar sem valdið var fært frá samfélaginu sjálfu og til yfirstjórnar, ríkis eða sveitarfélags.

Áhugi yfirstjórnar liggur þá eingöngu í uppbyggingu ferðaþjónustu og efnahagslegum möguleikum sem fylgja þróun eyjasamfélaga (Hampton, 2015), en nær ekki yfir samfélagið sjálft og íbúa þess. Samfélagið er því ekki haft með í ráðum þegar uppbygging eða aðgerðir eru skipulagðar og virðist jafnvel einangrað frá allri ákvarðanatöku.

Árangursrík byggðastefna þarf að horfa til sjálfbærni samfélaga og þarf því að nálgast hvert samfélag á ólíkan hátt, byggt á grundvelli staðháttu hvers svæðis (Þóroddur Bjarnason, 2012). Mikilvægt er að stjórnir sveitarfélaga, stjórnvalda og stofnana taki virkan þátt í skipulagningu svæðanna en íbúarnir sjálfir geta lítið gert án aðkomu stjórnvalda að ákvarðanatöku.

2.1.1 Smærri byggðarlög og litlar eyjur sérstaklega

Dreifðar sjávarbyggðir standa frammi fyrir margvíslegum áskorunum sem tengjast því að vera fámenn einangruð samfélög. Rétt eins og Þóroddur Bjarnason (2012) benti á eiga þessi samfélög það sameiginlegt með öðrum dreifðum byggðum víða um heim að búa við einhæft atvinnulíf, takmarkaða þjónustu, erfiðar samgöngur og miklar tæknibreytingar. Að auki hefur óstöðugleiki kvótakerfisins verið sjálfstætt vandamál fyrir byggðirnar. Við innleiðingu fiskveiðistjórnunarkerfisins urðu enn fremur miklar breytingar í byggðapróun hinna dreifðu sjávarbyggða (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2020).

Mörg lítil eyjasamfélög standa enn fremur frammi fyrir erfiðleikum tengdum stærð þeirra, einangrun og oft töluvert óblíðari náttúru og erfiðara veðurfari en á meginlandi. Þessir þættir veikja hagkerfi þessara litlu byggðarlaga mjög og verða þau þannig viðkvæmari fyrir utanaðkomandi öflum (Briguglio, 1995).

2.1.2 Samgöngur

Samgöngumál íbúa landsbyggðanna eru oft flókin. Á Íslandi eru byggðir sem eru of langt frá stærri þjónustukjörnum til að verða hluti af þjónustusvæði þeirra. Því er mikilvægt að mótuð sé samgöngustefna á landi, í lofti og á sjó sem tekur tillit til þessara minni byggðarlaga (Andrea Hjálmsdóttir o.fl., 2011).

Briguglio (1995) bendir á að samgöngur séu eðlilega kostnaðarsamari til og frá eyjum en annars staðar þar sem eyjan er umlukin vatni og því alfarið háð flug- og sjósamgöngum. Burtséð frá því hafa eyjasamfélög oft þörf fyrir smærri farm þegar vörur eru fluttar á milli sem leiðir til enn hærra einingarverðs. Á litlum eyjum er oft óvissa um framboð á vörum og þjónustu þegar litið er til kostnaðar við flutninga, einangrunar og þess óáreiðanleika sem oft skapast í flutningsþjónustu. Það getur einnig verið vandamál fyrir minni fyrirtæki að mæta skyndilegri eftirspurn eftir ákveðnum vörum þegar samgöngur eru óáreiðanlegar, nema þau eigi miklar birgðir í geymslu.

Briguglio (1995) talar einnig um að smæð byggðarlaga takmarki getu þeirra til að auka fjölbreytni í vöruvali sem gerir fámennar eyjar háðar mjög þröngu vörusviði og takmarkaðri þjónustu. Í því tilliti má segja að þær séu með of mörg egg í sömu körfunni sem hamlar möguleika þeirra á uppbyggingu þjónustu.

2.1.3 Ferðaþjónusta og aðrar nýjar atvinnugreinar

Öflugustu atvinnugreinarnar á alþjóðavísu undanfarin ár hafa verið innan þjónustugeirans. Til að efla ferðaþjónustu á landsbyggðunum þurfa svæðin að hafa eitthvað sem laðar ferðamenn þangað. Samkvæmt Gunn (2002) er ekki nóg að hafa eitthvað einfalt sem dregur að og í því samhengi nefnir hann ímynd svæðanna og mikilvægi þess hvernig hún er sköpuð og henni stýrt. Hann telur að þetta samanstandi af tveimur þáttum, annars vegar þeirri náttúrulegu

Ímynd af svæðinu sem kemur frá vinum, kunningjum og fjölskyldu og hins vegar ímyndinni sem upplýsingar frá fyrirtækjum og stofnunum skapa. Þá bendir Gunn (2002) einnig á mikilvægi þess að samgöngur séu í góðu lagi, bæði til og frá byggðinni sjálfri og innan hennar. Að auki er nauðsynlegt að einhvers konar lágmarkspjónusta sé til staðar, svo sem gisting, veitingasala og afþreying. Upplýsingar um það sem er í boði og markaðssetning svæðanna eru einnig mikilvægir þættir í jákvæðri byggðapróun.

Dreifbýl svæði laða ekki öll sjálfkrafa að sér ferðamenn svo að markaðssetning er mikilvægur þáttur til að fá ferðamenn til að vilja skoða svæðið og það er undir svæðinu sjálfu komið, og því sem það hefur að bjóða þegar kemur að umhverfi og þjónustu (Gannon, 1994). Hafa verður í huga að gæði vöru og þjónustu verða að vera í takt við kröfur og væntingar ferðamanna.

2.1.4 Búsetusæla

Í rannsóknnum á stöðu og hlutverkum kynjanna í dreifbýli benti Brandth (1995) á að karlmenn væru ímynd líkamlegs atgervi, styrks og yfirráða á meðan konurnar væru tengdar hugmyndum um búsetusæluna (e. rural idyll) þar sem dreifbýlið væri málað í rósráðum bjarma einfaldleika, öryggis, hefða og hreins umhverfis - líf í friði og ró í nálægð við náttúruna (Brandth, 1995; Brandth og Haugen, 2012). Búsetusælan ber því með sér tengsl við kynjamyndir tengdar kynjaskiptum atvinnuháttum þar sem konur í dreifbýli eru ekki bara einstaklingar sem eru konur, heldur fyrst og fremst eiginkonur karlmanna og bera því ábyrgð á heimilinu, börnunum og hinum hefðbundnu kvennastörfum (Morris og Evans, 2001).

Þá upplifa þeir einstaklingar sem búa í dreifbýli það stundum sem fullkominn stað til að ala upp börnin, nær náttúrunni og rónni sem henni fylgir

og fjær hraðanum og amstrinu sem fylgir þéttbýlinu. Þannig er búsetusælan sett upp sem staður hreinleika og sakleysis. Á sama hátt finna þeir sem búa í dreifbýli oft til meðaumkunar gagnvart þeim sem búa í þéttbýli fyrir að hafa aldrei fengið að kynnast því að verja tíma í dreifbýli, heldur hafa alist upp innan þéttbýlis og allra nútímaþæginda þar sem er meiri hætta á að unglingar verði latir og leiðist út í eiturlyf. Í dreifbýli er gerð meiri krafa á börnin að hjálpa til við vinnu, hvort sem er við landbúnað eða sjávarútveg (Morris og Evans, 2001). Það er þekkt að hugmyndin um búsetusæluna ýtir undir og heldur við stéttaskiptingu og karllægum samskiptum kynjanna (Davidoff og Hall, 1987).

Þá er áhugavert að skoða hugmyndina um búsetusæluna eins og Valentine (1997) setti hana fram þar sem komið var inn á kvíða og áhyggjur foreldra af öryggi barna sinna. Þá eru hættur þéttbýlis stærri og meiri en í dreifbýlinu þar sem hægt er að reiða sig á samfélagið til að gæta barnanna. Proshansky og Fabian (1987) bentu á að í dag eru foreldrar hræddari um börn sín en áður og hugmyndin um ljúfa barnæskuna hefur verið þéttofin hugmyndinni um búsetusæluna þar sem börn móta félagsleg tengsl, þróa með sér umhverfisvitund og læra að þekkja gildi samfélagsins (Proshansky og Fabian, 1987).

Árið 2019 virtist skortur á atvinnutækifærum vera helsta ástæða þess að fólk í smærri byggðarlögum Íslands velur að flytja burt þaðan. Þá hafði það að auki áhrif að aðgengi að menningu, afþreyingu og annarri grunnþjónustu er oft af skornum skammti (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019).

Hugmyndin um búsetusæluna hefur því haft áhrif á búsetuval fólks en þegar samfélög berjast við neikvæða byggðapróun þar sem konum og börnum fækkar hafa þær forsendur eðlilega breyst.

2.1.5 Mikilvægi seiglu smærri byggðarlaga

Steiner og Atterton (2015) bentu á að fyrirtæki sem starfrækt eru innan dreifbýlla svæða stuðli að staðbundinni þróun og seiglu með bæði óbeinum og beinum hætti. Beinir þættir eru helst bein atvinnusköpun og aukin þjónusta á svæðinu og óbeinir þættir eru til dæmis jákvæð þróun ímyndar svæðanna og gæti sá þáttur enn fremur haft í för með sér fleiri störf. Aukin atvinnutækifæri draga úr hættu á brottflutningi íbúa og fólksfækkun svæðanna. Fyrirtækin verða þannig mikilvægur hluti af byggðinni með því að stuðla að seiglu og þróun svæðanna. Í Grímsey eru það útgerðarfyrirtæki sem sinna því hlutverki.

Í mörgum OECD löndum eru stefnumótandi aðilar í auknum mæli að leitast við að styðja við seiglu minni samfélaga og hafa sýnt fram á nauðsyn þess að auka sjálfbærni einstakra byggðarlaga (Steiner og Atterton, 2015). Samkvæmt Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (2014) eru eignarhald, geta og tengsl þættir sem eru afar mikilvægir í þessum minni samfélögum og afar mikilvægt að gæta að þeim í allri þróunarvinnu.

Það er mikilvægt að íbúar upplifi að þeir tilheyri í byggðarlaginu, að samfélagið sé þeirra og að til staðar sé tilfinning um eignarhald. Þá verður að þróa staðbundna getu íbúa til auðlindastjórnunar og byggja upp og styrkja ákveðið tengslanet íbúa sem eru starfsmenn þeirra fyrirtækja sem starfa í byggðarlögnum og því nauðsynlegir þróun þeirra og samfélagsins í heild (Steiner og Atterton, 2015). Ef markmiðið er sjálfbær þróun ber að gæta vel að grunnstoðunum. Þá er brýnt að taka menningarlegan arf byggðarlaganna með í reikninginn, í því skyni að meta framlag íbúa þessara svæða til seiglu og þróunar svæðanna. Þá þarf líka að gera ráð fyrir þátttöku íbúanna sjálfra í uppbyggingunni. Það ætti að vera forgangsatridi að auka fagkunnáttu til að gera íbúum kleift að stjórna auðlindum sínum, þar sem það skilar sér í auknum tekjum svæðanna og eykur sjálfbærni þeirra.

Byggðarlög í dreifbýli upplifa margþættar breytingar til dæmis vegna hnattvæðingar, efnahagslegra niðursveifla, lýðfræðilegrar öldrunar og loftslags- og umhverfisbreytinga (Steiner og Atterton, 2015) sem allt eru þættir sem hafa áhrif á efnahags-, umhverfis- eða félagslegan auð byggðarlaganna. Einir og sér ráða þessir þættir ekki úrslitum en saman eru þeir ráðandi afl í afkomu samfélaga (Steiner og Atterton, 2015). Þá má segja að samfélög sem búi yfir sterkum efnahags-, umhverfis- og félagslegum auði hafi alla burði til að sýna meiri seiglu en þau samfélög sem skortir einn eða alla af ofantöldum þáttum.

2.2 Staða kynjanna

Karlmennska og kvenleiki eru hugtök sem vísa til menningarlegs skilnings okkar á því hvað telst ríkjandi hegðun eða eiginleikar karla og kvenna og eru því oft notuð til að auðkenna ákveðin gildi eða merkingu sem tengjast kyni.

Karlmennska er hugtak sem má skilgreina út frá ráðandi félagslegri stöðu karla og víkjandi félagslegri stöðu kvenna. Hugtökin karlmennska og kvenleiki útskýra félags- og menningarleg hlutverk kynjanna í ákveðnum samfélögum. Þá má skilgreina karlmennsku út frá hugmynd okkar um það hvað telst vera karlmennska í félagslegu tilliti. Oft myndast ójafnvægi milli kynjanna þar sem litið er svo á að karlmenn standi skör hærra en konur og þeir séu höfuð fjölskyldunnar og fyrirvinna heimilisins (Connell, 1995). Því er karlmennska röð ólíkra þátta sem við tengjum við karlmenn; eiginleikar, hegðun og hlutverk. Hofstede (2001) skilgreindi karlmennsku sem hugmynd um samfélagsnorm þar sem kynhlutverk eru félagsleg og afgerandi aðgreind: karlmenn eru ákveðnir og harðir og einblína á efnislegan árangur en konur eru hógværar og blíðar og einblína frekar á lífsgæði.

Samkvæmt Connell (1995) miða karlmenn sig gjarnan við hugmyndir okkar um ríkjandi karlmennsku (e. hegemonic masculinity) þar sem þeir njóta forréttinda umfram konur. Þeir reyna ómeðvitað að samsama sig þeim kröfum sem hugmyndin um ríkjandi karlmennsku hefur kennt þeim og er ýkt staðalímynd kynjanna. Þær kynjavenjur styrkja enn frekar ójafnvægi milli kynjanna þar sem ríkjandi staða karlmannna er styrkt á sama tíma og konur eru gjarnan í hlutverki hins styðjandi kyns. Hugtakið styðjandi kvenleiki er afar tengt hugtakinu um ráðandi karlmennsku og fjallar um það hvernig hlutverk kvenna er að styðja við karla og mæta þeirra þörfum og löngunum. Styðjandi kvenleiki viðheldur því valdi karla yfir konum (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012). Gyða Margrét (2012) lýsir enn fremur því sem hún kallar áru kynjajafnréttis sem félagslegu ferli þar sem bæði kyn vilja trúá því, og eru sannfærð um, að jafnrétti ríki þrátt fyrir að svo sé ekki.

Dahlström (1996) fjallaði um stöðu kynjanna í smærri byggðarlögum og þar kom fram að ungir karlar og konur byggðarlaganna lifðu mjög ólíku lífi, samkvæmt hinum fyrrgreindu hugmyndum um hvert hlutverk kynjanna er. Konurnar virðast hafa metnað fyrir öðru lífi og stefna á menntun og frama í framtíðinni. Möguleikar þeirra á þessum svæðum eru takmarkaðir, og þrátt fyrir að margar þeirra gætu vel hugsað sér að snúa aftur heim eftir að hafa aflað sér menntunar þá eru fá atvinnutækifæri í boði. Þá benda Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson (2005) á það að konur í dreifbýli eru bundnari heimilinu og störfum innan þess en kynsystur þeirra í þéttbýli. Þetta hefur áhrif á flutning þeirra úr dreifðari byggðum.

Vandamálið felst samkvæmt Dahlström (1996) einnig í því að smærri byggðarlög standa frammi fyrir því að það verður sífellt erfiðara fyrir karla sem þar búa að finna sér maka. Það hefur verið algengara að yngri konur flytji burt úr dreifbýlinu til stærri og fjölmennari staða og karlmennirnir verði eftir. Það

er þó ekki bara brottflutningur kvenna af svæðunum sem virðist hafa áhrif á ójafnt kynjahlutfall heldur það að konur flytja í minni mæli til þessara fámennu byggðarlaga (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019).

Ástæður þess að konur flytja í meira mæli frá smærri byggðarlögum eru flókin blanda af mörgum mismunandi þáttum sem tengjast litlu eða engu framboði á menntun og skorti á atvinnutækifærum þar sem atvinnuhættir landsbyggðanna einkennast oft af atvinnu fyrir ómenntaða karlmenn (Dahlström, 1996; Williamson o.fl., 2004).

2.2.1 Karllæg og kvenlæg samfélög

Hofstede, Hofstede og Minkov (2010) tala um að samfélög séu annað hvort karllæg eða kvenlæg og er þá skilmerkilega greint á milli kynjanna. Þegar Hofstede og félagar gerðu rannsókn sína voru þau sérkenni sem skilgreind eru sem karllæg algengari hjá karlmönnum og þau sem skilgreind voru sem kvenlæg algengari hjá konum. Þeir sýndu þá fram á að konur sem búa í karllægum samfélögum eru karllægari en karlmenn sem búa í kvenlægum samfélögum. Hofstede og félagar (2010) tala einnig um ólíka nálgun einstaklinga innan þessara samfélaga að lífinu, en samkvæmt þeim vinna einstaklingar í kvenlægum samfélögum til að lifa en einstaklingar í karllægum samfélögum lifa til að vinna.

Störf tengd sjávariðnaði eru sterklega tengd karlmönnum og má telja þau karllæg, þar sem hugmyndin um þá vinnu hefur mikil táknræn tengsl við hugmyndir okkar um karlmennsku eins og líkamlegt þrek, mikla vinnu og oft á tíðum mikla fjarveru frá heimilinu. Dahlström (1996) bendir á að dreifbýlið sé karllægt að því leyti að fyrirmyndir og gildi samfélagsins og atvinnuhættir hafi hingað til verið meira tengd við karlmenn, auðsjáanlegri og hærra metin. Þá er einna helst átt við hin hefðbundnu störf í frumatvinnugreinunum tengdum

sjávarútvegi og landbúnaði. Þéttbýli eru þá frekar skilgreind sem kvenlæg samfélög þar sem atvinnuhættir snúa meira að þjónustustörfum og hinum hefðbundnu kvennastörfum (Dahlström, 1996). Í öllum samfélögum má finna ákveðnar hugmyndir um hvað það er að vera karlmaður eða kona, hvað heyrir undir verkvið og skyldur kynjanna og hvernig kynin eiga að líta út og haga sér (Dahlström, 1996).

Til að stuðla að eflingu byggðar er nauðsynlegt að styrkja stöðu kvenna í smærri byggðarlögum. Innan sjávarbyggða ætti að gera það með því að auka við þátttöku kvenna umfram aðstoð við störf karlanna við framleiðslu í dreifingu og markaðssetningu. Konur þurfa að nýta alla möguleika til að styrkja eigin stöðu (Dekens og Voora, 2014).

2.2.2 Menntun og atvinna

Það hefur lengi verið bent á versnandi stöðu kvenna í dreifbýli, bæði í greinargerðum Byggðastofnunar (2012) og byggðaáætlunum sem settar eru fram í þeim tilgangi að auka jafnrétti og styrkja stöðu kvenna. Þá er það tekið fram að konur eru líklegri til að hafa sótt sér framhaldsmenntun en karlar (Sigurður Snævarr, 2015). Einhæfir atvinnuhættir og lægri laun á landsbyggðunum gera menntuðum konum erfitt að velja sér búsetu þar (Anna Kristín Gunnarsdóttir, 2009).

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Vífils Karlssonar og Grétars Þórs Eypórssonar (2009) vega fjölbreytt atvinnutækifæri þungt þegar kemur að viðhorfi fólks til búsetuþátta. Þá bentu þeir að auki á að þegar kemur að því að velja búsetu þá virðist góð umgjörð um fjölskyldur hafa áhrif á búferlaflutninga, þ.e. að góðir skólar séu til staðar og að börnin hafi tækifæri til að alast upp í barnvænu umhverfi með greiðan aðgang að tómstundum og íþróttum.

Samkvæmt Detang-Dessandre og Molho (2000) eru konur sem hafa sótt sér framhaldsmenntun líklegri til að flytja búferlum en karlar með sama menntunarstig. Þá sýna þeir fram á að það eru sterkari tengsl hjá karlmönnum við atvinnu og að sama skapi eru tengsl kvenna við heimili sterkari og því hafa breytingar á atvinnuháttum og vinnuumhverfi meiri áhrif á vilja karlanna til að flytja en kvenna. Þetta ýtir undir mikilvægi fjölbreyttra atvinnuhátta í smærri byggðarlögum, líkt og í Grímsey. Samkvæmt Kurtz-Cotes, Copping, Rowley og Kinlaw (2014) velja einstaklingar sér nám og seinna starf sem telst hefðbundið fyrir þeirra kyn og þannig viðhaldast staðalímyndir starfa.

Rye (2006) sýndi einnig fram á að vinnumarkaður þyrfti að höfða til beggja kynja upp á að jafnvægi kynja í byggðunum héldist. Atvinna vegur hvað þyngst þegar kemur að búsetuvali fólks. Þá sýndi rannsókn Rye (2006) fram á hvernig einstaklingar meta ávinning af því að flytja búsetu milli svæða út frá eigin hagsmunum en ekki út frá hagsmunum samfélagsins í heild. Þá upplifir einstaklingurinn að með flutningi styrkist efnahags- og samfélagsleg staða hans persónulega (Rye, 2006).

Rannsókn Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur (2004) bendir á hvernig veruleikinn er oft kynjaskiptur og hvernig sú tvískipting er réttlætt út frá staðalímyndum kynjanna. Verkaskipting er þá mjög skýr, karlar eru sterkir, vinna úti og hafa völdin og konur styðja þá í þeirra iðju og sinna heimili og börnum af hlýju og alúð. Þá er atvinnuþátttaka kvenna í sjávarútvegi nær engin nema í gegnum karla, oft sem launalaus aðstoð maka í útgerð svo tekjurnar haldist innan fjölskyldunnar (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2004). Þá benda þær Hulda Proppé og Unnur Dís Skaptadóttir (2005) á að sjálfsmynd kvenna í sjávarbyggðum speglit í hlutverki þeirra sem uppalandur, eiginkonur og húsmæður. Sjálfsmynd karla speglit hins vegar frekar í vinnuhörku og mikilli fjarveru frá heimilinu.

Samkvæmt Hagstofu Íslands (2020) er atvinnuþátttaka karla og kvenna á og utan höfuðborgarsvæðisins mjög sambærileg. Árið 2019 var atvinnuþátttaka karla á höfuðborgarsvæðinu í kringum 82% og utan höfuðborgarsvæðisins rúmlega 81%. Þá var atvinnuþátttaka kvenna á höfuðborgarsvæðinu í kringum 77% og utan þess rúmlega 76%. Þó er marktækur munur á þátttöku milli aldursbila en mest atvinnuþátttaka hjá báðum kynjum er á aldrinum 25-54 ára. Hins vegar er vert að minnast á það að óleiðréttur launamunur kynjanna var rúm 15% árið 2017 og voru háskólamenntaðar konur með tæplega 72% af meðalatvinnutekjum karla með sömu menntun á meðan tekjur kvenna með framhaldsskólamenntun voru tæplega 65% af meðaltekjum karla (Hagstofa Íslands, 2019).

Það hafa þó orðið breytingar á efnahags- og félagslegri stöðu kvenna síðustu ár og margar þeirra eru til hins betra og veita konum aukna möguleika á að efla hæfileika sína og getu (Molyneux og Razavi, 2005).

Kynin vinna yfirleitt ekki sömu störf eða starfa innan sömu atvinnugreina (Walby, 1997) og íslenski vinnumarkaðurinn er þar engin undantekning (Elín Gróa Karlsdóttir, 2012). Talað er um kynjaskiptingu á vinnumarkaði sem bæði lóðrétt og lárétta. Lárétt skipting á við um það að kynin gegni ólíkum störfum og að kynjaskipting milli starfsgreina sé áberandi en lóðrétt skipting á við um launamun kynjanna, vísar til ójafnaðar kynjanna á vinnumarkaði og að karlmenn eru töluvert fjölmennari í áhrifastörfum innan fyrirtækja og stofnana en konur (Katrín Ólafsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir, 2015).

Árið 2010 sinntu konur utan höfuðborgarsvæðisins þjónustustörfum í yfirgnæfandi meirihluta, eða 82,6% af starfandi konum í samanburði við 44,1% starfandi karla (Elín Gróa Karlsdóttir, 2012).

Í kjölfar iðnvæðingarinnar á 20. öld óx umfang þjónustustarfa töluvert en undir þau heyra fjölmörg störf sem hingað til hafa verið skilgreind sem hefðbundin kvennastörf. Þar á meðal verslun og þjónusta ásamt almennum skrifstofu-, umönnunar- og kennslustörfum sem hafa í auknum mæli færst út af heimilunum. Hin hefðbundnu karlastörf samanstanda frekar af sérhæfðari störfum sem gefa meiri möguleika á lóðréttum hreyfanleika eins og hærra launum. Þó hefur konum fjölgað töluvert í sérfræðingastéttum þar sem menntunarkröfur eru miklar (Sigurður Snævarr, 2015). Sigurður Snævarr (2015) benti einnig á að vinnumarkaðurinn væri enn mjög kynbundinn sem viðheldur launamuni karla og kvenna. Árið 2015 voru konur einungis um 22% starfsmanna í landbúnaði og sjávarútvegi. Konur eru hins vegar í miklum meirihluta þeirra sem sinna þjónustu- og umönnunarstörfum þar sem minni möguleikar eru á launa- og stöðuhækkunum (þingskjal nr. 701/2015–2016). Það er einnig mikill munur á fjölda karla og kvenna í stjórnunarstöðum og má telja það til veikleika samfélaganna og hamlandi fyrir þróun þeirra. Einmitt þess vegna eru jafnréttismál mikilvægur hluti byggðapróunaraðgerða (Byggðastofnun, 2020).

2.2.3 Staða á heimilum og samskipti kynjanna

Árið 1976 voru fyrstu almennu lögum um jafnrétti kvenna og karla sett hér á landi með það markmið að stuðla að jafnrétti kynjanna í hvívetna. Lögum var ætlað að jafna hlut kvenna og þá sérstaklega þar sem á þær hallar ásamt því að styrkja karla þar sem það þarf (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Þá er mikilvægt að gera báðum kynjum mögulegt að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og skulu atvinnurekendur gæta að því að það reynist báðum kynjum fært. Til að þetta geti orðið er mikilvægt að gæta að því að konur eigi jafna hlutdeild í allri ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

Dorothy E. Smith (2007) benti á að það væri samfélagslegt vandamál að öll umræða væri byggð utan um veruleika karlmannna sem hefðu alla tíð verið í ráðandi hlutverki. Þá benti Sylvia Walby (1990) á að hvað varðaði launuð störf hefðu karlmenn í gegnum tíðina yfirleitt haft betri störf en konur og að störf kvenna innan veggja heimilisins væru alvarlega vanmetin.

Chant og Gutman (2006) vísa til breyttra kynjahlutverka og benda á nauðsyn þess að karlar og konur séu virkir þátttakendur í verkum innan sem utan veggja heimilisins. Þá getur sjálfssálit karla veikst töluvert ef ekki er lengur litið til þeirra sem meginfyrirvinnu heimilisins. Laoire (2001) sýndi fram á að þeir karlmenn sem eftir verða í smærri byggðum eru gjarnan sterkir og karlmannlegir. Þeir karlar sem ákveða að fara eru oft þeir sem hreinlega finna ekki sinn stað í samfélaginu. Sú atvinna sem er í boði á ekki við þá og þeir finna ekki tólmstundir eða afþreyingu við sitt hæfi. Konurnar flytja á brott til að sækja sér frekari menntun, sækja atvinnu eða jafnvel að fylgja brottfluttum börnum sínum. Konur gegna mikilvægu hlutverki í að viðhalda þessum smærri byggðarlögum. Fyrir utan þá vinnu sem þær sinna utan veggja heimilisins eiga þær stóran þátt í að viðhalda fjölskyldum og þar af leiðandi samfélaginu í heild. Þrátt fyrir það viðurkenna færstar þróunaraðgerðir (e. rural development strategies) framlag kvenna og hlutverk þeirra.

2.2.4 Kynjasambætting í byggðarþróun

Efling byggðar stefnir að því að bæta líf skjör og styrkja búsetu þeirra sem í dreifbýli búa. Hugtakið *byggðapróun* (e. rural development) hefur oftast en ekki verið tengt landbúnaði en hefur færst nær því sem kallast sambætt byggðapróun (e. integrated rural development, IRD) með nýrri byggðapróunarstefnu (Kostov og Lingard, 2004). Hugtakið *dreifbýli* (e. rural) hefur yfirleitt verið skilgreint með tilliti til landfræðilegra eiginleika og einblínir á einstök svæði sem eru oft afskekkt og treysta á hefðbundna atvinnuhætti til

lífsviðurværis, eins og fiskveiðar og landbúnað (The Food and Agricultural Organization, 2010).

Jákvæð byggðaþróun felur í sér aukna velmegun sem bætir líf íbúa og þýðir aukið aðgengi að grunnþjónustu og fjölbreyttari atvinnuháttum. Neikvæð þróun byggða felur þá í sér fólksfækkun af ýmsum sökum, eins og til dæmis skorti á tækifærum til atvinnu og menntunar. Þegar rætt er um byggðaþróun eða uppbyggingu byggðar verður að taka aðkomu ríkis og almennrar stjórnýslu með í reikninginn. Byggðamál hafa oftar en ekki verið skilgreind sem atvinnumál og kjarni málsins hlýtur að vera sá að allar aðgerðir ríkisins hafa bein áhrif á byggðir í landinu.

Í fræðilegri umræðu um málefni kvenna er oft velt upp hugmyndum um vald, hver hefur það og hver beitir því. Samkvæmt Crew og Harrison (1998) er rétt að skoða hvernig þau valdatengsl eru. Staða kynjanna er misjöfn eftir samfélögum og mótast að mestu af félagslegum þáttum en ekki líffræðilegum (Anderson og Hysock, 2009).

Eins og nafn þeirra gefur til kynna treysta sjávarbyggðir Íslands að stærstum hluta á fiskveiðar og -vinnslu. Sjómennskan ber með sér ímynd karlmennskunnar, enda eru karlmenn í yfirgnæfandi meirihluta í slíkum störfum. Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu voru lögskráðir sjómenn 5.964 talsins árið 2014, og þar af voru karlar 5.802 en konur einungis 162 (Samgöngustofa, 2015). Samkvæmt Sigurjónu Hreindísi Sigurðardóttur (munnleg heimild, 18. mars 2020), deildarstjóra náms- og skírteinadeildar Samgöngustofu, hefur lögskráðum sjómönnum fækkað um rúmlega 38% frá 2014 og eru þeir nú 3.599 talsins. Þar af eru einungis 54 konur, sem er tæplega 67% fækkun frá 2014. Þessi þróun ýtir enn frekar undir þá hugmynd að sjávarútvegurinn sé atvinna fyrir karlmenn en í dag eru konur undir 2% starfandi sjómanna.

Bettina Bock (2004) bendir á að árangursrík efling byggðar veltir á því að virkja færni og hæfileika allra íbúa byggðarlaganna og koma til móts við ólíkar þarfir íbúanna. Þá eru tvær meginreglur nauðsynlegar til árangurs; samþætting í jafnrétti karla og kvenna í öllum þróunaraðgerðum og virk þátttaka allra við framkvæmd þeirra.

Þrátt fyrir sjáanlegan árangur ríkir enn kynjaójöfnuður og þrátt fyrir áratuga gamla löggjöf um jafnrétti kynjanna á Íslandi virðist kynferði enn hefta frelsi einstaklinga (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Þetta er þó ekki einungis bundið við Ísland því kynjaójöfnuður ríkir enn um allan heim og á það sérstaklega við í dreifbýli (Dekens og Voora, 2014). Þó hefur árangur Íslands í jafnréttismálum í alþjóðlegum samanburði verið góður en samkvæmt Gender Gap Index (World Economic Forum, 2020), var Ísland í fyrsta sæti allra þjóða þegar kom að jafnrétti kynjanna, tíunda árið í röð.

Byggðastofnun (2020) styðst við kynjasamþættingu í byggðaáætlun sinni og hefur bent á mikilvægi þess að samþætta krafta þeirra opinberu sjóða og stofnana sem þjóna fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum með áherslu á landsbyggðirnar. Kynjasamþætting felur í sér mat á áhrifum ákvarðana á konur og karla og hvort aðgerðir skili sér jafnt til beggja kynja. Markmiðið er einnig að fjölga fyrirtækjum í eigu kvenna (Byggðastofnun, 2011).

2.3 Stefnumótun og stjórnsýsla á Íslandi

Róbert Ragnarsson (2004) lýsir sveitarfélögum á þann veg að þau eigi ekki einungis að þjóna þörfum einstakra aðila á afmörkuðum svæðum, heldur hafi þau ákveðnum skyldum að gegna gagnvart íbúum. Árið 2003 hóf þáverandi félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, þjóðaráttak sem fól í sér endurskoðun á tekjum sveitarfélaga, tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og sérstakt áttak í sameiningu sveitarfélaga á Íslandi. Árið 2005 voru sveitarfélögin á Íslandi 97,

árið 2014 hafði þeim fækkað í 74 og í dag eru þau 72. (Stjórnarráð Íslands, 2014). Ferlið við að sameina sveitarfélög er langt og flókið og felur í sér marga ólíka þætti. Þess vegna er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvert markmiðið með sameiningunni er og vinna að áætlun strax frá upphafi og þá er mikilvægt að allir hlutaðeigandi séu meðvitaðir um alla þætti samrunans.

Settar hafa verið fram áætlanir um byggðaþróun sem miða að því að styrkja samkeppnisstöðu með því að samþætta ýmsar áætlanir þar sem aðild og þátttaka íbúa byggðarlaganna er undirstrikuð og stöðugt meiri áhersla lögð á staðbundin sérkenni svæðanna, menningu þeirra og náttúru (Árni Ragnarsson, 2015).

2.3.1 Byggðastefna á Íslandi

Samkvæmt Byggðastofnun (2020) ræðst byggð af framleiðslu- og samfélagsháttum. Hér áður fyrr þéttist byggð og myndaðist við fjölfarin vegamót og við hafnir þar sem samgöngur voru góðar. Á Íslandi myndaðist vísir að þéttbýli við biskupsstólana í Skálholti og á Hólum. Seinna þéttist byggð við fiskihafnir og verslunarstaði en borgarmyndun eflidist með iðnvæðingunni á 20. öld. Þangað sóttu vaxandi atvinnugreinar á sama tíma og landbúnaðarhéruð urðu veikari. Vaxtarhraði borganna jókst og fólk flutti í meira mæli frá dreifbýlli svæðum til þéttbýlis og þar með varð atvinnuleysi meira á sama tíma og starfsemi fyrirtækja veiktist (Byggðastofnun, 2020).

Það var í kjölfar fyrrnefndra fólksflutninga sem íslensk stjórnvöld mótuðu byggðastefnu og hefur miklum fjármunum verið varið í byggðaaðgerðir og stefnur í byggðamálum. Tilgangurinn með slíkum aðgerðum er að efla byggðir og tryggja dreifbýlum byggðasvæðum jöfn lífsgæði og grunnþjónustu (Byggðastofnun, 2020). Byggðaáætlanir eru mikilvæg verkfæri fyrir stjórnvöld til að geta haft áhrif á þróun stefnu í byggðamálum fyrir einstök svæði. Með

þeim er hægt að bregðast við neikvæðri þróun byggða með skýrri stefnu sem hefur það markmið að jafna aðgang að grunnþjónustu og atvinnutækifærum og bæta velmegun íbúa um allt land. Byggðaáætlanir hafa það að auki að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga, og er þá sérstök áhersla lögð á þau svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi eða einhæft atvinnulíf (Stjórnarráð Íslands, 2018).

Meginmarkmið stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018–2024 eru jafnt aðgengi að þjónustu sem og jöfn tækifæri til atvinnu. Í þessu felst auðvitað að bæta þarf innviði Íslands, eins og til dæmis fjarskipti, samgöngur og öryggi í raforkumálum. Til að stuðla að sjálfbærri þróun byggða þurfa sveitarfélögin að bjóða upp á gott aðgengi að menntun, fjölbreytt atvinnulíf og öfluga starfsemi í menningarmálum og afþreyingu (Þingskjal nr. 1242/2017–2018).

Sóknaráætlanir landshluta er verkefni sem landshlutarnir átta hafa verið að þróa síðan árið 2011. Þar kemur fram stöðumat viðkomandi landshluta og unnin er þróunaráætlun út frá framtíðarsýn hvers landshluta með ákveðnum markmiðum og aðgerðum. Markmið verkefnisins er að landshlutarnir taki meiri ábyrgð á því hvernig fjármagni ríkisins er varið til byggðamála og samfélagsþróunar innan hvers svæðis (Stjórnarráð Íslands, 2020).

Þóroddur Bjarnason og Jón Þorvaldur Heiðarsson (2013) benda á að það sé eðlilegt að opinber þjónusta sé tiltölulega kostnaðarsamari á landsbyggðinni þar sem það kostar meira að viðhalda skólastarfi, heilbrigðisþjónustu og samgöngum þegar það eru færri sem nýta sér þjónustuna. Þeir bentu einnig á að grundvöllur velferðarríkis sé sá að allir landsmenn eigi að hafa aðgang að þeirri þjónustu sem þarf og að veita þurfi þjónustu eftir getu (Þóroddur Bjarnason og Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2013).

Í byggðaáætlun 2018–2024 er verkefnismarkmið að náttúruvernd stuðli að eflingu byggðar þar sem greind verða tækifæri og ávinningur í heimabyggð af þjónustu eins og náttúrutengdri ferðaþjónustu (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, 2018).

2.3.2 Kvótakerfið og byggðakvóti

Ágúst Einarsson (2016) bendir á það hve mikið sjávarútvegurinn hefur breyst á fáum árum, en langt fram á tuttugustu öldina töldu menn að fiskistofnar myndu sífellt endurnýja sig og ekki var talin þörf á skipulagningu veiða. Það er hins vegar þannig að ef veiðum er ekki stýrt gætu ákveðnir fiskistofnar hrunið (Ágúst Einarsson, 2016). Fiskveiðistjórnun er forsenda sjálfbærrar nýtingar auðlinda og ferli umræddrar stjórnunar hefur margvísleg áhrif á öryggi og framtíð íslensk samfélags (Þóroddur Bjarnason, 2012). Þrátt fyrir að fiskveiðistjórnunarkerfið geti hámarkað hlut einstaklinga, fyrirtækja og samfélaga getur það á sama hátt auðveldlega hamlað hlut annarra. Það má því ítreka mikilvægi þess að löggjöf um útdeilingu kvóta, sem hefur jafn víðtæk áhrif á lífsviðurværi manna og raun ber vitni, taki hagsmuni samfélaga með í reikninginn (Þóroddur Bjarnason, 2012).

Í kjölfar endurskoðunar á kvótakerfinu árið 1990 var lögum um fiskveiðistjórn breytt og voru helstu breytingarnar þær að framsal kvóta á milli skipa var leyft og sömuleiðis leiga og sala á aflaheimildum (lög um stjórn fiskveiða nr. 28/1990). Kvótanum var dreift til útgerðarmanna og með auknum breytingum á fiskveiðilögnum gátu þeir keypt og selt kvóta sem gerði það að verkum að hægt var að dreifa kvótanum í minna magni til svæða sem treysta á fiskveiðar ásamt því að einstaklingar gátu selt sinn kvóta til annarra byggða (Helgi Grétarson, 2011).

Frjálst framsal aflaheimilda er því ekki nýtt af nálinni og hefur það ferli haft misgóð áhrif á þróun einstakra byggða. Það hefur verið viðvarandi gagnrýni á fiskveiðistjórnunarkerfið í gegnum árin, því með sölu útgerða af hendi eigenda skipa sem leysa út söluhagnaðinn við sölu á sér stað gríðarleg eignasöfnun fárra einstaklinga (Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002).

Þessar breytingar á fiskveiðistjórnuninni einfölduðu á vissan hátt málin fyrir þá sem vildu hefja útgerð, því að samkvæmt fyrri lögum um fiskveiðistjórnun skyldi kvótinn fylgja skipi með veiðileyfi, en nú gátu þeir sem vildu fara í útgerð orðið sér úti um skip með veiðileyfi ásamt því að fá kvóta í nýja aflamarkskerfinu. Þegar löggin voru endurskoðuð árið 2006 var enn unnið út frá því að takmarka þyrfti heildarafla en þá var að auki prósentu af heildarafla úthlutað sem aflahlutdeild. Forsenda þess að hefja útgerð var því orðin sú að eiga kvóta og verðmæti kvótans jókst einungis með árunum. Þá er mikilvægt að horfa til þeirra möguleika sem útgerðir stóðu skyndilega frammi fyrir, að geta sameinað aflaheimildir á einstök skip og hinu frjálsa framsali aflaheimilda var ætlað að auka hagræðingu í greininni (lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006).

Þessar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu höfðu hins vegar þær afleiðingar að aukin skuldsetning varð í útgerðum og skuldir sjávarútvegsins hækkuðu um 400 milljarða frá 1997 til 2008 (Jón Þorvaldur Heiðarsson, Stefán B. Gunnlaugsson og Ögmundur Knútsson, 2010). Árið 2007 voru breytingar á fiskveiðilögum samþykktar í tilraun til að jafna stöðu byggða þegar kom að aflaheimildum. Markmiðið var að tryggja byggð og atvinnu á landsbyggðinni ásamt því að stuðla að hagkvæmri nýtingu fiskistofna (lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006).

Byggðakvóti skiptist í almennan og sértækan byggðakvóta. Almennur byggðakvóti er skilgreindur í 10. gr. laga um stjórn fiskveiða (nr. 116/2006) og

er ætlaður til minni byggðarlaga sem hafa lent í samdrætti í sjávarútvegi og eru háð veiðum eða til byggða þar sem óvænt skerðing aflaheimilda hefur haft áhrif á atvinnu í byggðarlögunum. Sértekur byggðakvóti er skilgreindur í 10. gr. a í lögum um stjórn fiskveiða (nr. 116/2006) og er ætlað að styðja byggðir í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi (reglugerð um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2019/2020 nr. 675/2019). Þá er horft til þess hvort íbúar byggðarinnar séu færri en 400, og hafi fækkað síðasta áratuginn. Við val á byggðarlögum sem hljóta sértækan byggðakvóta er einnig horft til þess hvert hlutfall starfa við sjávarútveg í byggðinni sé, en það þarf að telja að minnsta kosti 20% allra starfa. Þá skiptir einnig máli hvort stjórn Byggðastofnunar telji að aflamark Byggðastofnunar muni skipta sköpum fyrir framtíð byggðarlagsins. Heimilt er að ráðstafa aflaheimildum samkvæmt þessum lið til allt að þriggja ára í senn (reglugerð um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2019/2020 nr. 675/2019). Árið 2020 hafði aflamarkið lækkað í því sem nemur 5.374 þorskígildislestum af botnfiski en ráðstöfun var að öðru leyti með sama hætti. Minni byggðarlög eru þá skilgreind sem slík séu þau með færri en 2.000 íbúa, miðað við 1. janúar 2015.

Í 8. gr. laga um stjórn fiskveiða (nr. 116/2006) er gert ráð fyrir því að 5,3% aflamagns í hverri tegund sé ráðstafað sérstaklega. Á vordögum 2019 skipaði Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, starfshóp sem fékk það hlutverk að endurskoða meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda sem tekin eru til hliðar með það að markmiði að styrkja byggðir í landinu og efla atvinnu (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2020). Starfshópurinn benti á mikilvægi þess að atvinnu- og byggðakvótar stuðluðu að frekari byggðafestu með meiri sveigjanleika í ráðstöfun aflaheimilda til að koma til móts við fjölbreyttar aðstæður í hverri byggð og að fjölbreyttum lausnum við þeim vanda sem

dreifðar sjávarbyggðir standa frammi fyrir hverju sinni. Þá var starfshópurinn að auki sammála um að stuðla ætti að fjölbreytni og tækifærum til nýliðunar í sjávarútvegi (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2020).

2.3.3 Samgönguáætlun og samgöngustefna

Samkvæmt stefnumótandi byggðaáætlun 2014–2017 er markmiðið að efla atvinnu- og þjónustusvæði í samræmi við samgönguáætlun (Árni Ragnarsson, 2014). Markmið og áherslur í þingsáætlun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024 snúa að því að jafna aðgengi að þjónustu, jafna tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun um allt land. Þá er stefnt að því að halda verslun í dreifbýli sem er fjarri stórum þjónustukjörnum og móta reglur um niðurgreiðslu fargjalda (þingskjal nr. 1242/2017–2018).

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, óskaði eftir því árið 2018 að starfshópur ráðuneytisins skoðaði skipulag á innanlandsflugi samkvæmt áherslum ríkisstjórnarinnar með tilliti til jafns aðgengis og jákvæðrar þróunar byggða (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, 2018). Starfshópurinn lagði til að farmiðar íbúa með lögheimili á tilgreindum svæðum á landsbyggðinni yrðu niðurgreiddir um 50% og í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá 30. nóvember 2017 segir „að unnið verði að því að gera innanlandsflugið að hagkvæmum kosti fyrir íbúa landsbyggðanna“ (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, 2018). Það er skýrt að fyrir byggð sem er háð sjó- og flugsamgöngum með alla þjónustu er aðkoma ríkis að samgöngum með hætti eins og þessum afar mikilvæg.

Samgönguáætlun er mikilvægur þáttur í samþættri stefnu í samgöngu-, fjarskipta- og byggðamálum. Samkvæmt Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti Íslands (þingskjal nr. 928/2018-2019) er framtíðarsýn samgönguáætlunar 2019-2033 sú að samgöngur og fjarskipti mæti þörfum

samfélagsins og að byggðir landsins verði sjálfbærar. Þá snýr markmið 2.5 í samgönguáætlun enn fremur að jákvæðri byggðapróun þar sem leitast verður við að styrkja samgöngur þannig að sem flestir landsmenn geti sótt nauðsynlega opinbera þjónustu á sem stystum tíma (þingskjal nr. 928/2018-2019).

Í samgönguáætlun 2019-2033 teljast til grunnnets samgangna allir áætlunarflugvellir, helstu flugleiðir og helstu hafnir, ferju og siglingarleiðir. Meðal þeirra flugvalla og hafna sem skulu vera í grunnnetinu eru flugvöllurinn í Grímsey og Grímseyjarhöfn (þingskjal nr. 928/2018-2019). Ferjuleið Grímsey-Dalvík er einnig hluti af grunnnetinu. Brýnt er að samgönguáætlanir þjóni öllum landshlutum og að stefnumótun í samgöngumálum taki mið af þróun ferðaþjónustu.

2.3.4 Jafnréttismál og jafnréttisstefna

Jafnréttislögin hafa það markmið að jafna stöðu kvenna og karla og viðhalda jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Þá er einnig kveðið á um að gæta þurfi að kynjasambættingu við stefnumótun og áætlanagerð í jafnréttislögum (lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008). Það er því mikilvægt að setja jafnréttismál í forgang til að sporna við neikvæðri byggðapróun. Framboð atvinnu og náms í dreifbýli, aðgengi að grunnþjónustu og sambætting milli vinnu og heimilis eru nauðsynlegir þættir til að tryggja jöfn tækifæri kynjanna utan þéttbýlis.

Til að stemma stigu við neikvæðri byggðapróun er mikilvægt að ráðast í stuðningsaðgerðir í þágu kvenna. Þar sem atvinnutækifæri fyrir konur í dreifbýli eru ekki á hverju strái er sjálfstæður atvinnurekstur ein lausn. Í rannsókn Byggðastofnunar frá árinu 2005 voru þátttakendur spurðir hvort þeir teldu nauðsynlegt að gera breytingar á stoðkerfinu til að styrkja konur í

atvinnurekstri og mikill meirihluti kvenna taldi mjög mikla eða mikla þörf á áherslubreytingum, á meðan einungis um helmingur karla var á sama máli (Sigríður Elín Þórðardóttir og Halldór V. Kristjánsson, 2005). Til að kraftur kvenna nýtist til eflingar efnahagslífsins í landsbyggðunum er mikilvægt að jafnræði ríki milli karla og kvenna.

Jafnréttisstofa (2001) bendir á að markmiðið með samþættingu sé að flétta kynjasjónarmið (e. gender perspective) inn í nýjar stefnur og opinberar ákvarðanir ríkisins. Samþætting ber því með sér ákveðin jafnréttissjónarmið, þannig að afstaða sé tekin til kynja- og jafnréttisviðhorfa við uppbyggingu. Þó verður pólitískur vilji að vera til staðar ef notast á við samþættingaraðferðina.

2.3.5 Byggðastofnun og brothættar byggðir

Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni ásamt því að vera leiðandi í stefnumótun og framkvæmd byggðamála. Þá leitast stofnunin við að efla búsetuþætti og samþætta kynjasjónarmið og ræðst þar í aðgerðir sem snúa meðal annars að því að efla atvinnustarfsemi kvenna og leggja sérstaka áherslu á aðgerðir til að bæta stöðu kvenna og ungs fólks á landsbyggðinni (Byggðastofnun, 2010).

Árið 2012 fór Byggðastofnun af stað með tilraunaverkefnið Brothættar byggðir þar sem markmiðið var að sporna við langvarandi byggðaröskun og einhæfu atvinnulífi í fámennum byggðarlögum í dreifbýli (Reglugerð um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2019/2020 nr. 675/2019). Fyrstu byggðirnar komu inn í verkefnið sjálf árið 2013 og fyrstu samningar um útdeilingu byggðakvóta Byggðastofnunar voru gerðar fiskveiðiárið 2013–2014.

Þær þrjár byggðir sem voru fyrstar inn í verkefnið voru Suðureyri, Drangnes og Raufarhöfn og byggðakvóti þessara staða hefur tryggt stöðuga fiskvinnslu á þeim öllum (þingskjal nr. 1341/2014–2015).

Tafla 1. Mannfjöldi eftir þéttbýlisstöðum, kyni og aldri 2011–2019 (Hagstofa Íslands, 2020). Valdir þéttbýlisstaðir.

	2012 Alls	2013 Alls	2014 Alls	2015 Alls	2016 Alls	2017 Alls	2018 Alls	2019 Alls
Suðureyri	269	264	271	278	268	252	257	264
Drangnes	72	69	71	83	73	76	77	72
Raufarhöfn	185	169	166	183	189	173	186	168
Grímsey	76	76	77	76	66	67	61	61

Á töflu 1 má sjá að örlítill fólksfækkun hefur átt sér stað á Suðureyri síðustu ár, eða um tæplega 1,9% síðan ráðist var í byggðaaðgerðir á svæðinu. Athyglisvert er að sjá að skömmu eftir að verkefnið Brothættar byggðir hófst varð rúmlega 3,3% mannfjöldaaukning. Þróun byggðar á Drangnesi hefur haldist nær óbreytt síðan ráðist var í aðgerðir sem sporna áttu við neikvæðri byggðapróun. Rétt eins og á Suðureyri varð mannfjöldaaukning á Drangnesi skömmu eftir að verkefnið hófst, eða um ríflega 15%. Í dag eru íbúar jafn margir og fyrir inngríp Byggðastofnunar. Þá má sjá á Raufarhöfn að frá árinu 2012 hefur íbúum fækkað um rúmlega 9%, þrátt fyrir aðgerðir. Þar hefur fjöldi íbúa ekki aukist meira en sem nemur um 2% þegar mest var, árið 2016. Í júní 2015 samþykkti Byggðastofnun umsókn Grímseyinga í verkefni Brothættra byggða. Frá því að Grímsey gekk inn í verkefnið Brothættar byggðir árið 2015 hefur orðið tæplega 20% fækkun á skráðum íbúum í eygni. Þó er ástæða þeirrar fólksfækkunar margþætt og snýr einnig að samfélagslegum þáttum sem snerta íbúa eyjunnar persónulega.

3 Grímsey

3.1 Landfræði og 800 ára saga

Grímsey, sem er 5,5 kílómetrar að lengd, er rúmlega 40 kílómetra frá landi og Norðurheimskautsbaugur liggur þvert yfir hana (Helgi Daníelsson, 2003). Grímseyjarhreppur var sjálfstætt sveitarfélag allt til ársins 2009 þegar samþykkt var með yfirgnæfandi meirihluta að hreppurinn sameinaðist Akureyrarbæ. Mikill meirihluti fjölskyldna á eyinni byggir afkomu sína og lífsviðurværi á sjávarútvegi, en að auki eru þar veitingastaður, verslun, tvö gistiheimili, gallerí, sundlaug, bókasafn, pósthús og flugvöllur sem konur eyjarinnar sjá að mestu um að þjónusta.

Ferðaþjónusta í Grímsey er orðin mun sterkari atvinnugrein en áður og samkvæmt mælaborði ferðaþjónustunnar hefur komum skemmtiferðaskipa til Grímseyjar fjölgað úr 9 skipum árið 2016 í 29 skip árið 2019, sem nemur rúmlega 200% aukningu (Ferðamálastofa Íslands, 2020). Samkvæmt Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu (2019) hefur fjöldi farþega sem nýta sér flugsamgöngur til Grímseyjar lítið breyst frá árinu 2012, heldur haldist um og í kringum 2000 einstaklinga. Þá gengur ferjan Sæfari að auki á milli lands og eyjar og hefur töluverða yfirburði umfram flugsamgöngur hvað varðar val farþega á ferðamáta þangað. Flugsamgöngur telja um 20% af heildarfjölda þeirra sem nýta sér almenningssamgöngur til Grímseyjar (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti Íslands, 2019). Það þýðir að um 80% af þeim sem ferðast til Grímseyjar með almenningssamgöngum nýta ferjuna Sæfara, en ferjan tekur rúmlega hundrað farþega. Það er oft flókið að taka á samgöngum utan þéttbýlis en sérstaða Grímseyjar sýnir ótvírátt fram á hve mikilvæg vel

mótuð samgöngustefna er fyrir byggðina ef raunveruleg uppbygging á að eiga sér stað.

Langflestir ferðamannanna sem ferðast til Grímseyjar staldra einungis við í einn dag en eru ekki yfir nótt og því verður ekki mikið fjármagn eftir í eygni. Það kann að vera að stórum hluta vegna þess hvernig ferjan Sæfari gengur milli lands og eyju en samgöngur eru stór hluti þess vandamáls sem íbúar eyjarinnar standa frammi fyrir og vegur sá hluti þungt þegar búsetuánægja íbúa er metin.

Staðsetning Grímseyjar krefst þess að ferðamenn ferðist með ferju í rúmar þrjár klukkustundir eða fljúgi frá Akureyri, en flugfarmiði fyrir einn aðra leið kostar tíu þúsund krónur.

Árið 2015 gekk ferjan þrjá virka daga í viku en ekki um helgar. Árið 2020 gengur ferjan fjóra virka daga yfir vetrarmánuðina og fimm daga yfir sumarmánuðina (Samskip, 2020). Árið 2015 kostaði stök ferð með Sæfara til eða frá Grímsey tæpar fimm þúsund krónur og Akureyrarbær tók ekki þátt í að niðurgreiða fargjaldið, þrátt fyrir óskir íbúa Grímseyjar. Þáverandi bæjarstjóri á Akureyri, Eiríkur Björn Björgvinsson (munnleg heimild, 16. Mars 2015), skýrði málið á þann veg að þátttaka Akureyrarbæjar í niðurgreiðslu hefði einfaldlega ekki komið upp í samningaferli um sameiningu sveitarfélaganna. Árið 2020 hafði Samskip hins vegar lækkað fargjaldið niður í þrjú þúsund og fimmm hundruð krónur.

3.2 Þróun sjávarútvegs og kvótakerfið

Helsta atvinnugrein Grímseyinga er sjávarútvegur og fiskvinnsla auk þess sem ferðaþjónusta er orðin vaxandi þáttur í efnahag eyjarinnar. Það virðist ríkja almenn sátt um nauðsyn þess að vernda fiskistofna, arðsemi fyrirtækja og auðlindaskattinn en á sama tíma eru hagsmunir sjávarbyggða ekki tryggðir (Þóroddur Bjarnason, 2012).

Árið 2015 voru 24 skip eða bátar skráðir í Grímsey, þar af fjórtán sem fengu byggðakvóta frá ríkinu. Af þeim töldust þrjú til skips með aflamarki og ellefu til krókaaflamarksbáta. Tíu bátar voru ekki flokkaðir (Fiskistofa, 2016). Árið 2020 hafði skipunum fækkað um eitt. Þrjú þeirra teljast þá til skipa með aflamarki, átta eru krókaaflamarksbátar og eitt flokkast sem smábátur með aflamark (Fiskistofa, 2020). Fiskveiðiárið 2014/2015 námu úthlutaðar aflaheimildir til Grímseyjar ígildi 2.929.683 tonna af fiski og af því voru um 80% þorskígildi. Þá fengu 578 skip úthlutun. Fiskistofa úthlutaði aflamarki fyrir fiskveiðiárið 2019/2020 að teknu tilliti til 5,3% frádráttar fyrir jöfnunaraðgerðir og fengu 466 skip úthlutun, þar af átta skip í Grímsey; þrjú með aflamarki, fimm krókaaflamarksbátar og einn smábátur með aflamarki. Úthlutaðar aflaheimildir til Grímseyjar nema ígildi 2.477.083 tonna af fiski og þar af eru rúmlega 70% þorskígildi (Fiskistofa, 2020). Árið 2020 voru það átta skip sem fengu úthlutun. Úthlutaðar aflaheimildir til Grímseyjar lækkuðu því um tæplega 15,5% frá fiskveiðiárinu 2014/2015 til fiskveiðiársins 2019/2020.

Í skýrslu starfshópsins um endurskoðun meðferðar og ráðstöfunar 5,3% aflaheimilda má sjá að um 24% alls atvinnu- og byggðakvóta frá fiskveiðiárinu 2009/2010 til fiskveiðiársins 2019–2020 hefur verið úthlutað á Norðurlandi eystra, og þar af hefur Grímsey verið úthlutað tæplega 2% (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2020).

3.3 Mannfjöldapróun

Árið 2019 var 61 íbúi með lögheimili í Grímsey, 31 karlmaður og 30 konur. Þar af eru 14 börn undir 18 ára (Hagstofa Íslands, 2019). Til samanburðar voru 76 einstaklingar skráðir með lögheimili í Grímsey árið 2012 (Hagstofa Íslands, 2020). Samkvæmt tölum frá Hagstofunni eru fjögur barnanna á leikskólaaldri, en samkvæmt upplýsingum frá íbúum er einungis eftir eitt barn á grunnskólaaldri. Veturinn 2019-2020 var hvorki starfræktur leikskóli né

grunnskóli í Grímsey. Í maí 2019 tók fræðsluráð Akureyrarbæjar ákvörðun um að fella niður skólahald við grunnskóla Grímseyjar skólaárið 2019–2020, þar sem ekki var gert ráð fyrir neinum börnum á grunnskólaaldri þann vetur (Þröstur Ernir Viðarsson, 2019). Þar sem grunnskóli Grímseyjar er einungis starfræktur út áttunda bekk flytjast börnin upp á land til að ljúka skólaskyldu og fylgja mæðurnar þeim í meira mæli nú í seinni tíð en áður þekktist.

3.4 Sameining við Akureyri

Þann 25. apríl 2009 var kosið um hvort Grímsey ætti að sameinast Akureyrarbæ. Sameiningin var samþykkt á Akureyri með 73,73% atkvæða og með 88% atkvæða í Grímsey. Af þeim 58 einstaklingum sem voru á kjörskrá í Grímsey greiddu 43 atkvæði, eða 74,13% (Kosningasaga, e.d.). Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur nú umsjón með öllum stjórnarsýslumálum Grímseyjar. Í Grímsey er einnig starfandi hverfisráð sem hefur það að meginmarkmiði að vera ráðgefandi um málefni eyjarinnar gagnvart bæjarstjórn Akureyrar. Á hverju ári eru þrjú fulltrúar kosnir í hverfisráð Grímseyjar á almennum borgarafundi og skilyrði fyrir setu í ráðinu er að nefndarmenn eigi lögheimili í Grímsey (Akureyrarbær, 2013).

3.5 Þátttaka í brothættum byggðum

Grímsey var tekin inn í verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir, ásamt því að ríkisstjórnin samþykkti á fundi 17. nóvember 2015 að grípa til samþættra aðgerða til að styðja við byggð í Grímsey (Styðja við byggð í Grímsey, 2015). Grímsey sótti um þátttöku í verkefninu í þeirri von að það myndi verða til þess að sú neikvæða byggðapróun sem svæðið stóð frammi fyrir þá myndi snúast til betri vegar.

Auglýst var eftir styrkumsóknum í byggðapróunarverkefnið *Glæðum Grímsey*, sem er nafnið sem verkefnið fékk undir Brothættum byggðum, og

hljóðaði úthlutun upp á 7.000.000 kr. Öll sjö verkefni sem sóttu um styrk fengu úthlutun (Byggðastofnun, 2018), bæði smærri fyrirtæki og einstaklingar.

3.6 Grímsey á tímamótum

Miklar breytingar áttu sér stað í Grímsey á árunum 2015-2020 sem höfðu víðtæk áhrif á búsetu þar. Verslunin lokaði en var síðan opnuð aftur, leik- og grunnskólanum var lokað, tvær útgerðir hættu rekstri og að auki var töluverður kvóti seldur á brott. Einnig komu upp erfið samfélagsmál sem höfðu djúpstæð áhrif á íbúa eyjarinnar og fluttu einhverjir upp á land vegna þess.

Árið 2015 var efnahagsleg staða Grímseyjar mjög slæm. Það var röð atvika sem áttu sér stað tímabilinu 2006 – 2008 sem stýrði stöðu Grímseyjar árið 2015. Árið 2006 hætti einn stærsti kvótaeigandinn í Grímsey útgerð og seldi aflaheimildir sínar. Þá voru aflaheimildir verðmetnar hátt og því afar arðvænt að selja þær og sömuleiðis verulega kostnaðarsamt að kaupa. Aðrir útgerðarmenn í Grímsey keyptu þær aflaheimildir og fleiri til, að mestu á lánum. Árið 2007 skertust heimildir til veiða á þorski um 60 þúsund tonn og gerði sú kvótakerðing það að verkum að mun færri tonn voru á bak við keypta aflahlutdeild (Fiskistofa, 2020). Ári síðar, árið 2008, dundi svo efnahagshrunið yfir og lánin, sem voru að stórum hluta í erlendri mynt, margfölduðust.

Árið 2007 var þáverandi sveitarstjóri Grímseyjar ákærður fyrir fjárdrátt í opinberu starfi og var ári síðar dæmdur í héraðsdómi (Fyrrum sveitarstjóri dæmdur í 18 mánaða fangelsi, 2008). Árið 2015 komu fram ásakanir um kynferðisbrot í Grímsey sem voru samfélaginu mjög erfið og höfðu áhrif á bæði kvótasölu og brottflutning úr eyjunni. Árið 2016 var Grímseyingum úthlutað 400 tonna kvóta sem þætti í aðgerðum til að styðja við byggð í eyinni (Guðni Einarsson, 2016). Fólu þær aðgerðir í sér mjög litlar skuldbindingar fyrir útgerðarmenn Grímseyjar. Hins vegar fór það ekki betur en svo að þremur

árum síðar, haustið 2019 seldu einstaklingar í Grímsey burt fleiri þúsund tonn af kvóta sem hafði víðtæk áhrif á bæði atvinnu og búsetu og frá haustinu 2019 hafa þrjár fjölskyldur flutt úr eyinni, bæði einstaklingar sem tengdust útgerðunum beint og aðrir íbúar. Þá missti fólk vinnuna, bæði þeir sem sóttu sjóinn og starfsmenn sem unnu við fiskvinnslu í Grímsey.

Staðan er einstök í Grímsey þar sem ekki er einungis um að ræða lítið samfélag fárra einstaklinga, heldur er að auki gríðarleg einangrun sem felst í búsetu þar. Það er því ekki óeðlilegt að félagsleg samkennd íbúa í jafn litlu samfélagi og Grímsey sé sterkari en annars staðar. Allar þessar breytingar og afleiðingar þeirra velta á ákvörðunum fárra einstaklinga í Grímsey. Einn tók ákvörðun um að selja kvóta úr eyinni og í kjölfarið misstu aðrir einstaklingar vinnuna og fluttu með fjölskyldu sína upp á land. Fjölskylda með börn á grunnskólaaldri flutti burt og því var grunnskólanum lokað. Allir þessir þættir skipta máli þegar spurt er hver sé ábyrgð einstaklinga í svona litlum samfélögum í að viðhalda byggð.

3.7 Rannsóknarspurningar rannsóknar

Tilgangur rannsóknarinnar er fyrst og fremst að kanna upplifun einstaklinga, sem eiga eða hafa átt búsetu í Grímsey til lengri eða skemmri tíma, af lífinu þar og hver þeirra framtíðarsýn á þróun byggðar er. Niðurstöðurnar verða settar í samhengi við byggðapróun í íslenskum sjávarbyggðum og skoðað hvort að slík greining geti varpað ljósi á möguleika í eflingu byggða. Samfélagsleg ábyrgð og upplifun einstaklinga af því að viðhalda byggð hefur verið lítið rannsökuð á Íslandi og bindur rannsakandi vonir við að niðurstöður geti að einhverju leyti verið nýtt innlegg í þá umræðu. Gögnum var safnað með viðtölum við íbúa, bæði núverandi og fyrrverandi, yfir fimm ára tímabil. Í samræmi við tilgang rannsóknarinnar voru greind ákveðin þemu úr niðurstöðum viðtala og verður

leitast við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- Hver er framtíðarsýn íbúa Grímseyjar fyrir þróun byggðar í Grímsey?
- Hver er samfélagsleg ábyrgð einstaklinga á byggðapróun svæða í vanda?
- Hvernig upplifa konur í Grímsey samfélagið?

4 Aðferð og gögn

4.1 Eigindleg rannsóknaraðferð

Í rannsóknum í félagsvísindum er aðferðafræðin grundvallaratriði og er þar helst notast við tvær meginrannsóknaraðferðir, meginlegar og eigindlegar. Eigindlegum rannsóknargögnum er aflað og þau greind á ákveðnum aðferðafræði- og fræðilegum forsendum og eru niðurstöður eigindlegra rannsókna yfirleitt settar fram í samfelldum texta. Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð í rannsóknum fela það í sér að gagna er aflað með samtölum, og hentar sú aðferð vel þegar skoða á reynslu, þekkingu eða viðhorf einstaklinga (Helga Jónsdóttir, 2013). Þessi rannsókn byggir á eigindlegri rannsóknaraðferð þar sem viðfangsefnið var ákveðið fyrir fram af rannsakanda en innihald og áherslur réðust að einhverju leyti í viðtalinu sjálfu. Í þessari rannsókn voru notuð hálfstöðluð (e. semi-structured) einstaklingsviðtöl. Rannsakandi studdist við opinn viðtalsramma og opna inngangsspurningu sem gaf viðmælendum kost á að tjá sig frjállega og á eigin forsendum um viðfangsefnið. Þá var samtalinu leyft að flæða og rannsóknarefnið rætt opið við viðmælendur svo innihald viðtalanna er því ekki fast mótað í upphafi samtals. Í viðtölum leitast rannsakandi eftir því að öðlast dýpri þekkingu á ákveðinni hegðun eða upplifun viðmælenda út frá þeirra sjónarhóli (Helga Jónsdóttir, 2013).

Í eigindlegum rannsóknum er erfitt að gera kröfu um hlutlægni þar sem rannsakandi myndar tengsl við viðmælendur sína og því þarf samræmis að

gæta í niðurstöðum rannsókna svo rannsóknin geti talist áreiðanleg. Því er mikilvægt að rannsakandi sé meðvitaður um þetta í öllu rannsóknarferlinu; í aðdraganda rannsóknar, í framkvæmd hennar við gagnaöflun, afritun og kóðun gagna og að lokum við úrvinnslu þeirra (Kvale, 1996).


4.2 Bakgrunnur og aðkoma rannsakanda

Bakgrunnur rannsakanda er kveikjan að áhuga á viðfangsefninu. Faðir rannsakanda hefur verið sjómaður í rúm fjörutíu ár og eiga foreldrar rannsakanda heima í litlu sjávarþorpi á Norðurlandi Eystra. Í grunnnámi sínu lærði rannsakandi félagsvísindi með áherslu á norðurslóðafræði og vaknaði þar áhugi á afskekktum byggðarlögum sem enn treysta á frumatvinnuhætti til lífibrauðs. Rannsakandi ber enga hagsmuni af rannsókninni.

4.3 Framkvæmd rannsóknar

Gagnaöflun hófst árið 2015 og voru fyrstu viðtölin tekin snemma árs 2015 og þau seinustu í mars 2020. Rannsakandi tók viðtöl við sex einstaklinga sem áttu eða höfðu átt búsetu í Grímsey. Árið 2020 hafði einn viðmælenda hætt þátttöku og einn nýr viðmælendi hóf þátttöku, en annar viðmælendi benti á að sá viðmælendi hefði mögulega áhuga á þátttöku. Því voru tekin samtals tíu viðtöl við sex einstaklinga yfir fimm ára tímabil, þar sem rætt var tvisvar við fjóra einstaklinga og einu sinni við tvo. Árið 2020 hafði rannsakandi greint meginþemu viðtalanna frá árinu 2015 og lagði fyrir viðmælendur. Þannig fékk hver viðmælendi tækifæri til að lesa eigin orð um sína upplifun árið 2015 og íhuga mögulegar breytingar árið 2020. Seinna viðtalið byggði því að hluta til á niðurstöðum úr fyrra viðtali. Miðað var við að hvert viðtal tæki um eina klukkustund í fyrra skiptið en seinni viðtölin voru um tuttugu til þrjátíu mínútur. Átta viðtalanna fóru fram á heimilum viðmælenda, bæði í Grímsey og á landi. Eitt viðtal fór fram á skrifstofu rannsakanda og í einu var notaður

fjarfundabúnaður. Úr viðtölunum voru fjögur undirþemu greind og niðurstöður fengnar út frá þeim. Þemagreining felur í sér að viðtölin voru greind og fundnir sameiginlegir þættir í hverju viðtali. Þau þemu voru svo greind í yfirþema og undirþemu (Sigríður Halldórsdóttir og Ragnheiður Harpa Arnardóttir, 2013).



Mynd 1. Eitt yfirþema og fjögur undirþemu rannsóknar.

Þemun fjögur varpa ljósi á helstu áskoranir sem Grímseyingar hafa staðið frammi fyrir síðasta áratuginn, sem og þær hindranir og tækifæri sem mæta íbúum eyjarinnar þegar kemur að þróun byggðarinnar. Viðmælendur voru beðnir að lýsa sinni upplifun eins ítarlega og þeim var fært og hugleiða á sama tíma þær breytingar sem hafa átt sér stað frá 2015.

Öllum þátttakendum var afhent upplýsingabréf um rannsóknina og kynnti rannsakandi einnig nánar fyrir þeim fyrirkomulag rannsókna í upphafi viðtala. Þar var þeim gert það ljóst að þeir gætu hætt þátttöku hvenær sem er og að þeir stjórnuðu í öllu þeim upplýsingum sem þeir kysu að veita. Það var ítrekað að allar upplýsingar yrðu meðhöndlaðar samkvæmt ströngustu reglum um trúnað og nafnleynd og farið að íslenskum lögum varðandi persónuvernd. Þá skrifuðu viðmælendur undir samþykkisyfirlýsingu. Viðtölin voru hljóðrituð og því næst afrituð orð fyrir orð. Öllum upptökum var eytt að afritun lokinni. Hvert viðtal var lesið yfir og meginatriði þeirra dregin fram í meginþemu og undirþemu. Þá voru hikorð og tengiorð viðmælenda lagfærð í beinum tilvitnunum. Þó var lögð áhersla á að draga fram lýsandi tilvitnanir frá viðmælendum til að rökstyðja greiningu rannsakanda og því fá tilvitnanir viðmælenda að njóta sín. Að auki fengu viðmælendur verkefnið til yfirlestrar og fengu því tækifæri til að lesa yfir eigin tilvitnanir og koma með athugasemdir. Þá var lögð áhersla á að birta ekkert sem viðmælendur vildu ekki að kæmi fram. Engar athugasemdir bárust frá viðmælendum.

4.4 Þátttakendur og viðtöl

Í þessari rannsókn var stuðst við sjálfboðaliðaúrtak. Þegar notast er við slíkt úrtak þarf rannsakandi að treysta því að þátttakendur gefi sig sjálfir fram, sem eykur möguleika á að ná til einstaklinga með ólíka reynslu þar sem þeir gefa sig sjálfir fram og enginn er þvingaður til þátttöku gegn vilja sínum (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Fyrir þessa rannsókn var auglýst eftir viljugum þátttakendum á samskiptamiðlinum Facebook og tengiliðir sem þekktu til eyjarinnar og íbúa hennar létu vita af fyrirhugaðri rannsókn. Þau skilyrði sem sett voru fyrir þátttöku voru að viðkomandi væru einstaklingar sem ættu eða hefðu átt fasta búsetu í Grímsey. Þess var gætt að bakgrunnur þátttakenda væri ekki of

einsleitur og í því tilliti var sérstaklega reynt að horfa til aldurs og fjölskyldustöðu. Við úrvinnslu rannsóknargagna var fyllsta trúnaðar gætt og öllum nöfnum og staðreyndum sem gætu haft áhrif á algjöra nafnleynd breytt. Hverjum viðmælanda var gefinn kóði; Kona_1, Kona_2, Kona_3, Karl_4, Kona_5 og Kona_6 og verður hér eftir einungis notast við þá kóða þegar vitnað er í viðmælendur. Fimm viðmælenda voru konur og einn karl, hann fékk kóðann Karl_4. Kona_2 tók einungis þátt árið 2015 og Kona_6 einungis árið 2020. Árið 2015 voru fjórir þátttakenda með búsetu í Grímsey en tveir í landi, og af þeim tveimur var önnur konan heimavinnandi og hin í námi. Árið 2020 voru einungis tveir þátttakenda með búsetu í Grímsey en fjórir í landi, þar af tveir í vinnu utan heimilis, einn var heimavinnandi og einn í námi. Þegar rannsókn hófst árið 2015 voru þátttakendur á aldrinum 25 til 63 ára.

4.5 Siðferðileg álitamál

Sigurður Kristinsson (2013) bendir á að siðferðileg álitamál vega þungt í allri rannsóknarvinnu og ekki síst í eigindlegum rannsóknum. Þá þarf rannsakandi að meta hve mikla áhættu rannsókn má fela í sér fyrir þátttakendur, hvers þarf að gæta við val á þátttakendum og hvort rannsóknir án upplýsts samþykkis eigi einhvern tíma rétt á sér. Það gilda ákveðnar siðareglur um vísindarannsóknir og þær höfuðreglur sem þar eru lagðar til grundvallar eru fjórar: sjálfræði, skaðleysi, velgjörðir og réttlæti. Sjálfræðisreglan felur í sér virðingu fyrir einstaklingnum og sjálfræði hans og þar af leiðandi þá kröfu að upplýst og óþvingað samþykki liggi fyrir. Því er mikilvægt að þátttakendur séu upplýstir um tilgang og markmið rannsóknarinnar og skilji fullkomlega hvað þeir eru að samþykkja. Mikilvægt er einnig að þátttakendur viti að þeir geti hætt hvenær sem er og séu í raun sjálfráðir í þátttöku sinni. Skaðleysisreglan felur í sér mikilvægi þess að forðast að valda skaða og því er nauðsynlegt að gæta þess að hagsmunum þátttakenda standi ekki ógn af þátttöku þeirra.

Velgjörðarreglan felur í sér skyldu rannsakenda til að gera einungis rannsóknir sem leiða af sér góða hluti fyrir mannkynið og mikilvægt er að rannsakandi velji til þess leiðir sem fórna sem minnstu. Réttlætisreglan felur í sér sanngirni í því hvernig gæðum og byrðum er dreift og að allir skuli fá það sem þeir eiga skilið. Þá er mikilvægt að þeir hópar sem tilheyra viðkvæmari hópum, eins og til dæmis þeir sem eru fátækir, börn, vistmenn á stofnunum eða fangar, séu sérstaklega verndaðir fyrir áhættu (Sigurður Kristinsson, 2013).

Það er mikilvægt að gæta trúnaðar með varðveislu gagna sem og að gæta þess að öll gögn séu nafnlaus og órekjanleg og að þátttakendur skaðist ekki af þátttöku sinni frá upphafi rannsóknar heldur séu hagsmunir þeirra ávallt hafðir að leiðarljósi (Esterberg, 2002). Þá verður rannsakandi að sýna samkennd svo viðmælendur treysti honum fyrir öllum upplýsingum (Hennink, Hutter og Bailey, 2011).

Viðfangsefni þessarar rannsóknar var viðkvæmt þar sem íbúar Grímseyjar eru fáir og því erfiðara en ella að gæta þess að engin persónugreinanleg atriði komi upp við greiningu og úrvinnslu gagna. Því þurfti rannsakandi enn fremur að gæta að nafnleynd og trúnaði og fylgja í hvítetna hinum siðferðilegu meginreglum. Allir þátttakendur voru upplýstir um markmið og tilgang rannsóknar, hvað fælist í þeirra þátttöku og til hvaða ráðstafana yrði gripið ef einhver teldi sig hljóta skaða af þátttökunni. Því var ákveðið að þátttakendur fengju verkefnið til yfirlestrar og umsagnar áður en það yrði birt og taldi rannsakandi að þannig væri dregið úr hættu á skaða. Rannsakandi hafði allar fjórar höfuðreglur siðferðilegra álitamála til hliðsjónar en taldi sjálfræðis- og skaðleysisregluna vega þyngst í þessari rannsókn þar sem erfitt gat reynt að gæta nafnleyndar sökum smæðar samfélagsins sem þátttakendur tilheyra. Síðustu ár hafa erfið og viðkvæm samfélagsmál átt sér stað í Grímsey, meðal annars fjárdráttur íbúa, ásakanir um kynferðisbrot og sala á kvóta úr eygni og

fléttast þetta stöðugt inn í sögu Grímseyinga og upplifun þeirra af þróun byggðarinnar. Rannsakandi mun ekki fjalla um þessi mál sem tengjast einstökum einstaklingum og af þeirri ástæðu hefur ákveðnum atriðum verið sleppt úr niðurstöðum og rannsakandi stuðst við beinar tilvitnanir án vísunar í viðmælendur. Þar með telur rannsakandi að trúnaðar sé gætt til fullnustu og nafnleynd viðmælenda virt án þess þó að það komi niður á niðurstöðum rannsóknarinnar.

5 Niðurstöður – viðhorf viðmælenda

Í fyrsta hluta niðurstöðukaflans verður upplifun viðmælenda af þeim áskorunum og tækifærum sem íbúar Grímseyjar standa frammi fyrir lýst, og má þar helst nefna atvinnuhætti og aðra þætti líkt og þjónustu og samgöngur sem hafa áhrif á búsetugæði íbúa. Næst verður fjallað um stöðu kynjanna í Grímsey og áhrif menntunar og skólaskyldu barna á búsetu ásamt því að velta upp hver ábyrgð einstaklinga á samfélaginu er. Þá verður upplifun viðmælenda af aðkomu hins opinbera í gegnum byggðaþróunaraðgerðir skoðuð og að lokum verður gerð grein fyrir framtíðarsýn þátttakendanna og hvaða þróun þeir sjá fyrir sér að verði á næstu árum.

5.1 Áskoranir og tækifæri Grímseyjar

5.1.1 Sjávarútvegur

Sjávarútvegur er aðalvinnugrein Grímseyinga og því kannski eðlilegt að staða hans fléttast stöðugt inn í sögu viðmælenda og þeirra upplifun. Árið 2015 sagði Kona_3 ástæður fyrir stöðu Grímseyjar flókna, í fyrsta lagi væri ekkert þar sem laðaði að ungt fólk og í öðru lagi væri nær ómögulegt fyrir unga menn að byrja í útgerð sem væri sérstaklega erfitt þar sem sjávarútvegurinn væri aðalundirstaðan að lífi í eyinni:

Þetta væri ekki byggð nema bara fyrir það þú veist, sjórinn er bara algjörlega málið. Þannig að í dag er ekkert fyrir neinn að byrja í útgerð. Ekki á meðan útgerðirnar standa eins og þær standa. Þetta er ekkert þannig að þú bara gengur inn í útgerð. Þú veist ekkert hvert framhaldið í útgerðinni er einu sinni.

Ári áður en seinni viðtölin voru tekin tapaðist mikill kvóti úr Grímsey og voru allir viðmælendurnir sammála um að salan á kvótanum hafi haft gríðarleg áhrif á byggðina og jafnvel gert útslagið. Kona_5 upplifir mikinn trega þegar talið berst að stöðunni í Grímsey árið 2020 og vanmátturinn er greinilegur þegar sala kvótans og staða sjávarútvegarins er rædd:

Það er svo sorglegt að horfa til þess hve margir hafa þurft að flytja í burtu og náttúrulega búið að selja kvóta frá eyjunni á þessum tíma sem var gert í neyð skilurðu? Og það var búið að reyna í mörg ár að fara einhverjar aðrar leiðir, þetta var í rauninni lokaúrræði, að fara og selja kvóta og þarna missir fólk störf og það fækkar störfum í eyjunni við það og maður veit bara til þess að það eru bara tvær fjölskyldur fluttar út í beinni afleiðingu af því.

Störfum hefur fækkað töluvert síðustu ár og lítið um ný atvinnutækifæri í Grímsey. Karlmennirnir sjá um öll störf við sjómennsku og önnur verkefni tengd fiskvinnslu og framkvæmdum og konurnar sjá um þjónustuna í kjölfarið og önnur verkefni sem falla til. Karl_4 var mikið niðri fyrir árið 2015 þegar skuldastaða eyjarinnar barst í tal, ásamt viðtækum áhrifum kvótaskerðingar ríkisins:

Já, það var alveg þrjú hundruð milljóna króna skuld út af kvóta sem var keyptur og var svo aldrei afhentur út af skyndilegri kvótaskerðingu ríkisins. Ég meina, allt í einu skuldarðu bara hundruði milljóna fyrir vöru sem þú keyptir en fékkst aldrei og getur svo ekki notað hana til að borga fyrir skuldina sem þú komst þér í við að kaupa vöruna. Það er klikkað. Og maður sem á fullt af kvóta ákveður að selja hann úr byggðinni, það er smá högg. Og bara allt í einu hrynur allt. Þetta er bara verulega slæmt.

Það sem hefur hvílt þungt á Grímseyingum er slæm skuldastaða þeirra eftir kaup á fyrrgreindum kvóta fyrir lánsfé og kvótaskerðing á sama tíma sem gerði það að verkum að minni aflaheimildir voru á bak við keyptan kvóta. Árið 2015 hafði Íslandsbanki um þó nokkurt skeið framlengt lán útgerða eyjarinnar.

Kona_5 var ómyrk í máli þegar talið barst að kvóta- og skuldamálum eyjarinnar og sagði með miklum þunga að ef ekkert yrði gert þá myndi fleira fólk flytja burt og byggðin í kjölfarið leggjast af:

Það eru líkur á því að eyjan leggist af, algjörlega. Fólk mun neyðast til þess að flytja úr eyjunni ef málin halda áfram að þróast í þá átt sem þau eru að þróast. Þá mun fólk neyðast til þess að sækja annað. Þegar aðal starfsgreinin er ekki lengur til staðar, þá er ekkert líf þarna og ekkert til að byggja á. Það er allt svolítið svona í lausu lofti þú veist, svolítill svona biðstaða með hvað varðar framtíðina. Ég meina það eru allir bara að sinna sínu en framtíðin er ekki björt.

Sjávarútvegur var viðmælendum ofarlega í huga í báðum viðtölum enda er hann algjör forsenda byggðar í Grímsey. Það virtist sammerkt hjá viðmælendum að ef sjávarútvegurinn verður ekki eflur í eyinni þá muni hún leggjast af.

5.1.2 Ferðapjónusta og nýjar atvinnugreinar

Ráðist hefur verið í töluverðar aðgerðir til að efla ferðapjónustu í Grímsey og var styrkurinn sem fékkst með verkefninu *Glæðum Grímsey* nýttur nær einungis í að efla hana. Karl_4 hefur þó ekki trú á því að fjölgun ferðamanna muni breyta miklu fyrir byggðina. Það sem þarf að hans mati fyrir utan kvóta er tækifæri fyrir ungt fólk til að byrja í útgerð. Aðspurður hvort hann teldi vilja til þess hjá stjórnvöldum að bjarga eyinni svaraði hann:

Nei, það held ég ekki. Ég er búin að tala um þetta við ráðherra sem hafa komið heim og fleiri og fleiri, það finnst öllum þetta og þetta er það eina sem getur bjargað þessu. Þú ert ekki að fara að bjarga Grímsey með ferðamönnum sem koma þarna í fjóra mánuði á ári.

Árið 2015 virtust flestir viðmælenda þeirrar skoðunar að ferðapjónusta gæti verið ágæt búbot fyrir Grímsey og þá sérstaklega fyrir konur í eyinni. Þeir töldu öflugri ferðapjónustu styrkja stöðu byggðarinnar þó hún hefði ekki burði

til að kúvenda neikvæðri byggðapróuninni. Aðspurð hvort það yrðu konurnar sem myndu sjá um störfin sem tengdust mögulegri uppbyggingu ferðapjónustunnar svaraði Kona_1:

En að mestu leyti, eins og með leiðsagnir og gistiheimili og minjagripaverslun og allt þetta, þetta hefur allt verið konur sem sjá um, þannig að ég myndi segja að það myndi styrkja stöðu kvenna gífurlega. Að byggja upp þjónustu fyrir ferðamenn og heimamenn sko.

Aðspurður hvort hann sæi fyrir sér að aukin ferðapjónusta gæti haft jákvæð áhrif á þróun byggðarinnar árið 2015 sagði Karl_4: „Jújú, ferðapjónusta í Grímsey gæti alveg gert eitthvað fyrir byggðina en það er ekkert að fara að gerast ef það er ekki neinn peningur til. Til að afla meira þarf að eyða meira. Og Akureyrarbær getur ekki gert neitt.“

Árið 2015 sagði Kona_3 að það væru hreinlega ekki nægilega mörg störf í eygni sem ekki væru tengd sjávarútveginum til að tryggja þar búsetu. Þó taldi hún að með eflingu ferðapjónustu væri hægt að fjölga störfum yfir sumarmánuðina. Aðspurð hvort hún teldi mögulegt að snúa þróuninni við til frambúðar með ferðapjónustu, sagði hún:

Já, með ferðapjónustu yfir sumarmánuðina, en ekki á veturna. Ég get ekki séð að það sé hægt, ég meina veðrið leyfir það ekki. Það er svo mikið óöryggi með samgöngurnar. Stundum fer ferjan, stundum ekki, stundum er ekkert flogið. Þegar það er engin ferja þá getum við ekki haft neina ferðamenn.

Viðmælendur höfðu allir orð á því á einn eða annan hátt að það sem skorti væri atvinna fyrir þá sem ekki sækja sjóinn eða hafa aflað sér menntunar. Árið 2015 ræddi Kona_2 þessa þróun og velti upp möguleikum á að efla byggðina og laða að brottflutta Grímseyinga:

Þú veist, það fara bara allir að læra og það skilar sér enginn til baka. Við náttúrulega höfum bara ekkert hér upp á að bjóða fyrir krakka sem eru

búnir að læra. En það myndi samt kannski breytast með ferðamannaíðnaði, það þarf orðið lært fólk í þetta skilurðu?

Árið 2020 minntust viðmælendur varla á uppbyggingu ferðapjónustu eða eflingu ferðapjónustu og töldu sjávarútveginn og aukna úthlutun kvóta einu lausnina. Þeir sögðu að efling ferðapjónustu gæti vissulega haft jákvæð áhrif á straum ferðamanna og mögulega efnahaginn í eygni en það myndi ekki hafa áhrif á mannfjöldapróun byggðarinnar. Allir minntust viðmælendur einnig á mikilvægi þess að hafa öflugar samgöngur svo að ferðapjónusta gæti gengið, en samgöngur til og frá Grímsey velta nær algjörlega á veðurskilyrðum.

5.1.3 Samgöngur

Samgöngumál Grímseyjar voru öllum viðmælendum ofarlega í huga bæði árið 2015 og 2020. Kona_5 var verulega óánægð með samgöngur til Grímseyjar og þá sérstaklega hve dýrar þær eru, það viðhorf breyttist ekki milli ára. Hún hafði á orði árið 2020 að Grímseyingar tilheyrðu nú Akureyrarbæ en að þjónusta bæjarins við Grímsey væri engin:

Þannig að það er mín skoðun að samgöngur hafa alls ekki verið nógu góðar, auðvitað hefðu Grímseyingar löngu átt að vera búnir að fá sérkjör þú veist, frítt í strætó á Akureyri en hvað með Grímsey? Og það hefði átt að vera löngu búíð að græja það.

Samgöngumál skipta miklu máli fyrir ferðir íbúa Grímseyjar, flutning á varningi og ferðapjónustu. Árið 2015 var mikið rætt um mikilvægi bættra samgangna og árið 2020 höfðu þær verið bætтар. Árið 2015 kölluðu viðmælendur eftir því að þessi grunnþjónusta sveitarfélagsins yrði gerð sambærileg og annars staðar. Viðmælendur ræddu þá helst tíðni samgangna og kostnað og var Karl_4 mikið niðri fyrir þegar hann ræddi verðið á fargjaldi og flutningsgjaldi árið 2015:

Ég meina farmgjaldið á ferjunni er fáránlega hátt. Það er bara einn af þessum hlutum þú veist, ef þú kaupir sófa á Akureyri og flytur hann hingað og sófinn kostar kannski eitt hundrað þúsund, þá mun það hafa kostað þig hundrað og fimmtíu þúsund þegar hann kemur heim til þín. Þeir þurfa að gera eitthvað í því að lækka verðið hérna, ég meina það er ekkert djök að ætla að flytja eitthvað hérna á milli, hvað sem er.

Kona_1 var sammála þessu og þá sérstaklega varðandi tíðni ferða og taldi það hafa bein áhrif á ferðapjónustu eyjunnar að því leyti að ferðamenn dveldu skemur í eygni en þeir myndu mögulega gera annars.

Nei, ég er sko ekki ánægð. Ég myndi helst vilja að ferjan kæmi allavega sex sinnum í viku. Alla virka daga og helst einu sinni um helgar. Og ég er að hugsa um ferðamennina hérna, þú veist. Það er bara of mikið að koma hingað á mánudagsmorgni og vera fastur til seinniparts miðvikudags. Það eru þrír dagar og stór biti úr ferðinni þinni ef þú ert á Íslandi í kannski viku. Ég held að það kæmu fleiri ferðamenn og gista ef þetta væri öðruvísi og þá myndu þeir skilja eftir meiri pening í eyjunni. Það myndi hjálpa.

Árið 2020 var annað hljóð í viðmælendum, enda hafði áætlun ferjunnar Sæfara þá verið breytt og virðist almennt mikil ánægja með breytingarnar á tíðni ferða. Kona_3 talaði um þessar breytingar og þau jákvæðu áhrif sem þær hafa haft á ferðapjónustu í eygni:

Það er náttúrulega mjög mikið búið að gerast síðustu ár, meina ferjan gengur miklu oft og flugið er niðurgreitt núna fyrir Grímseyinga. Og ég meina, ég held að þetta sé annað eða þriðja árið sem ferjan gengur fimm sinnum í viku. Þetta munar rosalega mikið fyrir gistinguna í eyjunni. Fólk fannst alveg svolítið mikið að koma og taka alveg þrjá daga í þetta. Þannig að það er mjög margt jákvætt við þetta.

Hins vegar er dýrt að ferðast til og frá Grímsey þrátt fyrir lækkun fargjalda en nýlega fengu Grímseyingar niðurgreiðslu á flugfargjaldi sem annars kostar 10.000 kr. aðra leið. Samkvæmt Kona_1 greiða Grímseyingar 7.700 kr. fyrir flug

aðra leið og er niðurgreiðslan því um 2.300 kr. Kona_5, sem býr á landi, ræddi flugfargjaldið og kostnaðinn við að heimsækja Grímsey með alla fjölskylduna:

Bara ferðakostnaður, flugferð fram og til baka fyrir mig og fjölskylduna það er hundrað þúsund kall. Og núna er einhver Grímseyinga afsláttur fyrir þá sem eiga lögheimili í Grímsey, en núna er ég náttúrulega með lögheimili hér [uppi á landi] en eins og ég segi, Grímsey hefur alltaf verið mitt heim og ég hef engin önnur kjör. Ég er bara eins og hver annar ferðamaður þegar ég er fara þangað. Þó að ég sé að fara heim.

Viðmælendur voru allir sáttir við breytingarnar á samgöngum til Grímseyjar og þá sérstaklega fjölgun Samskipa á ferðum til og frá eyinni. Þó telja þeir kostnaðinn við samgöngur of háan og litla þátttöku Akureyrarbæjar í niðurgreiðslu þar oft á góma. Viðmælendur voru að auki sammála um mikilvægi þess að styrkja ferðaþjónustu í Grímsey en virtust hugsa það sem verkefni fyrir konurnar í eyinni. Enginn þeirra minntist á að karlarnir myndu sinna þjónustu við ferðamenn. Það var á vissan hátt eins og viðmælendur litu á ferðaþjónustu sem aukaverkefni samhliða sjávarútvegi sem myndi ekki skipta miklu efnahagslegu máli við eflingu byggðarinnar.

5.1.4 Búsetusæla

Fyrir fjölda fólks hefur dreifbýlið orðið að hugmynd eða draumsýn um athvarf fjarri hröðu borgarlífinu og sú ímynd búsetusælnnar lifir góðu lífi að þar sé fullkomið að ala upp börn og byggja framtíð. Það gæti þó frekar átt við um dreifðar byggðir í nágrenni þéttbýlis þar sem auðvelt er að sækja alla grunnþjónustu og önnur nútímaþægindi. Grímsey er hins vegar einangruð og eins og áður hefur verið komið inn á hafa forsendur íbúa fyrir búsetu breyst. Konurnar minntust frekar á kjörnar aðstæður til að ala upp börn og eiga gæðastundir með fjölskyldunni og Karl_4 talaði um öryggið sem felst í því að róa frá konunum því karlarnir treysta á að samfélagið í heild styðji við konurnar í þeirra fjarveru.

Árið 2015 minntust allir viðmælendur á það að Grímsey væri fullkominn staður fyrir fjölskyldufólk. Þeir kvenkyns viðmælendur sem búsettir voru í Grímsey árið 2015 voru allir sammála um að barnvæna dreifbýlið, eða hugmyndin um búsetusæluna (e. rural idyll) heillaði þegar kom að því að flytja búferlum til eyjarinnar. Að auki heillaði það að hafa makann heima á kvöldin þar sem búseta í Grímsey gerði karlmönnunum fært að róa styttri túra og landa heima á hverju kvöldi. Allir viðmælendur höfðu orð á því að Grímsey væri draumastaður til að ala upp börn og að fyrir einhverjum árum, þegar fleiri börn voru í eyinni, hefði Grímsey verið griðastaður fyrir börnin, bæði þroskandi og umvefjandi. Raunveruleikinn varð þó annar þar sem draumurinn um búsetusæluna varð sífellt fjarlægari við langa fjarveru karlanna sem komu seint og sjaldan heim og í Grímsey þurfa börn að ljúka sinni skólaskyldu upp á landi. Árið 2015 ræddi Karl_4 hvernig forsendur fyrir búsetu höfðu breyst:

Ég meina, við á [nafn á báti] erum orðið alltaf í burtu og við erum ekkert heima og konurnar eru alveg búnar að fá ógeð á að vera herna. Ég meina, hún kom náttúrulega hingað með mér til að geta verið meira með mér, og svo er ég alltaf í burtu. Þess vegna er hún að fara með yngri börnin af því að þessi eldri eru náttúrulega farin.

Engin kvennanna sem rannsakandi ræddi við var fædd í Grímsey, allar höfðu þær á einhverjum tímamarki flutt í eyna vegna maka eða föður sem hafði atvinnu af sjávarútvegi. Allar nema ein höfðu verið heimavinnandi í lengri eða skemmri tíma, en allar þó sinnt tilfallandi störfum síðustu ár. Engin kvennanna sem rætt var við hafði eða vildi róa til sjós en allar höfðu þær sinnt störfum tengdum fiskiðnaði, hvort sem var við saltfiskverkunina, uppstokkun á línu eða almenna fiskverkun.

Árið 2015 ræddi Karl_4 um stöðu fjölskyldunnar þar sem veruleikinn varð annar en fjölskyldan hafði lagt upp með þegar þau fluttu til Grímseyjar: „Okkur bara finnst þetta hræðilegt, það eru tvær elstu farnar og hún fer náttúrulega

bara með yngstu börnin í land. Mér bara finnst þetta alveg ömurlegt, ég myndi helst vilja fara með þeim í land.“ Þá hafði hann einnig á orði að það væri einungis tímaspursmál hvenær öll fjölskyldan yrði farin upp á land og hann einn eftir. Þetta bendir til þess að forsendur einstaklinga til búferlaflutninga í þessi smærri byggðarlög séu að breytast.

Þegar rannsakandi ræddi við Karl_4 árið 2020 var hann fluttur upp á land með fjölskylduna sína og sagði þá að hann vissi að þetta væri rétt ákvörðun þó hann hefði heldur kosið að vera áfram í Grímsey. Hann vildi ekki flytja þaðan, en ræddi það einnig af töluverðum þunga að hann gæti ekki hugsað sér fjarbúð og að upphaflega hefði fjölskyldan tekið ákvörðun um að búa í Grímsey þar sem þau gætu varið meiri tíma saman. Það hafði hins vegar breyst og þá höfðu félagslegar þarfir barna þeirra einnig áhrif á ákvörðun þeirra um að flytja burt. Hann ræddi það að sem foreldri þá hefði það í raun bara verið tímaspursmál hvenær þau hefðu flutt upp á land með börnin þar sem þau hefðu ekki getað hugsað sér að sleppa takinu af börnunum við 14 ára aldur:

Ég meina þegar ég er að fara í skóla, foreldrar okkar vissu að við kæmum aftur heim. Það var ekkert annað í boði. En núna vitum við bara að börnin okkar eru ekki að koma aftur, þau eru bara farin þegar þau eru farin. Þú bara sérð þau ekkert meira, nema bara rétt yfir þessa þrjá mánuði yfir sumarið, já eða tvo og hálfan mánuð. Þannig að þetta er orðið allt öðruvísi. Við fórum bara og kláruðum skóla, Vélstjórnaskólann eða Stýrimannaskólann til þess að geta komist sem fyrst heim og farið á sjó, ég meina fólk vissi það bara þá, það komu allir krakkar heim.

Kona_6 flutti upphaflega til Grímseyjar með manni sínum til að ala upp börnin sín á meðan maki hennar sinni sjómennsku, en er nú flutt upp á land með sína fjölskyldu. Hún ræddi ástæðurnar að baki þeirri ákvörðun að flytja burt og tregann sem því fylgdi:

Nei, en þú veist, ég finn fyrir rosalegri sorg. En ekki ábyrgðartilfinningu af því að þar kemur þú veist hagsmunir barnanna minna ofar en allt hitt.

Hefði ég látið hann vera einan í bekk, eini strákurinn? Ekki að ræða það. Það er bara þannig. Hann hefði ekki plummað sig.

Þá bætti hún því við að ákvörðunin hefði verið fjölskyldunni þungbær og að ekki hefðu öll börnin verið sátt við flutninginn. Hún hafði einnig á orði að það væru ekki allir sammála um þessa ákvörðun og sumum þætti nóg um og að henni hefði verið bent á að börn frá Grímsey væru búin að flytja ein upp á land í áravís og það hefði ræst ágætlega úr þeim. Þá benti Kona_6 á að þó eitthvað væri búið að vera á ákveðinn hátt í fjölda ára þýddi það ekki að svoleiðis ætti það að vera. Kannski væri kominn tími á breytingar:

Þú veist, þetta var bara of mikið. Enda er þetta mitt hlutverk. Þetta er ekki einhvers annars, ég er ekki að fara að varpa ábyrgðinni á einhvern annan. Mér fannst þetta ömurlegt. Algjörlega ömurlegt. Og gerði alveg útslagið fyrir mig. Ég bara nei, þú skalt fylgja þessum börnum. Ég er svo hrædd við allt sem er í boði fyrir börn í dag og stöðugleiki, það er það eina sem ég sé fram á. Bara þétt utanumhald og þá kemurðu þeim í gegnum þetta en þú líka þarft líka að vera ungamamma. Og þú veist, þetta er bara vinna.

Karl_4 ræddi einnig mikilvægi félagslegrar þátttöku barnanna og sagði það hafa vegið þungt þegar kom að því að taka ákvörðun um að flytja frá Grímsey og upp á land. Hann talaði um hve mikil einangrun það væri fyrir börn að búa í Grímsey.

Ég sko, ég sé alveg hvað þetta er gott eins og fyrir hann og fyrir krakkana að koma hingað [upp á land], þetta er bara orðið alltof fáir. Þetta er bara orðin alveg hryllileg einangrun, félagslega og allar íþróttir og allt bara. Hann á fullt af vinum hérna núna. Hann hefði bara koðnað niður þarna heima.

Karl_4 vildi alls ekki flytja frá Grímsey en tók ákvörðun um að fara upp á land vegna fjölskyldu sinnar. Elstu börnin voru þá þegar farin í land og konan hans vildi fylgja þeim. Hann finnur fyrir álaginu sem fylgir því að búa ekki lengur í heimabyggð þar sem nálægðin við náttúruna er einstök og einfaldleikinn

ræður ríkjum. Hann talar með trega um tilfinninguna sem fylgir því að veiða sér til matar og geta með lítilli fyrirhöfn stokkið út með byssuna og skotið í matinn:

Ég sakna þess hryllilega heima, ég elska náttúrulega bara að vera heima og geta bara dúllað mér, maður bara alveg nýtur þess helmingi meira núna þegar maður er fluttur í burtu. Maður sér það núna hvað það var einfalt og gott, lífið í Grímsey. Hausinn á mér er að springa hérna eftir hvern dag.

Hann ræddi áreiðið sem fylgir því að starfa á landi þar sem er fleira fólk sem krefst samskipta og áreiðið sem fylgir tölvupóstum og stanslausum símhringingum. Þá segir hann að ofan á það bætist ábyrgðin við að koma börnunum á milli skóla og frístunda og sinna þeim í þeim hraða sem fylgir samfélaginu utan Grímseyjar.

Fjölskyldufólk stendur að auki frammi fyrir því að þurfa skyndilega að greiða háar upphæðir fyrir tómstundir barna sinna. Kona_6 ræddi það og hafði á orði: „Þetta er ekkert grín, bara rándýrt. Íþróttir og allt þetta drasl. Við höfum aldrei gert þetta.“ Hún bætti því við að það hefði reynst erfitt að komast inn í samfélagið utan eyjarinnar: „Já, en við erum samt ekkert komin inn í samfélagið hérna enn þá sko. Ég finn það að ég þyrfti kannski að fara að koma mér inn í eitthvað.“

Kona_6 ræddi að auki viðbrigðin við flutningana og upplifði að hún sem einstaklingur og kona hefði svolítið gleymst í þeim breytingum. Henni fannst mikilvægt að börnin upplifðu að þau tilheyrðu samfélaginu í landi og lagði því mikla áherslu á þeirra samskipti við jafningja og virka þátttöku í skólastarfi og tómstundum. Hins vegar fann hún fyrir því sjálf að þrátt fyrir að vera umkringd fleira fólki, með betra aðgengi að fjölbreyttari afþreyingu og þjónustu, að hún saknaði náinna vinatengsla líkt og hún átti í Grímsey. Allir viðmælendur höfðu orð á nánu samfélagi Grímseyjar. Í Grímsey er kvenfélagið mjög virkt og mikill samgangur milli heimila, enda íbúar fáir og þekkjast vel innbyrðis. Hraði

Þéttbýlissamfélagsins er mjög ólíkur því sem Grímseyingar eiga að venjast og samskipti og nánd einstaklinga í samfélaginu allt öðruvísi.

5.1.5 Fjölskyldan og framtíð ungs fólks

Aðspurð um það árið 2015 hvort hún gæti hugsað sér að snúa heim ef atvinnumöguleikar væru fleiri ræddi Kona_5 af miklum tilfinningaþunga um það hversu ljúft lífið í Grímsey getur verið. Nálægðin við náttúruna og dýralífið er einstök og fólkið í samfélaginu er náíð. Eftir stutta umhugsun minnst hún þó á að grunnskólinn í Grímsey væri of fámennur og það væri skortur á sérstökum stuðningi fyrir þau börn sem glímdu við vanda í skóla, eins og til dæmis lesblindu eða önnur vandamál sem krefjast stuðnings. Þá hafði hún á orði að þar væru enn fremur engar tómskundir eða íþróttir fyrir börn, sem væri erfitt nú til dags.

Árið 2020 var Kona_5 enn sama sinnis en þá var hún í framhaldsnámi, átti börn í grunnskóla og tómskundum og sá ekki fyrir sér að fjölskyldan myndi dafna í eygni eins og staðan er í dag. Maki hennar starfar í landi og hefur ekki áhuga á að gerast sjómaður eða starfa á annan hátt við sjávarútveginn og því sá hún ekki fyrir sér að hún myndi flytja aftur til Grímseyjar með fjölskyldu sína og sagði að ef karlmenn vildu ekki vinna við sjávarútveginn þá væri lítið fyrir þá að gera. Það eru því margir þættir sem hafa áhrif á búsetuval þeirra; skortur á þjónustu og afþreyingu, fá og einhæf atvinnutækifæri og eðlilega skiptir staða grunnskólans öllu máli þegar barnafjölskyldur eru annars vegar.

Víðmælendur nefndu það sem ástæðu fyrir því að fólk kæmi ekki til baka að litla eða enga atvinnu væri að hafa fyrir þá sem væru búnir að mennta sig og að í einhverjum tilvikum hefðu þeir hinir sömu fundið sér maka á landi og stofnað þar fjölskyldur og sæju ekki hag í því að flytja aftur heim. Árið 2015 sagði Kona_3 þegar talið barst að þeim sem flutt höfðu í burtu til að sækja sér

frekari menntun: „Það halda allir áfram að læra og mennta sig, þú ert ekkert að fara að koma heim og þú veist, stokka upp línu eða eitthvað.“

Árið 2020 hafði afstaða Karl_4 ekki breyst og ræddi hann takmarkaða atvinnumöguleika í eygni og rifjaði upp hvernig það var fyrir börn að flytja heim hér áður fyrr þegar nóg var um að vera og næga atvinnu að fá. Þá fann hann mikið fyrir því hversu mikið væri búið að breytast í Grímsey síðustu ár og sagðist vel skilja þá einstaklinga sem skila sér ekki til Grímseyjar:

Það var alveg náttúrulega hellingur að gera fyrir þessa krakka, stokka á línu og nú er öll hin útgerð búin og þetta er orðið tveir bátar sem eru gerðir út frá Grímsey. Það er sko af sem áður var.

Í viðtölunum 2015 og 2020 ræddu konurnar um breyttar forsendur og væntingar gagnvart búsetu í eygni. Þegar talið barst að mögulegum ástæðum fyrir búferlaflutningum úr Grímsey árið 2015, hafði Kona_3 á orði að það væri líklega að mestu leyti vegna stöðunnar þar og óvissu um framtíð byggðarinnar. Hún var búsett í Grímsey og hafði á orði að hún vildi alls ekki flytja þaðan þó hún virtist vera á báðum áttum þar sem hún sá ekki fyrir sér að börn hennar og barnabörn myndu flytja aftur til Grímseyjar:

En ég gæti hugsað mér að búa hér það sem eftir er en þar sem ég sé ekki að börnin mín séu að fara að koma hingað eða setjast hérna að þá, þú veist, manni langar að vera nær börnum og barnabarni.

Kona_3 er enn búsett í Grímsey árið 2020 og vill alls ekki flytja upp á land þó hún játi að óviðráðanlegar aðstæður geti haft það í för með sér að til þess kæmi fyrr en síðar. Það má því sjá að íbúar Grímseyjar eru meðvitaðir um þróun síðustu ára og þar hefur ekki orðið breyting á síðan þessi rannsókn hófst. Staðan er þannig að æ fleiri börn sem flytja upp á land til að ljúka skólaskyldu snúa ekki aftur og það eru ekki næg atvinnutækifæri í Grímsey til að laða að

nýtt fólk og brottflutta Grímseyinga sem hafa sótt sér menntun. Aðspurð um væntingar til búsetu í eygni svaraði Kona_5 árið 2015:

Þannig að það er svona, ég meina væntingarnar eru náttúrulega þú veist að haldið verði utan um skólamál og annað og alla þessa grunnþætti sem tryggja búsetu í eyjunni.

Aðspurð hvort hún teldi líklegt að kvenmenn eyjarinnar myndu flytja aftur heim og hvort einhverja atvinnu væri að hafa fyrir þær sagði Kona_5: „Ég myndi segja að það væru karlarnir sem væru líklegri til að koma heim aftur, og geta farið á sjó. Þegar maður hugsar út í það þá þarf kallinn eiginlega að geta verið sjómaður.“ Það mátti greina hjá viðmælendum að þau sjá ekki fyrir sér að unga fólkið skili sér aftur heim né að nýtt fólk flytji til Grímseyjar. Þrátt fyrir að öll hafi þau nefnt skort á kvóta sem megin ástæðu þess var þó greinilegt að ástæðurnar snúa einnig að skorti á afþreyingu og grunnþjónustu í eygni, ásamt einangrun sem flest virtust upplifa að væri ekki kjörið fyrir ungt fólk með börn.

5.2 Staða kynjanna í Grímsey

5.2.1 Menntun og atvinna kynjanna

Í Grímsey starfa karlar nær einungis við sjávarútveginn og konur sinna störfum tengdum þjónustu ásamt því að sinna heimili og börnum að mestu. Kona_3 upplifði að konur í Grímsey gerðu meira en konur annars staðar vegna þess hvernig kynin hugsa um vinnu og hvernig það er alið upp í börnum í Grímsey að vinnu fylgi heiður, eins og hún komst að orði. Lagði hún í því samhengi áherslu á vinnusemi Grímseyinga og það hversu samrýndir íbúar samfélagsins eru í raun, sem hefur þau áhrif að það ganga allir í þau störf sem þarf, óháð kyni:

Það eru bara allir mjög spenntir að fá eitthvað hlutverk og fá að taka þátt. Og þú veist, bara gera eitthvað. [...] Þannig að maður gekk svolítið

inn í þau störf að stokka upp línu fyrir þá og verka fisk og salta fisk og gera bara það sem þurfti.

Kona_1 var á þeirri skoðun að Grímsey væri samfélag þar sem það væri samþykkt að karlarnir ynnu úti og konurnar sinntu heimili og börnum á meðan og hafði orð á því að bæði kyn ýttu undir hefðbundna verkaskiptingu kynjanna:

Það er svolítið hugarfarið hérna að konurnar eigi líka bara þínu að vera góðar heima og allt í lagi með það sem þær taka þá upp á að gera, þá er það bara allt í góðu en körlunum finnst það samt svona óþarfa eitthvað. Þær eru bara heppnar að geta verið heima, þannig að það er svolítið einkennandi hugarfarið sem er búið að vera svona gegnumgangandi hérna.

Konurnar sem rætt var við töluðu sjálfar um að störf þeirra snerust að mestu um að aðstoða karlana við þeirra atvinnuhætti og virðist viðhorf viðmælenda vera á þann veg að það fylgi því ákveðin virðing að ganga í öll störf, og þá sérstaklega til aðstoðar sjávarútveginum. Möguleikar fyrir konur í Grímsey til að snúa aftur heim eftir menntun eru takmarkaðir þar sem fá atvinnutækifæri eru í boði. Samkvæmt viðmælendum er stutt síðan börn skiluðu sér yfirleitt alltaf heim aftur að lokinni skólagöngu annars staðar. Þau sem sóttu sér frekari menntun fóru þá einna helst í Stýrimannaskólann eða menntuðu sig á annan hátt til að geta hafið útgerð eða starfað við sjávarútveginn í Grímsey. Nú hefur það breyst að miklu leyti og þau börn sem fara upp á land til að klára skólaskylduna skila sér ekki alltaf heim til Grímseyjar.

Í grunnskólanum í Grímsey hefur undanfarin ár verið kennt upp í áttunda bekk og hafa börnin því þurft að flytja upp á land til að ljúka síðustu tveimur árunum af skólaskyldu sinni. Grunnskólanum í Grímsey var hins vegar lokað tímabundið skólaárið 2019–2020 þar sem engin börn á grunnskólaaldri voru í Grímsey. Þrátt fyrir að ætlunin sé að endurskoða þá ákvörðun fyrir skólaárið 2020–2021 verður einungis eitt barn á grunnskólaaldri í eygni næsta vetur. Það

er því alls óvíst hvort skólinn verði starfræktur eða ekki og veltur það algjörlega á ákvörðun einstaklinga í Grímsey hvort þar verður eitt barn í annars barnlausum grunnskóla.

Kona_5 flutti 14 ára frá Grímsey til að ljúka skólaskyldu á sínum tíma, sótti sér í framhaldinu frekari menntun og hefur ekki flutt aftur til Grímseyjar. Hún hafði það á orði árið 2015 að hennar draumur væri að flytja aftur heim til Grímseyjar einn daginn:

Ég hefði ekki flutt að heiman fjórtán ára, ég hefði ekkert flutt að heiman sextán ára og ég hefði líklega ekki flutt að heiman tvítug heldur. Grímsey er alltaf heima. Já, ég veit ekki hvað maður myndi gera ef atvinnumöguleikarnir væru meiri og fleiri í Grímsey.

Þá sagði hún árið 2020 að það hefði einnig áhrif á ákvörðun hennar að flytja ekki til Grímseyjar aftur, að í landi væru börnin hennar í grunnskóla ásamt því að stunda tómstundir sem ekki eru í boði í Grímsey. Áður fyrr var það í flestum tilfellum þannig að börnin fóru ein í land og fluttu til ættingja eða vina fjölskyldunnar. Nú til dags eru foreldrar tregari en áður að láta börnin fara ein í land og fylgir þá í flestum tilfellum móðirin börnum sínum. Þá liggur beint við að yngri systkini, sem ættu með réttu að vera í grunnskólanum í Grímsey, fylgi með í land. Því hefur þróunin síðustu ár orðið sú að heilu fjölskyldurnar flytja búsetu sína úr eyrni til að fylgja barni í skóla. Kona_3 ræddi mikið um breytingarnar á skólakerfinu og brottflutning barna og sagði meðal annars: „Þetta er bara orðið allt öðruvísi viðhorf með það, fólk er bara orðið hræddara um börnin sín í dag og vill fylgja þeim meira.“ Þá bætti hún því við að í flestum tilfellum þætti börnum þetta spennandi, að þetta væru ákveðin tímamót að vera send upp á land í skóla. Börnin væru hjá ættingjum og vinum og það væri hugsað vel um þau. „Tíminn er svo hryllilega fljótur að líða að, ég veit það ekki en mér persónulega vex þetta ekki í augum.“

Helsta breytingin á viðhorfi viðmælenda frá árinu 2015 til ársins 2020 er helst sú að þar sem grunnskólanum hefur verið lokað upplifi viðmælendur að ákvörðunarvaldið hafi verið tekið af þeim. Valið er ekki lengur þeirra að fylgja börnunum til að ljúka skólaskyldu heldur til að hefja hana. Þá hefur fjöldi barna í Grímsey eðlilega áhrif á þessa ákvörðun því hún felur líka í sér mat foreldranna á mikilvægi félagslegra tengsla barna þeirra á jafningjagrundvelli.

5.2.2 Staða á heimili og samskipti kynjanna

Þegar rætt er við konur í Grímsey er augljóst að þær telja sig á engan hátt eftirbáta karlmannna og tala sjálfar um sig sem kvenskörungur og sjá stöðu sína að vissu leyti í ákveðnum ljóma. En að sama skapi tala þær um hefðbundna verkaskiptingu kynjanna sem eðlilegt hlutskipti í Grímsey þar sem búseta þeirra og lífibrauð er háð atvinnu karlmannanna.

Árið 2015 spurði rannsakandi Karl_4 hvort hann upplifði að samfélagið í eyinni væri karllægt og lýsti hann því þannig að í raun væri samfélagið í Grímsey frekar kvenlægt en hitt og virtist þá upplifa það sem slíkt þar sem konurnar bæru meginábyrgð á að halda samfélaginu gangandi á meðan karlarnir væru fjarverandi:

Nei, ég myndi nú segja að samfélagið sé þveröfugt við það. Ég meina konurnar sjá um mjög mikið hérna, miklu meira heldur en konur annars staðar held ég. Við erum alltaf á sjó. Þær sjá náttúrulega algjörlega um heimilin og börnin og svo þessi störf sem eru landtengd. Uppstokkun og allt það.

Karl_4 lýsti því yfir að vegna fjarveru karlmannanna sökum sjósóknar væru það konurnar sem stýrðu samfélaginu. Aðspurður um störf kvenna í eyinni svaraði hann:

Sko, ég meina, það sem konur gera í Grímsey er að vinna við fiskverkun og uppstokkun á línu og aðstoða við sjávarútveginn. Það er rosa mikið þannig, ég meina lífið hérna byggist fyrst og fremst á sjávarútvegi. Svo

er héra verslun og svo er kvenfélagið. Konurnar eru meira í því. Eða þá bara heimavinnandi.

Viðmælendur voru flestir sammála um að þessi verkaskipting kynjanna væri eðlileg og samþykkt. Aðspurð hvort einstaklingar í eygni séu almennt sáttir við sitt hlutskipti og skiptingu verka svaraði Kona_1 því til að það sé rosalega mikið af heimavinnandi konum þar og að það hugarfar sé ríkjandi að konur í Grímsey þurfi ekki að vinna og geti því verið heima og hugsað um börnin. Hún hafði orð á því að þó konur hefðu áhuga á að sækja sér frekari menntun þá væru karlmennirnir ekki alltaf á sama máli og vildu helst hafa þær heima. Í viðtölum árið 2015 var það skýrt hjá flestum viðmælendum að þeir teldu samfélagið í Grímsey ekki karllægt þar sem fjarvera karla væri mikil vegna sjósóknar. Að sama skapi undirstrikar sú staðreynd hina hefðbundnu verkaskiptingu sem er við lýði í samfélaginu þar sem konur bera ábyrgð á heimilishaldi og uppeldi barna en eru á sama hátt ekki fjárhagslega sjálfstæðar þar sem karlarnir eru fyrirvinnur heimilanna. Allir viðmælendur voru til dæmis sammála því að karlarnir yrðu að geta róíð til sjós og enginn viðmælenda var mótfallinn því fyrirkomulagi á heimilishaldi að karlinn ynni úti en konan sæi um heimilið.

Þá bendir það til þess að konur í Grímsey séu að einhverju leyti í hlutverki aðstoðarmanna karlanna og styðji við þeirra iðju. Allar konurnar sem rannsakandi ræddi við voru sammála því að konur í Grímsey þyrftu að vera sjálfstæðar og sterkar og lærðu snemma að það þyrfti að ganga í nauðsynleg verk og þá dygðu engin vettlingatök. Konur í Grímsey eru styðjandi og augljóst er að án þeirra gengur samfélagið ekki upp. Verkaskipting er einnig mjög skýr en í Grímsey starfa konurnar oft innan útgerða karlkyns fjölskyldumeðlima ásamt því að sjá um heimilið. Kona_1 benti í því samhengi á að í Grímsey gangi konur í þau verk sem þarf og sýni mikið sjálfstæði.

En ég meina, konurnar hérna gera allt. Þú veist, við gerum allt. Ef það er eitthvað sem þarf að gera þá gerum við það. Það er ekkert í boði að sitja bara og bíða eftir því að þeir skili sér af sjónum. Við bara göngum í það sem þarf hverju sinni og það er bara fínt, þú veist.

Að mati Kona_3 eru það einna helst karlmenn sem hafa sótt sér menntun á sviði sem gagnast starfsháttum tengdum sjávarútvegi sem eiga möguleika á atvinnu í eygni. Áður fyrr var atvinna öruggari en hún er í dag og íbúar gengu að henni vísri að námi loknu. Þá hafði hún einnig á orði árið 2020 að það væri augljóslega eðlilegt að karlmennirnir færu tímabundið í tengslum við atvinnu og konurnar væru heima á meðan. Hún benti þó á ósamræmið í því að karlarnir gætu sótt sjóinn til lengri eða skemmri tíma en það væri ekki samþykkt að konurnar fylgdu börnunum upp á land í skóla yfir vetrartímann og kæmu heim um helgar og í fríum:

Grímsey er það og verður, karlar hafa farið héðan í burtu og á vertíð og ég og maðurinn minn erum ekki sammála um þetta, en ég meina ef þeir geta gert það þá skil ég ekki af hverju ég get ekki bara farið með barnið mitt upp á land í níu mánuði í skóla. Það er ekkert langt hérna á milli um helgar og í fríum og öðru.

Í Grímsey hefur myndast hefð fyrir verkaskiptingu kynjanna sem bæði kyn eru sátt við og sjá ekki ástæðu til að breyta. Konur eru að eigin sögn virkir þátttakendur í samfélaginu og þeirra sjálfsmynd speglast í ímyndinni um sterkar sjómannskonur sem halda samfélaginu gangandi á meðan karlarnir sækja sjóinn. Kona_2 er húsmóðir og hefur hingað til séð um börnin, heimilið og önnur þörf verkefni á meðan karlmenn fjölskyldunnar hafa róíð til sjós. Árið 2015 reiknaði hún ekki með að dvelja áfram í Grímsey ef maki hennar yrði frá sjónum að hverfa og sagði búsetu þeirra þar velta algjörlega á því hve lengi hann gæti starfað við sjómennsku. Það er ekki óeðlilegt í samfélagi sem byggir á mjög hefðbundinni verkaskiptingu að konur tali um mikilvægi þess að karlarnir hafi vinnu, enda hafa þeir hingað til verið fyrirvinna heimilanna og

verulega ólíklegt að það muni breytast með þeim hætti í Grímsey að konur taki við keflinu. Viðmælendur eru allir sammála um að Grímsey muni aldrei lifa á þjónustustörfum kvenna og þó að meira yrði lagt í uppbyggingu fjölbreyttra atvinnugreina eyjarinnar þá kæmi það ekki í staðinn fyrir sjávarútveginn.

5.2.3 Ábyrgð á samfélaginu

Allir virðast viðmælendur finna til ríkrar ábyrgðarkenndar á samfélaginu í Grímsey en upplifa að aðrir beri hana ekki að sama marki. Þá upplifa viðmælendur ekki að það sé á ábyrgð þeirra sem vilja fara eða eru farnir, að vera um kyrrt. Þó veltu allir viðmælendur því fyrir sér hvort að staðan væri önnur hefðu einstaklingar tekið aðrar ákvarðanir. Kona_1 sagði frá því árið 2020 að níu manns hefðu flutt burt síðan haustið 2019 og þar af nokkrar barnafjölskyldur. Hún sagði að staðan gæti verið önnur í dag ef allir þeir sem skráðir væru með búsetu í eyinni væru raunverulega búsettir þar. Samfélagið væri þá virkara og mögulega hefðu hlutirnir farið öðruvísi. Þá benti hún á að ef einstaklingar með börn hefðu ekki flutt burt væri líklegt að grunnskólinn væri enn starfræktur sem væri styrkur fyrir eyna. Þá sagði hún einnig að það væri ekki aðlaðandi fyrir barnafjölskyldur að flytja í byggð þar sem væri enginn skóli, en að starfsemi skólans ylti einmitt á því að einstaklingar tækju þá ákvörðun.

Kona_1 ræddi mikið um samstöðuna hjá íbúum og minntist þá til dæmis á fjöldann sem mætir á allar hátíðirnar í eyinni, hvort sem það er Sólstöðuhátíð, sjóstöng eða jólaballið. Þá koma brottfluttir Grímseyingar heim yfir hátíðarnar, en mest hafa mætt um 150 manns í eyna og er þá mikið líf þar. Þeir einstaklingar sem mæta á hátíðirnar fara hins vegar aftur að þeim loknum og eftir er litla nána samfélagið þar sem byggðin veltur á því að allir þeir sem eftir eru taki ákvörðun um að fara ekki. Kona_1 sagði meðal annars um samstöðu Grímseyinga: „Já, það er kannski af því að við erum með þessa samkennd meira, þetta er nákvæmlega eins og með snjóflóðin fyrir vestan, ef eitthvað

gerist þá erum við bara eitt. Við erum alltaf til staðar fyrir hvert annað.“ Þá var áhugavert að allir viðmælendur upplifðu að það væri á einhvern hátt á þeirra ábyrgð að halda byggðinni við og gæta þess að hún legðist ekki af, en engum þeirra fannst ábyrgðin hvíla á herðum þeirra sem eru þegar farnir. Aðspurð um hvort hún upplifði að hún bæri ábyrgð á því að halda byggðinni við svaraði Kona_1:

Já, þínu og mér finnst ekkert erfitt að segja það. Ég meina mér líður mjög vel þarna, við sem að viljum vera þarna, auðvitað er það á okkar ábyrgð að halda þessu gangandi. Það segir sig sjálf, það gerir það enginn fyrir okkur. Já, og það er samt ekki að böggja mig að ég beri ábyrgð á því að halda eyjunni, ekki ein auðvitað, en ég meina, ef við förum þá er bara svo margt sem að við erum að gera sem að enginn annar er að gera. Þú veist, en já auðvitað kemur alltaf maður í manns stað, já eða oftast.

Hjá viðmælendum virðist því almennt ríkja sterk ábyrgðartilfinning fyrir því að halda byggðinni gangandi. Kona_3 sagði einnig: „Ég upplifi mig bera vissa ábyrgð en ég upplifi það ekki þannig að ég geti ekki farið sökum ábyrgðartilfinningar.“ Þegar Kona_6 fékk sömu spurningu, hvort að hún sem brottfluttur Grímseyingur bæri ábyrgð á að halda við byggðinni, var hún fljót að svara: „Mér finnst það rosalega Grímseyskt já. Mér finnst það.“ Að einhverju leyti virðist það því vera samþykkt að sökum smæðar samfélagsins, og þá mögulega ríkari samkenndar eins og Kona_1 kom inn á, sé ábyrgðartilfinningin gagnvart samfélaginu ríkari og íbúar upplifi sig ábyrga fyrir því að halda byggðinni við. Kona_6 benti á að flækjustigið snerist að auki um það að þeir sem eftir væru vildu hvergi annars staðar vera en það gæti ekki verið á ábyrgð þeirra að halda byggðinni við fyrir þá sem völdu að fara og vilja svo geta komið heim eftir hentisemi.

Kona_5, sem var búsett upp á landi þegar bæði viðtöl fóru fram, árin 2015 og 2020, talaði um hversu duglegir brottfluttir Grímseyingar væru að fara heim

á hverju sumri og í hverju frí til að vinna. Það var ekki fyrr en hún var búin að stofna fjölskyldu í landi sem ferðunum fækkaði. Aðspurð hvort hún sjálf bæri ábyrgð á því hvernig komið væri fyrir eygni í dag var hún fljót til svars og velti því mikið fyrir sér hvort hún hefði gert allt sem í hennar valdi stóð til að viðhalda búsetu í eygni. Þrátt fyrir að hafa flutt upp á land 14 ára upplifir hún að hún hefði getað lagt meira af mörkum fyrir Grímsey:

Algjörlega. Maður situr alveg og spyr sjálfan sig lagði ég mitt af mörkum? Þú veist, hef ég lagt mitt af mörkum til þess að viðhalda eyjunni? Þannig að klárlega hugsar maður það. Grímseyjarhjartað slær rosa fast. En auðvitað getur maður alltaf gert eitthvað meira, maður hugsar það auðvitað líka. Ég hefði örugglega getað gert eitthvað meira.

Rannsakandi velti þá upp hugmyndum um ábyrgð hinna sem hafa farið og var Kona_5 hörð á því að ábyrgðin væri ekki þeirra. Hún talaði um kröfur um nútímapægindi og mikilvægi ríkra félagslegra samskipta barna sem gildar ástæður fyrir flutningi frá Grímsey. Þá er áhugavert að sjálf er hún í þeirri stöðu að vera að mennta sig, með fjölskyldu á landi og á maka sem vill ekki starfa í sjávarútvegi, en finnur á sama tíma til ábyrgðar. Kona_5 upplifir ekki að þeir einstaklingar sem velji að flytja burt í leit að frekari menntun, betri atvinnu eða vegna barna beri ábyrgð á því að halda byggðinni við:

Neinei, það er aldrei eitthvað á ábyrgð einhvers eins. Og það er aldrei á ábyrgð samfélagsins sem slíks, þessa sem búa þarna og vinna. Fyrst og fremst finnst mér það vera ábyrgð stjórnvalda og bæjarstjórnar að halda utan um allar byggðir landsins. Algjörlega.

Enginn viðmælenda kastaði nokkurri ábyrgð á þá sem völdu að flytjast á brott þó að þeim umræðum fylgdi mikill tregi og reyndust einhverjum viðmælendum þungbærar. Þrátt fyrir að telja það sína ábyrgð að halda byggðinni við sagði Kona_1 um þá sem nú þegar hafa flutt í burtu: „Alls ekki,

og ég skil það alveg. Ég meina, eins og þau sem að fóru í haust, þau misstu atvinnuna, hvað áttu þau að gera? [...] En það er engin vinna.“

Kona_6, sem er búsett upp á landi, segir það ekki vera á ábyrgð einstaklinga að halda byggðinni við á sama tíma og hún hafði orð á því hve sárt það væri að horfa upp á þróunina í dag. Hún sagði að verst væri þegar einstaklingar bentu á brottflutta sem ástæðu þess að Grímsey væri á þeim stað sem hún er í dag. Hún talaði um að það væri eðlilegt að fólk tæki ákvarðanir út frá því sem hentaði þeim og þeirra fjölskyldum best og ekki sanngjarnt að skella skuldinni á fólk sem væri að gera sitt besta í erfiðum aðstæðum. Þá minntist hún á að það hefði komið upp í samtölum að einhverjir teldu að ákvarðanir einstakra einstaklinga um að flytja upp á land hefðu verið reiðarslag fyrir eyjuna.

Já, þetta er ógeðslega erfið þróun, það er ógeðslega erfitt og ég skil fólk að gefast upp á að búa svona, en innst í hjartanu þá vonar maður að fólk tóri. En af hverju á það eitthvað að tóra frekar en ég? Ég skil alveg og mér finnst í rauninni erfiðara að heyra síðan fólk vera bara: þetta bara gerði útslagið.

Kona_3 finnst þetta líka sárt og erfitt og þakkaði fyrir að geta tekið ákvarðanir til skamms tíma núna og sagðist vanda sig við að hugsa ekki of langt fram í tímann. Hún sagði það ekki á ábyrgð einstaklinga að halda byggðinni við, þrátt fyrir að finna sjálf til ábyrgðartilfinningar. Þá sagðist hún vel skilja fólk sem velur að flytja burt og ber engan kala til þeirra sem það gera. Hún sagði að þeir aðilar sem væru með búsetu í Grímsey núna væru virkir einstaklingar sem væru duglegir að aðstoða hver annan. Þá bætti hún við: „Nei. Og eins og ég segi, mér finnst að fólk sem vill ekki vera hérna, af hverju ættum við að vilja hafa það? Þú veist, þannig að alls ekki.“

Á sama tíma og viðmælendur virðast ekki upplifa að þeir sem farnir eru beri nokkra ábyrgð á því hvernig komið er fyrir Grímsey, upplifa þeir að

ábyrgðin sé þeirra sjálfra að vera um kyrrt. Það er áhugavert að þeir viðmælendur sem búsettir eru í Grímsey árið 2020, Kona_1 og Kona_3, upplifa ekki að þeir sem eru fluttir úr eyinni beri ábyrgð en finnst á sama tíma að þær sjálfar beri ábyrgð á að fara ekki. Á sama máta upplifa Karl_4, Kona_5 og Kona_6, sem öll búa á landi, að ábyrgðin sé ekki þeirra sem enn búa í Grímsey. Viðmælendur voru allir sammála um að fjöldi íbúa í eyinni yfir vetrartímann færi sjaldan yfir tuttugu manns hið mesta.

5.3 Stefna og framkvæmd hins opinbera varðandi Grímsey

5.3.1 Viðhorf til kvótakerfis og byggðakvóta

Á sama tíma og allir viðmælendur eru fullvissir um að aukinn kvóti og tækifæri til að hefja útgerð gætu snúið þróun byggðarinnar við er í þeim djúp vanmáttartilfinning gagnvart úrræðaleyfi stjórnvalda. Þeir upplifa allir að einstaklingarnir sem seldu kvóta úr eyinni hafi gert svo í neyð en óska á sama tíma eftir því að ríki og sveitarfélag grípi inn í og úthluti þeim frekari kvóta.

Árið 2015 töluðu allir viðmælendur um óvissuna sem fylgdi ástandinu í Grímsey og um að nú væri komið að því að þau þyrftu að leita sér utanaðkomandi aðstoðar. Karl_4 var ekki bjartsýnn á að byggð héldist í eyinni ef ekki kæmi til aðstoð; „Ég held bara að það sé miklu ódýrara fyrir alla að gera eitthvað fyrir okkur, við þurfum bara hjálp. Það er bara þannig og ég viðurkenni það alveg.“

Viðhorf Kona_5 gagnvart opinberri aðkomu hafði ekki breyst á milli ára og árið 2020 mátti greina þreytu gagnvart fjölmörgum árangurlausum fundum með ríki og sveitarfélagi. Þá upplifir hún að það sé skylda ríkis og sveitarfélags að grípa inn í og finnst það vera á ábyrgð stjórnvalda að halda við byggðinni.

Henni finnst ábyrgðin ekki eiga að hvíla á herðum einstaklinga sem enn sækja sjóinn, bundnir af ábyrgðartilfinningu gagnvart því að viðhalda samfélagi byggðarinnar:

Og þú sérð það að sem dæmi að þegar að kvótinn er seldur núna á þessu ári að það er svo margt búið að reyna og svo margir fundir búnir að vera með bæjarstjórn og alþingismönnum og með bankastjórum og annað. Maður sem er kominn á eftirlaunaaldur sem er enn að róa út af þessari ábyrgðartilfinningu, hann er búinn að bera þessa ábyrgð, hann er búinn að veita fólki störf og laun og annað, þá einmitt hugsar maður líka hvenær er hans starfi bara lokið í ábyrgð fyrir þessu? Og hvenær getur einhver annar tekið við? Hvenær ætlar bæjarstjórn að axla einhverja ábyrgð? Hvenær ætla stjórnvöld að axla einhverja ábyrgð?

Þrátt fyrir einlægan vilja til að efla byggð áttu viðmælendur erfitt með að skilgreina hvernig það gæti orðið á annan hátt en með niðurfellingu skulda útgerðarfyrirtækja og með auknum byggðakvóta frá ríkinu. Þá ræddi Karl_4 til dæmis skiptingu byggðakvótans og fannst hún ósanngjörn fyrir lítil byggðarlög eins og Grímsey:

Eins og með Dalvík, þá er Samherji að fá 150 tonna byggðakvóta og hvað meikar það sens? Ég meina, þetta er til að hjálpa veikum byggðum, byggðakvótinn er settur þannig upp upphaflega. Byggðakvótinn er eina lausnin sem ég sé. Það eina sem mun bjarga eyjunni er aukinn byggðakvóti og það þarf lágmark 300 tonn í fimm ár.

Viðmælendur upplifa öll að vandamálið sé hið sama í dag og það var árið 2015, skortur á kvóta. Þó verður að líta svo á að vandamálið sé að vissu leyti af öðrum toga en fyrir fimm árum þar sem töluverðum byggðakvóta var úthlutað til Grímseyjar í millitíðinni og einstaklingar þar seldu kvóta úr eyinni skömmu síðar. Því hefur aðkoma ríkis verið töluverð og úthlutun byggðakvóta liður í að efla byggð í Grímsey.

Viðmælendur upplifa að ábyrgðin sé alfarið ríkisins, að úthluta byggðinni auknum kvóta til nokkurra ára svo Grímsey fái tækifæri til að rétta sig af. Þá

virðast allir viðmælendur upplifa að byggðin sé í sömu stöðu árið 2020 og hún var 2015, þrátt fyrir aukna úthlutun byggðakvóta árið 2016. Aðspurð hvort eitthvað gæti mögulega snúið þróuninni við í Grímsey árið 2020 svaraði Kona_1: „Já, okkur vantar kvóta. Það er undirstaðan í Grímsey, það er fiskur. Ég meina, stutt á miðin og það er bara það sem skiptir öllu máli. Það er kvótinn í eyjuna.“

Karl_4 segist handviss um hvað geti snúið við stöðunni:

Ég veit alveg hvað getur bjargað þessu. Ég er margbúinn að segja það. Á öllum fundum og allt, það er bara að það komist einhverjir inn í útgerð. Það verður bara að gera ungum mönnum kleift að komast í útgerð.

Þá upplifir enginn viðmælenda að þeir einstaklingar sem seldu kvóta úr eyggi síðasta áratuginn og högnuðust af, beri ábyrgð á því hvernig komið er fyrir Grímsey. Þeir voru allir sammála um að frelsi einstaklinga til eigin ákvarðana væri algjört og höfðu á orði að það væri ekki á ábyrgð einhverra fárra einstaklinga að halda byggðinni við og að fólk hefði sínar ástæður fyrir sölu kvóta.

5.3.2 Viðhorf til sameiningar við Akureyri

Hljóðið í viðmælendum er þungt þegar kemur að aðkomu ríkis og sveitarfélaga að málefnum Grímseyjar og upplifa þeir mikið afskiptaleysi, sérstaklega af hálfu Akureyrarbæjar. Allir viðmælendur voru sammála um að þrátt fyrir að bæjarstjórn Akureyrarbæjar færi einnig með sveitarstjórn Grímseyjar væri hún ekki sýnileg þar. Þeim virtist hún ekki láta sig neitt varða þau vandræði sem íbúar Grímseyjar hafa staðið frammi fyrir síðan fyrir sameiningu árið 2009. Þetta viðhorf viðmælenda var ríkjandi milli ára. Allir viðmælendur voru ómyrkir í máli þegar talið barst að sameiningu sveitarfélaganna þrátt fyrir allir nema einn hafi þeir kosið með sameiningunni, en Karl_4 kaus gegn henni og taldi illa staðið að kynningarmálum vegna hennar. Aðrir viðmælendur voru á sama máli

og Kona_5 talaði um að hennar upplifun væru sú að Grímseyingar hefðu verið neyddir til að sameinast með hótunum. Þær hótanir snerust þá um að ef ekki yrði af sameiningunni við Akureyrarbæ myndi Grímsey neyðast til að sameinast öðru sveitarfélagi og hefði ekkert um það að segja hvaða sveitarfélag það yrði. Árið 2015 hafði Kona_1 á orði að eyjan væri betur sett í dag ef hún hefði ekki sameinast Akureyrarbæ. Kona_5 var sammála og var harðorð í garð Akureyrarbæjar. Hún sagði meðal annars um sameiningu sveitarfélaganna: „Eða já, ég myndi segja að það væri svona rosa stór þáttur eftir þessa sameiningu, að fyrir manni hefur ekkert orðið nein sameining.“ Þá bætti hún við: „Bæði þá hefur bæjarstjórn Akureyrar verið rosalega fjarlæg og sú upplifun hefur ekkert breyst síðan síðast, bæjarstjórn Akureyrar er ekki bæjarstjórn Grímseyjar.“

Flestir viðmælendanna virtust hafa þá upplifun sameiginlega að bæjarstjórn Akureyrar væri hreint ekki bæjarstjórn Grímseyjar og að aðkoma ríkis væri lítil sem engin. Grímseyingar upplifa að þeir tilheyri ekki Akureyrarbæ og þrátt fyrir hátt hlutfall þeirra sem kusu með sameiningu er ekki almenn ánægja með þá niðurstöðu. Eins og Karl_4 komst að orði árið 2015: „Ég vissi alveg að þetta færi svona. Það hefur bara allt versnað síðan við sameinuðumst. Við værum betur sett sem sjálfstætt sveitarfélag. Hiklaust. Ég meina, við höfðum vel stætt sveitarfélag og hefðum aldrei átt að sameinast Akureyri.“

Undir þetta tóku flestir viðmælendur árið 2015 og hefur það viðhorf lítið breyst. Árið 2015 ræddi Kona_1 mikið um sameiningu sveitarfélaganna og hversu fjarlægir bæjarstjórnendur væru og taldi hún að Grímsey væri betur sett sem sjálfstætt sveitarfélag og gætu Grímseyingar þá sinnt sínum málum betur. Sú upplifun hafði lítið breyst fimm árum síðar og sagði Kona_1 árið 2020 þegar aðkoma Akureyrarbæjar barst í tal: „Nei, mér finnst þeir bara alltaf hafa verið þarna til baka. Eins og ég sagði ábyggilega fyrir fimm árum síðan. Þú veist,

mér finnst bara alltaf flókið ef þarf að fara að gera eitthvað.“ Þar átti hún við að ef þarf að ráðast í einhvers konar framkvæmdir sem eru á ábyrgð Akureyrarbæjar, þá sé það oft ekki gert og ef því sé komið í verk þá sé oft ansi langur biðtími. Þó tók hún fram að ráðist hefði verið í einhverjar framkvæmdir í eygni eftir sameiningu, þó það hefði tekið tíma.

5.3.3 Viðhorf til þátttöku í brothættum byggðum

Ekki voru allir viðmælendur sammála um að margar breytingar hefðu orðið til batnaðar eftir að Byggðastofnun tók eyna undir hatt Brothættra byggða. Þó var Kona_3 afar sátt með verkefnið og þær breytingar sem hún upplifði í kjölfarið og taldi verkefnisstjóra verkefnisins hafa hlustað eftir röddum Grímseyinga og að grunnstoðir, líkt og betra internet, hefðu verið bættar:

Allt það sem Grímseyingar fóru fram á eða komu með tillögur um, var gert. Ég held bara að við höfum ekki, já eða ég veit það ekki. Mér finnst það hafa skilað sér. Til dæmis var eiginlega númer eitt tvö og þrjú að bæta netsamband og við erum komin með mjög fínt net núna.

Kona_1 tók undir þetta og taldi upp margar aðgerðir sem búið er að ráðast í síðustu ár og styrki sem veittir voru til framkvæmda, heimasíðugerðar og jafnvel til að halda Sólstöðuhátíð.

Sem fyrr segir vönduðu viðmælendur bæjarstjórn Akureyrar ekki kveðjurnar en flestir þeirra virtust telja aðkomu Byggðastofnunar algjörlega aðskilda aðkomu bæjarins. Verkefnið Brothættar byggðir var ekki farið af stað árið 2015 og því lagði rannsakandi meiri áherslu á þann þátt í viðtölum 2020.

Kona_1 og Kona_3, sem eru jafnframt einu viðmælendur rannsóknarinnar sem enn eru búsettir í Grímsey, voru þeirrar skoðunar að verkefnið Brothættar byggðir væri búið að færa Grímsey mikinn kraft og fögnuðu aðkomu Byggðastofnunar. Kona_1 sagði um breytingar í kjölfar þess:

Já, það er búið að skila alveg helling af framkvæmdum í eyjunni, ég veit til dæmis að bæði gistiheimilin fengu styrk til að gera heimasíðu sem er búið að skila sér í fleiri þúsundum og galleríið til dæmis fékk styrk til að gera stærri pall og núna er alveg hægt að taka sko fjörutíu manns í sæti á pallinn, allavega hátt í það. Svo hefur bara Akureyrarstofa verið mjög dugleg að hjálpa okkur, þau eru bara, þau hugsa um Grímsey eins og barnið sitt. Bæjarstjórn gerir ekki neitt.

Aðrir viðmælendur voru þó neikvæðari þegar kom að því sem gert hefði verið í eyinni. Karl_4 ræddi verkefnið og lýsti ekki mikilli ánægju með þau störf sem unnin hefðu verið í tengslum við það: „Brothættar byggðir? Akkúrat ekki neitt. Þetta hefur ekki skilað neinu, mér þætti gaman að sjá á blaði hvað þetta lið er búið að vera að fá í laun, sem er í þessum nefndum, ekki lætur þetta sjá sig þarna úti.“ Þá ræddi Kona_5 um árangur verkefnisins og minntist á störf án staðsetningar í því tilliti sem aðgerð sem hefði mátt ráðast í til að hvetja til búsetu í Grímsey.

Og þetta Brothættar byggðir, sko, mín upplifun af því er eiginlega sú að verkefnastjórnin fór huldu höfði og gerði sem minnst úr þessu. Og hérna, eflaust var hún að gera mikið og maður vissi það að hún var að skrifa ýmislegt og í rauninni vissi maður samt ekki hvað hún var að gera. Einhverjir styrkir voru veittir jú og komu eflaust að góðum notum fyrir einhverja. En mér finnst að bæjarstjórnin hefði mátt vera mikið meira sýnilegri, það hefði mátt flytja störf til dæmis út í Grímsey, sem eru óháð staðsetningu eins og ég held að hafi verið gert í Hrísey.

Þær aðgerðir sem ríkið réðist í með þátttöku Grímseyjar í verkefninu Brothættar byggðir hjá Byggðastofnun sneru að einhverju leyti að því að byggja upp ferðapjónustu í eyinni og styrkja sjálfstæða atvinnustarfsemi einstaklinga. Að auki var byggðinni úthlutað 400 tonna byggðakvóta sem ætlaður var til að efla byggðina. Þrátt fyrir þær aðgerðir upplifa viðmælendur að árangurinn hafi verið lítil sem enginn og voru misánægðir með árangur verkefnisins í Grímsey.

Upplifun viðmælenda af aðkomu hins opinbera er að verkefni Brothættra byggða hafi komið of seint inn og með of vægum hætti.

Karl_4 var þeirrar skoðunar að þróun byggðarinnar væri á ábyrgð þeirra einstaklinga í Grímsey sem vildu halda byggð í eygni en telur ríkisstjórnina bera mikla ábyrgð að auki og taldi þær aðgerðir sem ráðist var í hafa komið alltof seint til að snúa þróuninni við. Taldi hann þá viljaleysi ríkisins til að halda byggð í Grímsey hafa áhrif á aðgerðaleyfi. Hann telur að verið sé að bíða með aðgerðir þar til íbúar hreinlega gefist upp, enda hafi allar aðgerðir og aðstoð frá ríkinu borist alltof seint til að mögulegt væri að snúa við þróuninni:

Já, auðvitað er það á ábyrgð okkar, sem viljum vera þar, en það er náttúrulega, þetta er ekkert bara það, þetta er líka finnst mér vera á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og alls landsins þannig. Ég meina það hefur ekkert verið gert. Og svo loksins þegar stofnuð er einhver brothætt byggðar nefnd og búið að eyða stórpeningum í þetta, sem er bara alltof alltof seint! Tíu fimmtán árum of seint að reyna að fara að gera eitthvað. Það vissu allir fyrir löngu hvað þetta stefndi í þarna heima, aðallega út frá kvótamálum.

Íbúar eyjarinnar virðast að einhverju leyti upplifa sig eina á móti heiminum og það var augljóst í viðtölunum árið 2015 að viðmælendur upplifðu að íbúar Grímseyjar myndu heyja baráttuna fram undan einir. Kona_5 var sama sinnis og Karl_4 þegar hún ræddi skilningsleysi utanaðkomandi varðandi það að halda byggð í Grímsey og sagði það mögulega tengjast aðgerðaleyfi stjórnvalda, að ríkið væri hreinlega að bíða þess að þau gæfust upp:

Ég segi ekki að þeim sé sama en stór hluti af þjóðinni er samt bara alveg sama. Það eru margir sem hafa sagt það beint við mig að það sé langbest að við förum bara þaðan og flytjum á mölina. Það er fullt af fólki sem skilur bara ekki hvað við erum að gera þarna, ég hef alltaf sagt það að það eru algjör forréttindi að fá að búa þarna.

Það er því augljóst að viðmælendur telja að ríki og sveitarfélag beri mikla ábyrgð á því hvernig komið er fyrir Grímsey árið 2020 og kalla eftir frekari aðgerðum. Upplifun viðmælenda af sameiningarferli sveitarfélaganna og byggðaaðgerðum ríkisins er sú að þátttaka og eignarhald Grímseyinga í þeim aðgerðum sé lítið sem ekkert og að ekki sé hlustað á skoðanir þeirra eða tekið tillit til óska þeirra. Þetta sýnir svo ekki verður um villst hversu mikilvægt það er að íbúar upplifi að þeir hafi eitthvað um það að segja í hvaða aðgerðir er ráðist en Grímseyingar upplifa sterka tilfinningu um eignarhald á sinni heimabyggð. Svo að byggðaaðgerðir skili tilætluðum árangri er mikilvægt að íbúar séu hafðir með í ráðum, en viðmælendur virðast finna ákveðið stjórnleysi þar sem þeir upplifa að þeir stýri í engu því í hvaða aðgerðir er ráðist né hvað verður í framhaldinu.

5.4 Framtíðin

5.4.1 Áfram sjávarbyggð með framtíð?

Þrátt fyrir miklar breytingar í Grímsey síðustu ár virðist það sameiginlegt með viðmælendum milli ára að þeir hugsa enn til skemmri tíma og taka ákvarðanir út frá því. Þá virðast íbúar Grímseyjar á vissan hátt vita í hvað stefnir og margir eru búnir undir það að flytja upp á land til frambúðar þegar börnin fara.

Rannsakandi greindi mikinn trega og sorg viðmælenda þegar talið barst að fólksfækkun en allir viðmælendur minntust á samheldni Grímseyinga, meðal annars á þann hátt að þegar væru stórir viðburðir þar þá mættu þeir brottfluttu. Það sama fólk tók hins vegar ákvörðun um að flytja burt og þeir Grímseyingar sem eftir eru horfa upp á viðvarandi fólksfækkun. Það var erfitt og sárt fyrir viðmælendur að svara spurningum um framtíðarsýn eyjarinnar.

Árið 2015 sá Kona_1 fyrir sér að ef fram héldi sem horfði þá myndi hennar fjölskylda flytja í land innan skamms tíma. Það virðist á vissan hátt sem íbúar vilji halda byggðinni í sínum fyrri blóma, en allir viðmælendur höfðu orð á því að vegna óvissu væri erfitt að sjá fyrir sér framtíð í Grímsey. Það viðhorf breyttist ekki á þessu fimm ára tímabili. Árið 2015 sagði Kona_1 að ekki væri bjart yfir stöðunni og bætti við: „Ég mála ekki einu sinni gluggakarmana heima hjá mér, maður þorir ekkert að gera neitt, maður veit ekkert hvort maður verður hérna eftir...“

Árið 2015 upplifði Karl_4 að samfélagið í Grímsey væri að taka hröðum breytingum frá því sem áður var, þegar byggðin var í blóma:

Tímarnir eru að breytast rosalega hratt. Á alveg ótrúlega stuttum tíma. Þegar ég flyt hingað árið [ártal] þá er allt hérna í þvítíkum blóma og maður sá ekkert annað fyrir sér en að hér yrðu alveg hundrað og fimmtíu manns eða eitthvað. Það tóku bara eiginlega allir húsín sín í gegn og það var mikill uppgangur í þessu, svo var náttúrulega keyptur kvóti.

Þetta var almenn upplifun viðmælenda árið 2015, hin gríðarlega óvissa sem ríkti hafði mikil áhrif á íbúa Grímseyjar og það reyndist viðmælendum erfitt að hugsa til framtíðar. Þegar Kona_3 velti upp mögulegri þróun byggðarinnar árið 2015 var útlitið ekki bjart. Þegar umræður mynduðust um hvort byggð gæti haldist ef ekki fengist kvóti, allar útgerðir legðust af og það yrði enga atvinnu að fá fyrir karla, svaraði hún: „Ég meina, svona er þetta bara. Þeir þurfa náttúrulega að geta róíð, og ég meina, ef það er ekki lengur þá er ekkert eftir hérna, svo þú veist, svona er þetta bara.“

Kona_3 talaði um að hún vildi alls ekki flytja burt og aðspurð um það hvað hún sæi fram undan fyrir byggðina sagði hún: „Ég vil hvergi annars staðar vera, en ég er alveg farin að sætta mig við það að fara, ég er ekki að sjá hvernig þetta á að geta farið öðruvísi.“ Þrátt fyrir að vilja alls ekki fara þá upplifði hún ákveðna

uppgjöf vegna óvissuástandsins og þeirrar fólksfækkunar sem eyjan stóð frammi fyrir:

Ég er eiginlega bara búin skilurðu. Mig langar samt ekkert að gefast upp nema vera sáttt við sjálfa mig, að ég hafi reynt allt áður en ég fór héðan. Ef ég þarf að fara héðan. En á meðan það eru svona fá börn hérna þá er ég ekkert að fara að skrá barnið mitt í skóla með engin önnur börn að leika við. Það er bara þannig.

Árið 2020 hafði Kona_3 á orði að það væri skrítið að lesa eigin orð frá því fimm árum áður. Hún velti því fyrir sér í hvaða samhengi hún hefði lýst yfir þessari uppgjöf því það væri fjarri lagi núna, fimm árum síðar:

En ég upplifi ekki að Grímseyingar séu búnir að gefast upp, ég meina fólk er alveg að gera við húsin sín og skipta um parket og ég upplifi ekkert uppgjöf í fólk. Þannig að það fer rosalega vel um okkur sem erum hérna. Ég upplifi mikla nánd hjá þessu fáa fólk og mér finnst fólk ekkert vera neikvætt eða svartsýnt eða annað nema kannski út í veðrið sem er búið að vera mjög leiðinlegt í vetur og ekkert bara fyrir okkur.

Þá spurði rannsakandi Kona_3 hvort hún sæi fyrir sér að börnin hennar myndu flytja aftur heim eftir að hafa sótt sér meiri menntun og hvað hún sæi fyrir sér varðandi þróun byggðar í Grímsey næstu fimm til tíu ár:

Veistu, þér að segja þá er ég mjög bjartsýn og ég trúi því alveg að það fari að, ekkert endilega, það þurfa ekkert að búa hérna hundrað manns, ekki mín vegna. Ekki hundrað manns, en ég sé ekki heldur að þetta sé eitthvað að deyja út núna. Ef ég á að segja alveg eins og er þá læt ég duga að taka stuttar ákvarðanir í einu.

Árið 2015 sagði Kona_5 um framtíðarsýn sína að hún vildi að ríkið og Akureyrarbær tækju í taumana og gættu að þróun byggðarinnar. Aðspurð um væntingar hennar til þróunar byggðar sagði hún:

Væntingarnar eru náttúrulega þær að það verði ekki gert út af við lítil sjávarþorp í landinu, að þau verði ekki keyrð í kaf með lánnum sem að fylgdu kvóta sem að síðar meir var skertur en fólk situr uppi með lánin

og skertan kvóta. Þannig að væntingarnar eru að bæði stjórnáamenn og bæjarstjórn og bankar komi til móts við þetta ástand sem að ríkir í eyjunni.

Það var greinilegt hjá öllum viðmælendum að framtíðarsýn þeirra fyrir byggðina var sterklega tengd við sjávarútveg eyjarinnar. Karl_4 er ekki bjartsýnn á stöðu Grímseyjar árið 2020 en hefur þó ekki gefið upp alla von og trúir því að enn sé hægt að snúa þróuninni við verði brugðist við fljótlega:

Það er náttúrulega ekki bjart, framtíðin núna. En það er alltaf hægt að bjarga öllu einhvern veginn. Ef þeir bara hlusta á mig og prófa þetta verkefni mitt, þá er ég viss um að það sé hægt að bjarga þessu. En það þarf að fara að ske mjög fljótlega, áður en það verður orðið of seint, áður en það verður komin uppgjöf í alla. Ef þetta væri bara gert almennilega þá er ég viss um að það væri hægt að bjarga þessu, og ekki bara Grímsey. Þetta er ekkert bara að ske í Grímsey sko, hitt er bara meira þannig að hægt er að halda húsunum og halda sumarhúsabyggð. Þetta er svona versta dæmið með að fara alveg í eyði sko.

Þá á hann við að vegna einangrunar Grímseyjar og erfiðra samganga sé töluvert erfiðara að halda henni í byggð. Að auki ræðir hann mikilvægi þess að enn sé þar fólk sem trúir því að hægt sé að snúa þróuninni við, annars verði ekkert hægt að gera. Aldur íbúa eyjarinnar og þeirra sem enn sækja sjóinn var viðmælendum að auki ofarlega í huga. Kona_1 sagði til dæmis að hún reiknaði með því að staðan yrði mögulega svipuð eftir fimm til tíu ár fyrir utan það að elstu íbúarnir gætu dáið sökum aldurs á þeim árum, sem hefði þá enn meiri fólksfækkun í för með sér ef nýtt fólk færi ekki að flytja til Grímseyjar. Karl_4 sagði að það þyrfti að gera fólki kleift að flytja í eyna og best væri auðvitað ef það væri ungt fjölskyldufólk, þar sem meðalaldur íbúa hækkar stöðugt:

Ég veit alveg um fólk sem að myndi vilja fara þarna út og byrja útgerð. Að vera þarna þó það myndi ekki vera nema nokkur ár, að koma undir sig fótunum og þetta yrði náttúrulega að vera eyrnamerkt Grímsey og þú yrðir náttúrulega að landa fiskinum öllum þar, gætir ekkert farið eitthvert annað.

Hann bætti því við að hann vissi um fullt af fólki sem hefði orðið eftir í Grímsey ef staðan væri önnur og átti þar við unga menn sem hafa áhuga á að hefja útgerð en geta það ekki. Þá er áhugavert að velja því upp hvað tekur við þegar og ef einstaklingar flytja frá Grímsey en það er oft ekki auðvelt fyrir þá að finna sér stað í samfélaginu utan Grímseyjar þar sem hraðinn er meiri. Oft er heldur ekki auðveldara að finna atvinnu í landi ef menntun og starfsreynslu skortir. Langflestir karlanna hafa starfað við sjávarútveg að einhverju leyti alla sína tíð og þeir sem eru menntaðir sóttu Stýrimannaskólann eða öfluðu sér annarrar menntunar sem nýttist til starfa í Grímsey. Konurnar í eyinni eru að mestu ómenntaðar og flestar hafa sinnt störfum sem ekki krefjast sérhæfingar. Þeir viðmælendur sem búsettir eru í Grímsey höfðu orð á því að auðvitað væri það kvíðavaldandi að flytja upp á land og byrja upp á nýtt með enga menntun og takmarkaða og einhæfa reynslu af vinnumarkaðnum. Það hefur óneitanlega áhrif á þá ákvörðun þeirra að vera um kyrrt í Grímsey.

Þá eru viðmælendur að mestu sammála því að erfitt geti reynst að koma undir sig fótunum aftur á nýjum stað. Reynsluleysi og skortur á menntun spilar þar stórt hlutverk eins og áður hefur komið fram, en að auki upplifa flestir þeirra að með flutningi frá Grímsey þyrftu íbúar að byrja aftur á byrjunarreit. Miðaldra fólk sem lagt hefur mikla vinnu í að koma undir sig fótunum í Grímsey, hefur byggt hús og jafnvel fyrirtæki, fær lítið sem ekkert fyrir það nú til dags. Því fylgir eðlilega ótti tilhugsuninni um að flytjast upp á land, jafnvel úr stóru einbýlishúsi sem íbúar byggðu sjálfir frá grunni og mögulega að flytja í litla blokkaríbúð með litla eða enga möguleika á atvinnu.

Karl_4 ræddi um hvað tekur við fyrir íbúa Grímseyjar ef þeir þurfa að flytja og minntist á að það væru fæstir sem gætu selt húsin sín og að eðlilega væri það hluti af því að vilja ekki flytja burt. Hann talaði um að það væri erfitt að

yfirgefa eitthvað sem íbúar væru búnir að byggja upp algjörlega sjálfir og sagði að óttinn við það sem tæki við hefði alltaf áhrif á þá stóru ákvörðun að flytja:

Já, og ekkert grín fyrir fólk að fá vinnu, þetta er meira og minna ólært fólk allt saman og fólk sem hefur unnið bara við sjómennsku og þú ert ekkert að fara að labba hérna inn og fá vinnu einhversstaðar af því að þú fórst í stýrimannaskólann árið 1965 eða eitthvað. Þannig að það er gríðarlega erfitt að því leytinu til líka sko.

Það reyndist viðmælendum einnig erfitt að hugsa um þróun byggðar í Grímsey síðustu fimm ár. Flestir höfðu orð á því hve sárt það hefði verið að lesa yfir viðtalsbrot sín frá því fimm árum áður og sjá hve lítið hefði í raun breyst.

Karl_4 hefði ekki flutt ef ekki væri fyrir fjölskylduna og aðra utanaðkomandi þætti og sagði með eftirsjá: „Neinei, ég meina, ég hefði aldrei farið þaðan í rauninni. Og ætlaði mér aldrei að vera annars staðar. Svo bara þróast þetta öðruvísi og maður bara þarf að gera eitthvað annað en maður vildi eða ætlaði.“ Þá bendir hann að auki á að það gleymist oft í umræðunni að þau áhrif sem verða ef byggðin leggst af verði mun viðtækari en fólk geri sér grein fyrir. Hann minnst á að ekki sé einungis um störf íbúa Grímseyjar að ræða heldur einnig störf þeirra sem starfa á ferjunni Sæfara, í afgreiðslu á Dalvík, bílstjóra sem starfa við að keyra út fiskinn og flugmanna sem fljúga til og frá Grímsey.

Það kemur ekki á óvart að allir viðmælendur eru sammála því að það sé gott að búa í Grímsey. Kona_2 sem hefur ekki búið í eygni í þó nokkur ár, nema yfir sumarmánuðina, sagði árið 2015 „Já, það er heima. Það er Grímsey. Það er náttúrulega eiginlega ekki spurning sko.“ Þá má greina að viðmælendum þyki öllum mikilvægt að íbúar Grímseyjar upplifi tilfinningu um að byggðin sé enn þeirra og að þeir hafi eitthvað um framtíð hennar að segja. Framtíðarsýn viðmælenda er þó ekki björt og þó ekki hafi allir sagt það berum orðum má greina að öll eru þau undir það búnin að byggðin í Grímsey leggist í eyði á næsta

áratug. Allir viðmælendur virðast vera á sama máli um framtíð Grímseyjar, en öllum fannst það erfið umræða. Rannsakandi greindi hjá viðmælendum mikla sorg og eftirsjá eftir því sem einu sinni var.

5.4.2 Sumarbyggð eða eyðibbyggð?

Þegar talið barst að framtíðarsýn eyjarinnar árið 2020 og þeirri þróun sem íbúar standa óneitanlega frammi fyrir núna kom upp umræða um mögulega sumarhúsabyggð þar. Viðmælendur áttu þó erfitt með að sjá slíkt fyrir sér vegna einangrunar byggðarinnar. Kona_1 var efins um að byggðin yrði að sumarhúsabyggð og benti á ýmsa þætti því til stuðnings:

Og ég er heldur ekkert að sjá bara hvernig það myndi virka? Ég meina, ætlar ríkið að sjá okkur fyrir ferju, bara yfir sumartímann? Hvað á ferjan að gera á veturna, þú veist, flugið gæti alltaf verið bara bætt inn og svona? Og já, það er nýbúið að gera rafstöð upp á fleiri hundruð milljónir og það þarf einhver að sjá um að fylla á olúna þar þannig að nei, ég veit það ekki.

Kona_5 átti erfitt með að svara þegar rannsakandi spurði hvort hún sæi fyrir sér að Grímsey yrði einn daginn að sumarhúsabyggð og tengdi hún þá hugmynd við endalok byggðarinnar. Samkvæmt henni er upphafið að endinum hafið og hún minnst á skort á atvinnu og lokun grunnskólans í því samhengi:

Þetta er mjög vond spurning. Og þetta er bara, þetta er spurning sem að flestir forðast því að svara. Og það er mín upplifun að það eru margir sem eru ekkert tilbúnir að horfast í augu við það, að það gæti orðið. Og það er ógeðslega sárt. Það er ógeðslega sárt að þurfa að svara þessari spurningu af því að mínu mati já, þá stefnir það bara í eina átt, já það stefnir bara í það að fólk verður tilneytt til þess að flytja vegna þess að það er ekki grunnskóli þarna. Vegna þess að það vantar fleiri atvinnumöguleika og annað slíkt.

Hún hafði þó orð á því að þeir sem harðast sækja sjóinn í Grímsey í dag myndu seint gefast upp og yrðu þeir allra síðustu til að yfirgefa byggðina: „Ég sé ekki fyrir mér að það verði föst búseta þarna, ég sé kannski fyrir mér nokkra

kalla, nokkra sem náttúrulega bara að neita að gefast upp og munu kannski harka þarna í fimm eða tíu ár í viðbót.“ Aðspurð um hvort samfélagið í Grímsey myndi þá einungis samanstanda af fullorðnum karlmönnum á næstu árum ef konurnar flyttu upp á land svaraði Kona_5:

Ég hugsa að þau verði tilneydd til þess já. Ég hugsa að konur og börn verði tilneydd til þess að, að konurnar fari með börnunum til þess að sækja menntun og þeir allra hörðustu karlarnir verði kannski þarna eftir. Af því að þeir upplifa að þeir beri ábyrgð og ætla ekki að gefast upp. Það er bara þannig. Og á meðan er allt annað á hold bara, það bara bíður, því það er verið að reyna að bjarga þessu.

Af því má skilja að þeir sem enn róa geri það af hluta til sökum ríkrar ábyrgðarkenndar, að halda byggðinni gangandi fyrir hina. Kona_3 var hörð á því að Grímsey yrði aldrei sumarhúsabyggð og taldi að ef staðan breyttist ekki og allt færi á versta veg, þá leggjðist byggðin algjörlega í eyði:

Nei, aldrei. Ef að byggðin leggst af þá verður þetta aldrei sumarhúsabyggð. Bæði er þetta of langt í burtu og Rarik myndi aldrei fara að keyra rafstöð ef það byggi ekkert fólk hérna og þeir myndu aldrei halda úti ferju hérna ef það byggi ekkert fólk hérna. Þeir myndu ekkert gera það ef það byggi enginn hérna. Þannig að þegar fólk segir jújú þetta verður alltaf sumarhúsabyggð, ég hef enga trú á því, ég meina hvernig ætlarðu að komast til og frá? Nei, ég sé það bara ekki fyrir mér. Ef að byggðin leggst af, þá bara leggst hún af.

Karl_4 er á sama máli og hefur enga trú á því að Grímsey verði nokkurn tíma sumarhúsabyggð. Það væri hvort tveggja alltof langt í burtu og alltof dýrt. Það væri ekki á færi hvers sem er að fara út í eyju og þyrftu þeir einstaklingar að eiga öflugan bát til að sigla á milli. Hann benti á að það væri nauðsynlegt að taka með sér mikið af olíu fyrir nokkurra daga dvöl í Grímsey þar sem þar yrði ekkert rafmagn eða hiti. Hann bætti því við að Grímsey væri of langt í burtu til að verða nokkurn tímann sumarhúsabyggð. Þá hefur hann trú á því að stjórnvöld muni líklega fyrir rest taka ákvörðun fyrir íbúa byggðarinnar og

vitnaði þar í þær aðgerðir sem ráðist var í í Flatey á Skjálfanda: „Ég held að þetta verði eins og í Flatey á Skjálfanda, það verði tekin einhver lokaákvörðun, eftir fimm ár eða tíu ár þegar það verða eftir þrjár, fjórar fjölskyldur og það verður farið með alla á einu bretti í restina.“

Það virðast þannig allir viðmælendur sammála um að vegna einangrunar sinnar verði Grímsey aldrei að sumarhúsabyggð. Kostnaður við að halda húsunum við sé hreinlega of hár og ræða þau í því samhengi mikið um hve dýrt það sé að kynda húsin þar. Það yrði aldrei á færi nema örfárra einstaklinga að sækja byggðina heim yfir sumartímann. Þá var á sama tíma þungt hljóðið í viðmælendum þegar Grímsey sem sumarhúsabyggð barst í tal þó þeir sæju það ekki fyrir sér að það yrði að veruleika. Viðmælendur geta ekki hugsað sér að byggðin leggist af og virðast að einhverju leyti vilja halda í þá hugmynd að hún standi áfram. En vegna einangrunar og mikils kostnaðar getur enginn haldið heimili þar hluta úr ári, og alls ekki þegar samtímis er haldið annað heimili á landi með tilheyrandi kostnaði. Mikil óvissa ríkir um stöðu Grímseyjar nú árið 2020, rétt eins og árið 2015, og þrátt fyrir vilja til að halda við byggð má greina ákveðna uppgjöf viðmælenda gagnvart aðstæðum sem þeir hafa enga stjórn á.

Allir virtust viðmælendur á sama máli um að ef ekki fengist kvóti í eyjuna þá myndi hún leggjast af - það yrði engin sumarhúsaparadís í Grímsey heldur eyðibygð.

6 Umræður

Markmið þessarar rannsóknar er að fá innsýn í upplifun Grímseyinga af þróun byggðar í Grímsey. Í heild benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að framtíðarsýn Grímseyinga sé sterklega bundin þeim óvissuþáttum sem hafa bein áhrif á örugga búsetu í eygni og þróun grunnuppbyggingar í atvinnuskyni. Framtíðarsýn íbúa er ekki björt, hvorki hjá brottfluttum Grímseyingum né núverandi íbúum eyjarinnar.

6.1 Áskoranir og tækifæri Grímseyjar

Aukin uppbygging og iðnvæðing hefur getið af sér aukna eftirspurn eftir menntun sem hefur leitt til þess að fleiri íbúar smærri byggðarlaga, eins og Grímseyjar, hafa flutt varanlega búsetu sína til þéttbýlli svæða þar sem fjárhagur þeirra byggir að stóru leyti á atvinnu í iðnaði eða þjónustu. Sjávarútvegurinn hefur alltaf verið stór þáttur í lífi Grímseyinga og þó það sýni á vissan hátt nán tengsl þeirra við náttúruna hefur það að auki efnahagslega, félagslega og menningarlega þýðingu. Sjávarútvegurinn og saga hans eru greytt í arfleifð þeirra og það er mikilvægt að hafa í huga þegar ráðist er í kynningar á mögulegum nýjum atvinnugreinum.

Samkvæmt Dahlström (1996) er dreifbýlið karllægt og atvinnuhættir innan þess hingað til meira tengdir við karlmenn, en þar er átt við hin hefðbundnu störf í frumatvinnugreinunum tengdum sjávarútvegi og landbúnaði. Það er þó mikilvægt að horfa til þess að miklar breytingar hafa orðið á þessum frumatvinnugreinum.

Í Grímsey eru atvinnuhættir afar karllægir og hefur það sýnt sig að ef karlarnir geta ekki eða vilja ekki starfa við sjávarútveg þá er um takmarkað framboð atvinnu að ræða og styður þetta niðurstöður Dahlström (1996). Allir viðmælendur voru sammála því að karlar búsettir í Grímsey þyrftu að geta stundað sjómennsku eða unnið á annan hátt við sjávarútveg.

Grunnþarfir okkar hafa enn fremur breyst með árunum og það sem við töldum gerviþarfir fyrir einhverjum árum síðan telst til nauðsynja í dag. Nú til dags gerum við kröfu um góðar samgöngur, góð fjarskipti og gott aðgengi að menntun og annarri grunnþjónustu. Líkt og Þóroddur Bjarnason og Jón Þorvaldur Heiðarsson (2013) bentu á er eðlilegt að opinber þjónusta sé fjárhagslega óhagkvæmari á landsbyggðinni þar sem færri einstaklingar nýta sér hana og allir viðmælendur minntust á gríðarlegan kostnað við að halda úti þjónustu í Grímsey. Það er dýrt að flytja vörur til og frá Grímsey, dýrt að kynda húsin og samgöngur eru dýrar að mati viðmælenda.

Konur sækja sér menntun í meira mæli en áður og sækja í atvinnu sem hæfir þeirri menntun. Margir sækja að auki í afþreyingu og skemmtun sem er oft ekki í boði í smærri byggðarlögum í dreifbýli. Í því félagslega umhverfi sem þótti eðlilegt fyrir þrjátíu árum hafði fólk aðrar kröfur til lífsgæða. Þá var byggð í Grímsey blómstrandi, konur sinntu heimili og börnum og að auki tilfallandi störfum. Börn fluttu upp á land í kringum fermingaráldurinn og fólk vissi að þeir drengir sem farið höfðu til að ljúka sinni skólaskyldu myndu skila sér heim aftur.

Morris og Evans (2001) bentu á að samkvæmt hugmyndinni um búsetusæluna (e. rural idyll) væri dreifbýlið kjörinn staður til að ala upp börn og styðja niðurstöður þessarar rannsóknar það að hluta. Það var upphafleg forsenda búsetu í Grímsey hjá flestum viðmælendum að eyjan væri kjörinn staður til að ala upp börn fjarri amstri og hraða þéttbýlis. Það hefur hins vegar breyst undanfarin ár og skortur á nútímaþægindum og félagsleg einangrun

barna kæfði nærri því hugmyndina um búsetusæluna. Þá vó það þyngra að börnin gætu umgengist jafnaldra sína, stundað tómstundir og íþróttir og sótt grunnþjónustu eftir þörfum, sem skortir í Grímsey. Þá minntust nokkrir viðmælenda að auki á aukna félagslega þörf, í formi kvikmyndahúsa, kaffihúsa og annarra svipaðra athafna.

Líkt og í rannsókn Valentine (1997) benda niðurstöður þessarar rannsóknar til þess að foreldrar séu hræddari um börn sín nú til dags og upplifi hættur þéttbýlis sem meiri en áður. Viðmælendur höfðu orð á því að nú til dags væri ekki eins að senda börn upp á land til ættingja og áður. Þá telja viðmælendur hætturnar stærri og meiri og að auðveldara aðgengi að bæði fíkniefnum og misjöfnu efni á internetinu hefði í för með sér meiri þörf á strangara eftirliti foreldra.

Þrátt fyrir að helsta atvinnugrein Grímseyinga sé sjávarútvegur hefur ferðaþjónusta rutt sér til rúms undanfarin ár og fjöldi ferðamanna til Grímseyjar aukist töluvert. Fyrri rannsóknir hafa bent til þess að aukin ferðaþjónusta þjóni mikilvægu hlutverki í eflingu byggða.

Ef niðurstöður þessarar rannsóknar byggðu einungis á viðtölum við viðmælendur frá árinu 2015 gætu þær bent til þess að ferðaþjónustan í Grímsey væri nauðsynlegt verkfæri til að snúa við neikvæðri þróun byggðar. Hins vegar benda sameiginlegar niðurstöður úr viðtölum frá 2015 og 2020 til þess að ferðaþjónustan í Grímsey verði aldrei til þess fallin að efla byggð svo þróun hennar snúist við, að mati viðmælenda.

Samkvæmt viðmælendum hafa engir flutt frá Grímsey af því að þeim leið ekki vel þar eða af því að þeir hreinlega vildu flytja. Allir sem hafa flutt frá Grímsey hafa gert það af ástæðum tengdum breyttum forsendum búsetu. Einhverjir hafa flutt af því að enga atvinnu var að fá í eygni sem ekki tengdist

sjávarútvegi, einhverjir fluttu til að mennta sig og aðrir fluttu vegna skorts á þjónustu í byggðinni. Eftir standa þeir sem sækja sjóinn eða hafa atvinnu af sjávarútvegi og makar þeirra og börn. Af niðurstöðum rannsóknarinnar má því draga þá ályktun að ef ekki takist að styrkja stöðu sjávarútvegs í Grímsey muni byggðin að öllum líkindum leggjast af innan fárra ára.

Það er einnig áskorun fyrir íbúa Grímseyjar að flytja þaðan og eru möguleikar þeirra til að flytja burt að mörgu leyti öðrum og fleiri takmörkunum háðir en aðrir búferlaflutningar. Einstaklingar sem ákveða að flytja frá Grímsey þurfa í raun að byrja líf sitt upp á nýtt þar sem þeir geta ekki selt hús sín, eru að mestu ómenntaðir og hafa ekki fjölbreytta atvinnureynslu. Því snýst framtíð byggðarinnar um stærri og fleiri hluti en einungis að færa nokkra einstaklinga til. Þessir þættir og fleiri til hafa því óneitanlega mikil áhrif á óvissu íbúa.

Ef raunverulegur vilji er fyrir hendi hjá ríkinu að halda byggð í Grímsey þá má spyrja hvort að töluverðar niðurgreiðslur á samgöngum séu ekki tímabærar? Rétt eins og vegakerfi Íslands sem er almennt gjaldfrjálst, þá gæti ríkið greitt niður ferju- og flugfargjald til og frá Grímsey. Þetta gæti eflt ferðþjónustuna í Grímsey og auðveldað núverandi íbúum og brottfluttum að ferðast á milli. Ef ríkið gerði Grímseyingum kleift að ferðast til og frá Grímseyjar gjaldfrjálst, gæti það eflt byggðina til muna og jafnvel verið hvati fyrir nýtt fólk að flytja búsetu sína þangað.

6.2 Staða kynjanna

Dahlström (1996) fjallaði sérstaklega um ólíkar væntingar kynjanna til lífsins þar sem konur sækja sér frekari menntun og sækja í aðra atvinnu en er í boði í byggðarlögunum og fylgja jafnvel brottfluttum börnum sínum.

Það má segja að samfélagið í Grímsey teljist karllægt þar sem það er nær nauðsynlegt að karlmennirnir sinni sjómennsku og konurnar hugsi um heimili

og börn, ásamt því að ganga í tilfallandi þjónustustörf tengd stækkandi ferðamannaíðnaðinum. Hefðbundin verkaskipting kynjanna vill oft verða meiri í dreifbýli þar sem meginatvinna svæðanna fellur undir hefðbundin karlastörf og konur leita þá út úr byggðunum til að sækja sér menntun. Niðurstöður rannsóknar benda einnig til að konur í Grímsey myndu í fleiri tilfellum vilja flytja aftur heim ef það væri fjölbreyttari atvinna í boði.

Í tilfalli Grímseyjar er þó örlítið erfiðara að greina mun kynjanna þegar kemur að því hverjir snúa aftur heim og hverjir ekki. Munurinn milli kynja er helst sá að þeir karlar sem sækja sér menntun geta í flestum tilfellum snúið aftur og hafið störf við sjávarútveginn á meðan það eru engin störf í Grímsey fyrir konur sem ekki vilja starfa við sjávarútveginn.

Í tilfalli Grímseyjar flytja konurnar oftast í burtu til að fylgja börnum sínum sem þurfa að flytja upp á land til að ljúka skólaskyldu sinni. Grunnskólinn í Grímsey hefur einungis verið starfræktur upp í áttunda bekk og því hafa börnin þurft að flytja upp á land 14 ára gömul, oft án foreldra og systkina. Þetta hefur haft gríðarleg áhrif á búsetu í eyinni en mæður fylgja nú börnum sínum í land í mun meira mæli en áður. Að hluta til er það tilkomið vegna þeirra samfélagsbreytinga sem hafa átt sér stað undanfarin ár, foreldrar upplifa að hættunarn séu fleiri og stærri og vilja því frekar gæta barna sinna sjálfir. Það er þó ekki einungis skólaskyldan frá áttunda bekk sem ræður því hvort og hvenær einstaklingar flytja upp á land en samkvæmt viðmælendum hafa íbúar flutt frá Grímsey með yngri börn sín þar sem grunnskólamál eru í lamasessi eins og komist var að orði. Þá ræddu viðmælendur að auki skort á sérstökum stuðningsúrræðum fyrir börn sem mögulega passa ekki inn í kassa hefðbundins skólakerfis. Fækkun barna hefur að auki leitt til þess að foreldrar vilja síður setja börn sín í skólann þar sem félagsleg tengsl á jafningjagrundvelli verða engin. Skólalald verður því nær ómögulegt þegar fá eða jafnvel engin börn eru eftir.

Viðmælendur höfðu allir orð á því að staðan væri ekki björt og að þarna væri ákveðinn vítahringur sem erfitt væri að rjúfa. Það er erfitt að fá nýtt fólk á barneignaraldri eða fjölskyldur með börn til búsetu í Grímsey þegar það er ekki starfræktur skóli þar, og skólinn verður ekki starfræktur án barna.

Morris og Evans (2001) bentu á að í tengslum við hugmyndina um búsetusæluna bæru konur í dreifbýli ábyrgð á heimili, börnum og hinum hefðbundnu kvennastörfum og styðja niðurstöður þessarar rannsóknar það en konur í Grímsey sinna nær einungis störfum sem teljast hefðbundin fyrir kyn þeirra. Karlarnir í Grímsey eru fyrirvinnur. Það var forsenda margra kvenna fyrir búferlaflutningum til Grímseyjar að karlmennirnir reru dagtúra og kæmu heim á kvöldin þar sem þeir gætu landað. Engin kvennanna sem rannsakandi ræddi við var fæddur Grímseyingur en allar höfðu á einhverjum tímapunkti flutt til Grímseyjar vegna maka eða föður sem hafði atvinnu af sjávarútvegi. Allar nema ein höfðu verið heimavinnandi í lengri eða skemmri tíma, en allar sinnt tilfallandi störfum undanfarin ár. Engin kvennanna sem rætt var við hafði eða vildi róa til sjós en allar höfðu þær sinnt störfum tengdum sjávarútvegi, hvort sem það var við saltfiskverkun, uppstokkun á línu eða almenna fiskverkun.

Anna Kristín Gunnarsdóttir (2009) benti á að sökum einhæfra atvinnuhátta á landsbyggðunum væri erfiðara fyrir konur að setjast þar að og styðja niðurstöður þessarar rannsóknar það ótvírætt. Anna Kristín benti einnig á mikilvægi fjölbreyttra atvinnuhátta í smærri byggðarlögum. Viðmælendur virtust þó einungis sjá lausn í að styrkja eina atvinnugrein og það er sjávarútvegurinn. Bæði kyn sögðu hann algjöra forsendu fyrir byggð í Grímsey.

Þó benda niðurstöður þessarar rannsóknar til þess að þó sjávarútvegurinn yrði styrktur, veitt yrði meira kvóta til Grímseyjar og ungum mönnum gert kleift að hefja útgerð, þá myndi það ekki hafa mikil áhrif á stöðu kvenna í byggðinni.

Niðurstöður benda enn fremur til þess að konur í Grímsey kalli frekar eftir óbreyttri samfélagsgerð þar sem karlar sinna störfum tengdum sjávarútvegi og konur störfum í landi. Hefðbundin verkaskipting kynjanna virðist rótgróin í sjálfsmynd Grímseyinga sem samfélags og ef ráðist yrði í aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna í Grímsey myndi það óneitanlega hafa í för með sér miklar kerfisbreytingar sem er ekki víst að myndu skila tilætluðum árangri í að efla byggðina. Bæði kyn þurfa þá í þessu tilfalli að vilja vera jafngildir þátttakendur í sjávarútvegi og á heimilunum og benda niðurstöður til þess að ekki sé vilji til þess.

Þrátt fyrir að hér hafi sjávarútvegurinn verið kynntur sem karllæg atvinnugrein, í ljósi staðalímynda, þá er það ekki náttúruleg mál sem ekki má breyta eða er meitlað í stein. Áhugavert væri að skoða betur hvort tilraunir til að búa til réttlátara samfélag þar sem lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru höfð að leiðarljósi, beri árangur í samfélagslegu umhverfi líkt og ríkir í Grímsey. Þar er það vilji beggja kynja að viðhalda hefðbundinni verkaskiptingu. Þrátt fyrir að konurnar sem búa í Grímsey núna séu sáttar við hina hefðbundnu verkaskiptingu kynjanna má velta því upp hvort að ungar konur muni vilja setjast að í Grímsey í framtíðinni og búa við sömu verkaskiptingu, eða hvort að forsenda þess að konur setjist að í Grímsey í framtíðinni verði sú að konur standi körlum atvinnulega jafnfætis?

Ef það felast engir möguleikar í ferðapjónustu eins og virðist vera niðurstaðan hér, þá má spyrja hvort að ekki sé nauðsynlegt að breyta kynjun sjávarútvegsins í Grímsey þannig að konur hafi jöfn atvinnutækifæri á við karla? Konurnar í Grímsey hafa sjálfar lýst því að þær eru sjálfstæðar og sterkar og ganga í öll störf. Þá má spyrja sig hvort hvati fyrir konur til að hefja útgerð eða störf í sjávarútveginum hafi verið til staðar hingað til og ef ekki, hvort að hægt sé að breyta því?

6.3 Árangur af opinberum aðgerðum

Þegar talið barst að þróun byggðarinnar og framtíðarsýn árið 2015 svöruðu allir viðmælendur því að þeir myndu vilja gera allt til að bjarga, viðhalda og styrkja búsetu í eyinni. Þó greindi rannsakandi það hjá þeim öllum nema einum að þeir væru búnir undir það að flytja burt. Kostnaður við hita og rafmagn í Grímsey er mun meiri en annars staðar á Íslandi, það er ekki næga atvinnu að hafa og enga sem ekki tengist sjávarútveginum og samgöngur til og frá eyinni eru í besta falli óáreiðanlegar yfir vetrartímamann. Líkt og rannsóknir Þórodds Bjarnasonar (2012) hafa sýnt fram á þarf að nálgast hvert samfélag á ólíkan hátt, byggt á sérstöðu þeirrar byggðar, eigi byggðastefna að bera árangur. Sérstaða samfélags Grímseyjar er mikil og það eru fá, ef einhver, byggðarlög á Íslandi í sambærilegri stöðu.

Tilraunaverkefnið Brothættar byggðir hefur það markmið að sporna við langvarandi byggðaröskun og er verkefni um eflingu samfélaga á þeirra eigin forsendum. Sérstækur byggðakvóti er verkefni um eflingu fiskvinnslu. Þrátt fyrir að úthlutun byggðakvóta hafi tekist að tryggja stöðuga fiskvinnslu í þeim þremur byggðum sem voru fyrstar inn í verkefni Brothættra byggða, Suðureyri, Drangnesi og Raufarhöfn, (Reglugerð um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2019/2020 nr. 675/2019), virðist staðan ætla að verða önnur í Grímsey. Í þessum fyrstu þremur byggðum hefur fólksfækkun mest verið 9% frá árinu 2012 en hún er 20% í Grímsey og benda niðurstöður til þess að enn verði frekari fólksfækkun á næstu árum. Árið 2015 höfðu allir nema einn viðmælandi trú á því að ferðaþjónusta gæti vegið þungt til bjargar byggðinni og töldu fjölbreytt atvinnumál og hvetjandi þjónustu algjöra forsendu byggðapróunar í Grímsey. Hins vegar var annað hljóð í viðmælendum fimm árum síðar en þá voru allir sammála um að það eina sem gæti mögulega snúið við þessari neikvæðu þróun byggðarinnar væri aukinn kvóti og tækifæri

til að hefja útgerð. Þrátt fyrir aðgerðir ríkis og sveitarfélags hefur ekki tekist að snúa þróuninni við og greindi rannsakandi meiri uppgjöf og þreytu í viðmælendum árið 2020 en þegar fyrstu viðtölin fóru fram. Þá stóðu íbúar frammi fyrir því að þrátt fyrir fyrrnefndar aðgerðir hafði orðið enn frekari fækkun íbúa ásamt því að grunnskólinn, ein grunnstoð samfélagsins, hafði lagst af.

Samþætting í ákvarðanatöku hjá þessum smærri byggðarlögum er nauðsynleg og það verður að taka tillit til vilja íbúa svæðanna rétt eins og Polido, João og Ramos (2014) bentu á og það er mikilvægt að íbúar svæðanna upplifi sig sem virka þátttakendur í þeirri uppbyggingu sem á sér stað. Árangursrík efling byggðar veltur á að virkja færni og hæfileika allra íbúa svæðanna og koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga og bendir Bock (2004) á mikilvægi samþættingar í jafnrétti kynjanna í byggðaþróunaraðgerðum. Þá má velta því upp hver aðkoma ríkis getur verið í samfélagi þar sem bæði kyn vilja einungis styrkja eina atvinnugrein og sjá aðrar atvinnugreinar sem eins konar hliðarverkefni fyrir konur samfélagsins?

Mikilvægt er að sveitarfélög bjóði upp á gott aðgengi að menntun, fjölbreytt atvinnulíf og öfluga starfsemi í menningarmálum og afþreyingu ef stuðla á að sjálfbærri þróun (þingskjal nr. 1242/2017–2018) en í Grímsey er það ekki hægt. Þar er afar einhæft atvinnulíf, enginn grunnskóli og lítil sem engin afþreying nema sú sem íbúar skapa sjálfir í formi viðburða. Eðlilega er það óskastaða að haldið verði utan um alla þá grunnþætti sem tryggja búsetu í byggðinni líkt og hefur verið reynt síðustu ár. Grímsey er hins vegar nær barnlaus byggð og á meðan ekki fæðast þar fleiri börn og brottfluttir íbúar snúa ekki aftur er það eðlileg afleiðing að enginn skóli sé starfræktur í byggðinni.

Í tilfelli Grímseyjar takmarkast því árangur opinbers stuðnings við byggðaþróun að miklu leyti af fyrrnefndri sérstöðu svæðisins. Árangur aðkomu

hins opinbera er því kannski ekki best metinn í því sem hefur verið gert heldur upplifun íbúa Grímseyjar af því sem hefur verið gert. Ráðist hefur verið í aðgerðir til að snúa við þróun byggðar í Grímsey en þær aðgerðir hafa skilað misjöfnum árangri og enn fækkar íbúum þar. Að auki hefur aðgerðunum verið misvel tekið af íbúum. Bætt fjarskipti, bættar samgöngur og ný rafstöð í eyjuna eru dæmi um þær breytingar sem hefur verið ráðist í undanfarin ár og virðist upplifun viðmælenda benda til þess að þessir þættir séu aukin þægindi sem gott er að hafa en að allt velti á því að sjávarútvegurinn verði styrktur.

Niðurstöður rannsóknar undirstrika mikilvægi þess að íbúar þeirra byggðarlaga sem taka þátt í byggðarþróunaraðgerðum séu þátttakendur í allri ákvarðanatöku frá upphafi. Þetta sýnir sig best þegar sameiningarferli Grímseyjar og Akureyrarbæjar er skoðað en það er augljóst að ekki eru allir á sama máli um hvort að sameiningin hafi verið mistök eða ekki. Þá var augljóst í viðtölum að viðmælendur sjá aðkomu Akureyrarbæjar að byggðarþróunaraðgerðum sem algjörlega aðskilda aðgerðum Byggðastofnunar eða ríkisins. Það er því augljóst að það er nauðsynlegt að íbúar Grímseyjar séu virkir þátttakendur í allri ákvarðanatöku sem snýr að framtíð byggðarlagsins.

6.4 Framtíð Grímseyjar

Póroddur Bjarnason (2012) fjallaði um hinar miklu breytingar sem hafa orðið á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi undanfarin ár og hvernig þær breytingar hafa óneitanlega haft áhrif á viðkvæma stöðu sjávarbyggða. Áskoranir sjávarbyggða eru margvíslegar og tengjast því hve fámenn og einangruð þau eru. Þá er atvinnulíf einhæft og hafa þessar breytingar haft mikil áhrif á þróun og stöðugleika byggðar í Grímsey og hefur staða byggðarinnar síðustu ár varpað ljósi á þau neikvæðu áhrif sem frjálst framsal aflaheimilda getur haft á smærri byggðir. Það er augljóst af viðtölunum að mikil óvissa ríkir um framtíð fiskveiða sem hefur áhrif á framtíðarsýn íbúa fyrir byggðina.

Niðurstaðan og svarið við rannsóknarspurningunni um hver sé framtíðarsýn íbúa Grímseyjar fyrir þróun byggðarinnar er skýr. Þrátt fyrir áralanga erfiðleika bera Grímseyingar von í brjósti um að heimabyggð þeirra leggist ekki í eyði. Allir óskuðu viðmælendur eftir frekari aðkomu ríkis að því og töldu að töluverð kvótaúthlutun til nokkurra ára væri eina bjargráð byggðarinnar. Allir viðmælendurnir vilja halda í byggðina á sama tíma og fólk forgangsraðar lífi sínu þannig að möguleikinn á styrkingu byggðar minnkar æ meira og persónulegur fórnarkostnaður gæti hreinlega verið of hár. Svo að byggð haldist þurfa allir íbúar að taka ákvörðun um að vera um kyrrt en aðstæður bjóða ekki upp á það fyrir alla og því verður ábyrgð þeirra fáu sem eftir eru meiri. Áhugavert var að upplifun viðmælenda var sú að þeir sem fluttu burt og þeir sem seldu kvóta, beri enga ábyrgð á stöðu byggðarinnar þrátt fyrir að sú staða sé bein afleiðing ákvarðana þeirra einstaklinga. Almennt virðast íbúar Grímseyjar vilja halda í byggð en ábyrgðin er á herðum fárra sem enn þrauka og bíða breytinga í ótta við það sem tekur við ef ekki tekst að snúa við þróuninni.

Framtíðarsýn Grímseyinga fyrir þróun byggðarinnar er því ekki björt og virtust viðmælendur búnir undir það að byggð í Grímsey legðist af. Þá verða karlarnir þeir síðustu til að fara, þeir allra hörðustu sem enn geta róíð til sjós. Þannig mætti gefa sér að undir lok byggðarinnar samanstandi samfélagið einungis af karlmönnum sem ekki eru tilbúnir að sleppa takinu af Grímsey.

Niðurstöður leiða fyrst og fremst í ljós að sérstaða Grímseyjar er mikil og því henta þar hefðbundnar byggðaáætlanir ekki á sama hátt og í öðrum byggðum. Ljóst er að þörf er á frekari rannsóknum og gefa niðurstöður rannsóknar tilefni til að skoða frekar þróun verulega einangraðra byggða í dreifbýli og þá sérstaklega eyjasamfélaga. Þá er mikilvægt að kafa dýpra en hér

er gert í þá samfélagslegu þætti sem hafa áhrif á þróun byggða og þá samfélagslegu ábyrgð sem einstaklingar telja sig bera.

Til að byggðalausnir beri árangur verða þær að vera á forsendum íbúa byggðarlaganna sem á að efla og sjávarútvegurinn er vissulega grunnforsenda byggðar í Grímsey. Reynslan hefur hins vegar sýnt að það sem hefur hingað til verið gert hefur ekki virkað. Útgerðarmenn taka ákvarðanir út frá eigin hagsmunum og hafa selt mikið magn af kvóta úr eyjunni sem hefur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir stöðu byggðar í Grímsey. Því má velja því upp hvort að stuðningur við Grímsey verði ekki að einskorðast við byggðina og samfélagið sjálft, en ekki einstaklingana sem eiga útgerðirnar? Ef framtíð Grímseyjar veltur á því að það verði áfram sjávarútvegur í eyinni þá er nauðsynlegt að horfast í augu við það að fyrirkomulag sjávarútvegarins eins og hann er í dag er að sökkva eyjunni. Kvótakerfið er hagkerfi sem stjórnað er með úthlutun á aflaheimildum þar sem mestu máli skiptir er að landa á markað þar sem fæst hæst verð fyrir aflann. Það sem vill gerast þegar kvótinn er í einkaeigu er að kvótaeigendur landa þar sem þeir fá hæst verð og lítið verður úr vinnslu í heimahöfn. Þá eru þeir oft lengur í burtu frá fjölskyldum sínum og draumurinn um búsetusæluna, sem laðaði konurnar að Grímsey í upphafi, hverfur.

Þegar mögulegt er að fá úthlutað gríðarlegu magni af ókeypis byggðakvóta með litlum skuldbindingum má velja því upp hvar raunveruleg ábyrgð liggur, er það hjá útgerðarmönnum eða ríkinu? Byggðakvóti mun aldrei skila því sem hann á að skila nema að uppfylltum þeim skilyrðum sem honum eiga að fylgja til eflingar byggða.

Ef það er vilji til að glæða Grímsey þarf að setja byggðaþróunaraðgerðir í samhengi við einstakt samfélag eyjunnar. Möguleg ástæða þess að aðrar byggðaaðgerðir sem skilað hafa árangri annarsstaðar, hafa ekki borið árangur í Grímsey er sérstaða eyjunnar. Það er ekki hægt að setja einangrað

eyjasamfélag undir sama hatt og aðrar sjávarbyggðir. Þá má velta því upp hvort að það sé til svar við þeim helstu áskorunum sem Grímseyingar standa frammi fyrir núna, sem snúa að atvinnu, búsetugæðum og jafnri stöðu kynjanna. Ef markmiðið er að efla byggð, þá er nauðsynlegt að leita fleiri lausna en í byggðakvóta sem augljóslega er ekki að skila tilætluðum árangri.

Þá má spyrja hvort að mögulegt sé að efla strandveiðar í Grímsey með sérstöku strandveiðisvæði sem væri eyrnamerkt Grímseyingum og þeim sem þar eiga lögheimili? Lögsaga Grímseyjar, þar sem frjálsar handfæraveiðar væru leyfilegar allt árið um kring að þeim skilyrðum uppfylltum að aflinn yrði að hluta unninn í Grímsey? Þá yrði kvótinn í eigu sveitarfélagsins eða byggðarlagsins en ekki einstaklinga, og engin leið að framselja kvótann úr byggðinni.

Hvað ef konur í Grímsey yrðu að auki hvattar til að sinna strandveiði til jafns við karlana í áðurnefndri lögsögu Grímseyjar, hvatinn gæti verið í formi skattaafsláttar af lönduðum afla til einhverra ára og þar sem stutt er á miðin eru langir túrar úr sögunni og mögulegt að sinna strandveiði á hefðbundnum dagvinnutíma. Það er áhugavert að velta því upp hvort að Grímsey geti, þrátt fyrir þróun og framtíðarsýn árið 2020, orðið að útópískri búsetusælu þar sem bæði karlar og konur geta róíð dagtúra og hugsað um heimili og börn til jafns.

Heimildir

- Akureyrarbær. (2013). *Samþykkt fyrir hverfisráðin í Hrísey og Grímsey*. Sótt af <https://www.akureyri.is/static/files/samthykkt-fyrir-hverfisrad-samth.-i-baejarstjorn-9.04.2013.pdf>
- Anderson, M. og Hyssocks, D. (2009). *Thinking about women: Sociological perspectives on sex and gender*. Boston: Pearson/Allyn and Bacon.
- Andrea Hjálmsdóttir, Edward H. Huijbens, Eyrún J. Bjarnadóttir, Grétar Þór Eypórsson, Hjalti Jóhannesson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, . . . Þóroddur Bjarnason. (2011). *Greinargerð faghóps Háskólans á Akureyri vegna samgönguáætlunar 2011-22*. Sótt af <http://www.rmfi.is/is/moya/research/index/skyrslur-reports/greinargerd-faghops-haskolans-a-akureyri-vegna-samgonguaetlunar-2011-22>
- Anna Kristín Gunnarsdóttir. (2009). *Orsakir búferlaflutninga kvenna af landsbyggðinni* (óútgefin meistaritgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/3996>
- Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson. (2002). *Byggðir og búseta. Þéttbýlismyndun á Íslandi*. Sótt af <https://notendur.hi.is/~ajonsson/kennsla2006/Master-7.pdf>
- Ágúst Einarsson. (2016). *Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Árni Ragnarsson (ritstjóri). (2014). *Norðurland eystra: Stöðugreining 2014*. Sótt af

<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/nordurland-eystra.-stodugreining-2014.pdf>

Árni Ragnarsson (ritstjóri). (2015). *Vesturland: Stöðugreining 2014*. Sótt af

<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/vesturland.-stodugreining-2014.pdf>

Boserup, E. (1989). *Women's role in economic development*. London: Earthscan.

Brandth, B. (1995). Rural masculinity in transition: Gender images in tractor advertisements. *Journal of Rural Studies*, 11(2), 123–133. [https://doi.org/10.1016/0743-0167\(95\)00007-A](https://doi.org/10.1016/0743-0167(95)00007-A)

Brandth, B. og Haugen, M. S. (2012). Farm tourism and dilemmas of commercial activity in the home. *Hospitality & Society*, 2(2), 179–196. https://doi.org/10.1386/hosp.2.2.179_1

Briguglio, L. (1995). Small islands developing states and their economic vulnerabilities. *World Development*, 23(9), 1615–1632. [https://doi.org/10.1016/0305-750X\(95\)00065-K](https://doi.org/10.1016/0305-750X(95)00065-K)

Bock, B. (2004). It still matters where you live: Rural women's employment throughout Europe. Í K. Hoggart og H. Buller (ritstjórar), *Women in the European countryside* (bls. 14 – 41). Wageningen University: Ashgate Publishers.

Byggðastofnun. (2010). Stefna Byggðastofnunar. Sótt af <https://www.byggdastofnun.is/is/um-byggdastofnun/stefna-byggdastofnunar>

Byggðastofnun. (2011). Samþætting kynjasjónarmiða hjá Byggðastofnun. Sótt af <https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/samthaetting-kynjasjonarmida-hja-byggdastofnun>

- Byggðastofnun. (2012). Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun. Sótt af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag_atvinnulif_og_ibuathroun_skyrslan_i_heild.pdf
- Byggðastofnun. (2018). *Glæðum Grímsey: Ársskýrsla 2018*. Sótt af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Grímsey/arsskyrsla-2018-glg.pdf
- Byggðastofnun. (2020). Byggðapróun og byggðaaðgerðir – samantekt. Sótt af <https://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/byggdaaaetlun>
- Chant, S. og Gutman, M. C. (2006). "Men-streaming" gender?: Questions for gender and development policy in the twenty-first century. Í M. Edelman og A. Haugerud (ritstjórar), *The anthropology of development and globalization: From classical political economy to contemporary neoliberalism* (bls. 240–250). Oxford: Blackwell.
- Collinson, D. og Hearn, J. (1996). 'Men' at 'work': Multiple masculinities/multiple work-places. Í C. Haywood og M. Mac an Ghail (ritstjórar), *Understanding masculinities* (bls. 61–76). Buckingham: Open University Press.
- Connell, R. W. (1995). *Masculinities*. Cambridge: Polity Press.
- Coulter, M. og Robbins, S. P. (2012). *Management* (11. útg.). New Jersey: Prentice Hall.
- Crew, E. og Harrison, E. (1998). *Whose development?: An ethnography of aid*. London: Zed Books.
- Dahlström, M. (1996). Young women in a male periphery – Experiences from the Scandinavian north. *Journal of Rural Studies*, 12(3), 259–271. [https://doi.org/10.1016/0743-0167\(96\)00018-6](https://doi.org/10.1016/0743-0167(96)00018-6)

- Davidoff, L. og Hall, C. (1987). *Family fortunes: Men and women of the English middle class 1750-1850*. London: Hutchinson.
- De San Eugenio-Vela, J. og Barniol-Carcasona, M. (2015). The relationship between rural branding and local development. A case study in the Catalonia's countryside: Territoris Serens (El Lluçanès). *Journal of Rural Studies*, 37, 108–119.
<https://doi.org/10.1016/j.jrurstud.2015.01.001>
- Dekens, J. og Voora, V. (2014). *Rural women, partner in the development process*. Sótt af https://www.iisd.org/sites/default/files/publications/rural_women_partner_development_process.pdf
- Detang-Dessandre, C. og Molho, I. (2000). Residence spells and migration: A comparison for men and women. *Urban Studies*, 37(2), 247–260. <https://doi.org/10.1080/0042098002177>
- Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrund Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Dr. Friðrik H. Jónsson. (2008). *Kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/konnun_felagsvisindastofnunar_um_kynbundinn_launamun_a_islenskum_vinumarkadi2.pdf
- Elín Gróa Karlsdóttir. (2012). Með konum skal land byggja! Í Sigríður K. Þorgrímsdóttir (ritstjóri), *Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun* (bls. 224–231). Sótt af http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag_atvinnulif_og_ibuathroun_skyrslan_i_heild.pdf
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.

- Ferðamálastofa Íslands. (2020). Skemmtiferðaskip. *Mælaborð ferðapjónustunnar*. Sótt af <https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/fartheGAR/skemmtiferdaskip>
- Fiskistofa. (2016). Aflaupplýsingar. Sótt af <http://www.fiskistofa.is/english/quotas-and-catches/individual-vessels/?skipnr=&timabil=1516&lang=en&utgerd=&selHeimaHofn=97&rada=Nafn>
- Fiskistofa. (2020). Skipaskrá. Sótt af <http://www.fiskistofa.is/veidar/aflastada/einstokskip/?skipnr=&timabil=1920&lang=is&utgerd=&selHeimaHofn=97&rada=Nafn>
- Fiskistofa. (2020). Úthlutun aflaheimilda fiskveiðiárið 2019/2020. Sótt af <http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaheimildir/uthlutadaflamark/>
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2014). *Vinumarkaður: Lokaskýrsla*. Sótt af <https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/KHF---Stada-kynja-a-vinumarkadi-lokaskyrsla.pdf>
- Fyrrum sveitarstjóri dæmdur í 18 mánaða fangelsi. (2008, 8. desember). *Visir.is*. Sótt af <https://www.visir.is/g/2008113151312>
- Gannon, A. (1994). Rural tourism as a factor in rural community economic development for economies in transition. *Journal of Sustainable Tourism*, 2(1-2), 51–60. <https://doi.org/10.1080/09669589409510683>
- George, E. W., Mair, H. og Reid, D. G. (2009). *Rural tourism development: Localism and cultural change*. Bristol: Channel View.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2004). Íslenskur sjávarútvegur við aldahvörf: Félagsfræðilegur sjónarhóll. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstjórar). *Íslensk félagsfræði: Landnám*

alþjóðlegrar fræðigreinar (bls. 183–199), Reykjavík:
Háskólaútgáfan.

Guðni Einarsson. (2016). Brugðist við vanda Grímseyjar. *mbl.is*. Sótt af
<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1611233/>

Gunn, C. (2002). *Tourism planning: Basics, concepts, cases*. New York:
Routledge.

Gunnar Þór Jóhannesson og Edward H. Huijbens. (2010). Tourism in
times of crisis: Exploring the discourse of tourism development in
Iceland. *Current Issues in Tourism*, 13(5), 419–434.
<https://doi.org/10.1080/13683500.2010.491897>

Gunnar Þór Jóhannesson. (2012). Tími til að tengja? Af stefnumótun í
ferðaþjónustu á Íslandi. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 8(1), 173–193.
Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/12296>

Gunnlaugur Júlíusson og Róbert Ragnarsson. (2004). *Vegvísir:
Leiðbeiningar fyrir samstarfsnefndir um sameiningu sveitarfélaga*.
Sótt af [https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-
media/media/samst/vegvisir.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/samst/vegvisir.pdf)

Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki
innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið*, 5-18.

Hagstofa Íslands. (2019). Meðalatvinnutekjur karla hærri en tekjur
kvenna með sömu menntun. Sótt af
[https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/felagsmal/konur-og-
karlar-a-islandi-2019/](https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/felagsmal/konur-og-karlar-a-islandi-2019/)

Hagstofa Íslands. (2020). Atvinnuþátttaka, starfandi, vinnutilgir og
atvinnuleysi, hlutfall eftir ársfjórðungum 2003 – 2019. Sótt af
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__vinnumarkadur__vinnumarkadsrannsokn__2_arsfjordingstolur/VIN00910.px

- Hagstofa Íslands. (2020). Mannfjöldi eftir þéttbýlisstöðum, kyni og aldri 2011-2019. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnar/MAN03105.px/table/tableViewLayout1/?rxid=753d091e-e91e-4f44-bb9e-2ae6f03357c4
- Hagstofa Íslands. (2020, 31. janúar). Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010-2019. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__1_yfirlit__arsfjordungstolur/MAN10001.px
- Hampton, M. P. (2015). Power, ownership and tourism in small islands: Evidence from Indonesia. *World Development*, 70, 481–495. <https://doi.org/10.1016/j.worlddev.2014.12.007>
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eigindlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137–154). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Helgi Daníelsson (ritstjóri). (2003). *Grimsey og Grimseyingar: Íbúar og saga*. Akranes: Akrafjallsútgáfan.
- Helgi Grétarson. (2011). Allocation of fishing harvest rights in Iceland and Norway – The development since 1990. *Stjórnámál og stjórnsýsla*, 7(2), 267–287. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2011.7.2.3>
- Hennink, M., Hutter, I. og Bailey, A. (2011). *Qualitative reasearch methods*. London: Sage.
- Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Lilja Rafnsdóttir. (2009). Staða kvenna í landbúnaði: Kynjafræðilegur sjónarhóll. *Stjórnámál og stjórnsýsla*, 5(1), 27–47. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/8990>

- Hofstede, G. (2001). *Culture's consequence: Comparing values, behaviors, institutions, and organizations across nations* (2. útgáfa). Thousand Oaks: Sage.
- Hofstede, G. H., Hofstede, G. J. og Minkov, M. (2010). *Cultures and organizations: Software of the mind: Intercultural cooperation and its importance for survival*. New York: McGraw-Hill.
- Huijbens, E. H. (2012). Sustaining a village's social fabric? *Sociologia Ruralis*, 52(3), 332–352. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9523.2012.00565.x>
- Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson. (2005). Könsmönster í flyttingar frá landsbygden på Island, 2005. Í Berglund, A.K., Johansson, S., Molina, I. (ritstjórar.), *Med Periferien i Sentrum: En Studie av Lokal Velferd, Arbeidsmarked og Kjønnsrelasjoner i den Nordiske Periferien*. (bls. 142-168). Norut NIBR: Finnmark.
- Jafnréttisstofa. (2001). Samþætting – ný leið til jafnréttis kynjanna. Sótt af <https://www.jafnretti.is/static/files/Samthaetting.pdf>
- Johnston, B. F. (1970). Agriculture and structural transformations in developing countries: A survey of the research. *Journal of Economic Literature*, 8(2), 369–404. Sótt af <https://www.jstor.org/stable/2720471>
- Jón Þorvaldur Heiðarsson, Stefán B. Gunnlaugsson og Ögmundur Knútsson. (2010). *Áhrif innköllunar aflaheimilda á stöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja*. Sótt af <http://hdl.handle.net/10802/8904>
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eiginlegum rannsóknnum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129-136). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Katrín Ólafsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir. (2015). *Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði. Staða og staðreyndir þekkingar*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2015/Stada_karla_og_kvenna_29052015.pdf
- Knox, D. og Hannam, K. (2007). Embodying everyday masculinities in heritage tourism(s). Í A. Pritchard, N. Morgan, I. Ateljevic og C. Harris (ritstjórar), *Tourism and gender: Embodiment, sensuality and experience* (bls. 263–272). Wallingford: CABI.
- Kolbeinn Stefánsson. (2012). Umfang vinnunnar í lífi Íslendinga, 1991–2008. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstjórar), *Þróun velferðarinnar 1988–2008* (bls. 89–106). Reykjavík : Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kostov, P. og Lingard, J. (2004). *Integrated rural development - do we need a new approach?* Sótt af <https://pdfs.semanticscholar.org/3682/64a4c77fdddc80278aa4bd6624633ea5ca50.pdf>
- Kurtz-Cotes, B., Copping, K. E., Rowley, S. J. og Kinlaw, C. R. (2014). Gender and age differences in awareness and endorsement of gender stereotypes about academic abilities. *European Journal of Psychology of Education, 29*(4), 603–618. <https://psycnet.apa.org/doi/10.1007/s10212-014-0216-7>
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks: Sage.
- Laoire, C. N. (2001). A matter of life and death? Men, masculinities and staying 'behind' in rural Ireland. *Sociologia Ruralis, 41*(2), 220–236. <https://doi.org/10.1111/1467-9523.00179>
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, með síðari breytingum.

Lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990.

Molyneux, M. og Razavi, S. (2005). Beijing plus ten: An ambivalent record on gender justice. *Development and Change*, 36(6), 983–1010. <https://doi.org/10.1111/j.0012-155X.2005.00446.x>

Morris, C. og Evans, N. (2001). 'Cheese makers are always women': Gendered representations of farm life in the agricultural press. *Gender, Place and Culture*, 8(4), 375–390. <https://doi.org/10.1080/09663690120111618>

Mouk, Y. (2017). *The age of responsibility: Luck, choice, and the welfare state*. Cambridge, MA: Harvard University Press.

Oddný Þóra Óladóttir. (2016). *Tourism in Iceland in figures*. Sótt af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Fretta myndir/2016/juni/tourism_-in_iceland_in_figures_may2016.pdf

Peet, R. og Hartwick, E. R. (2009). *Theories of development: Contentions, arguments, alternatives*. New York: Guilford.

Polido, A., João, E. og Ramos, T. (2014). Sustainability approaches and strategic environmental assessment in small islands: An integrative review. *Ocean & Coastal Management*, 96, 138–148. <https://doi.org/10.1016/j.ocecoaman.2014.05.005>

Proshansky, H. og Fabian, A. (1987). The development of place identity in the child. Í C. S. Weinstein og T. G. David (ritstjórar), *Spaces for children: The built environment and child development* (bls. 21–40). Boston: Springer.

Reglugerð um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2019/2020 nr. 675/2019.

- Róbert Ragnarsson. (2004). Efling sveitarstjórnarstigsins, kjörstærð sveitarfélaga. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/vefir/efling/frettir/nr/1538>
- Rye, J. F. (2006). Leaving the countryside: An analysis of rural-to-urban migration and long-term capital accumulation. *Acta Sociologica*, 49(1), 47–65. <https://doi.org/10.1177/0001699306061899>
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. (2018). *Uppbygging flugvallakerfisins og efling innanlandsflugans sem almenningsgangna*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=33713415-f7dc-11e8-942f-005056bc530c>
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. (2019). *Ferðumst saman. Stefna ríkisins í almenningsgangum*. Sótt af <https://www.samband.is/media/samgongumal/Ferdumst-saman-Stefna-rikisins-i-almenningsgangum.pdf>
- Samgöngustofa. (2015, 8. janúar). Lögskráningar árið 2014. Sótt af <http://www.samgongustofa.is/um/frettir/siglingafrettir/Logskraningar-arid-2014>
- Samskip. (2020). Sæfari. Sótt af <https://www.samskip.is/innanlands/saefari/>
- Samtök Ferðaþjónustunnar. (2019). Lykiltölur og tölfræði. Sótt af <https://www.saf.is/lykiltolur/tolfraedi/>
- Kosningasaga. (e.d.). Kosning um sameiningu Akureyrar og Grímseyjarhrepps 25. Apríl 2009, samhliða alþingiskosningum. Sótt af: <https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/sameiningarkosningar/sameiningarkosningar-2009/>

- Sigríður Elín Þórðardóttir og Halldór V. Kristjánsson. (2005). Konur og stoðkerfi atvinnulífsins. Sótt af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/konuratvinna.pdf>
- Sigríður Halldórsdóttir og Ragnheiður Harpa Arnardóttir. (2013). Yfirlit yfir rannsóknarferlið. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 61–69). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Réttmæti og áreiðanleiki í meginlegum og eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 211–228). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71–88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurður Snævarr. (2015). *Launamunur karla og kvenna*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2015/launamunur_karla_og_kvenna_19052015b.pdf
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 229–238). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Smith, D. E. (2007). Women's perspective as a radical critique of sociology. *Sociological Inquiry*, 44(1), 7–13. <https://doi.org/10.1111/j.1475-682X.1974.tb00718.x>
- Steiner, A. og Atterton, J. (2015). Exploring the contribution of rural enterprises to local resilience. *Journal of Rural Studies*, 40, 30–45. <https://doi.org/10.1016/j.jrurstud.2015.05.004>

- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). Um jafnrétti kynjanna. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/jafnretti/um-jafnretti-kynjanna/>
- Stjórnarráð Íslands. (2014). Fjöldi sveitarfélaga. Sótt af <http://www.kosning.is/sveitarstjornarkosningar-2014/frettir-2014/nr/8663>
- Stjórnarráð Íslands. (2018). Byggðaáætlun. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/byggdaaaetlun/>
- Stjórnarráð Íslands. (2020). Sóknaráætlanir. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/soknaraaetlanir/>
- Styðja við byggð í Grímsey. (2015, 17. nóvember). *mbl.is*. Sótt af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/11/17/stydja_vid_byggd_i_grimsey/
- The Food and Agricultural Organization. (2010). *Gender dimensions of agricultural and rural employment: Differentiated pathways out of poverty: Status, trends and gaps*. Sótt af <http://www.fao.org/3/i1638e/i1638e.pdf>
- UNECE. (2009). *Measuring sustainable development: Prepared in cooperation with the Organisation for economic co-operation and development and the statistical office of the European communities (Eurostat)*. Sótt af https://www.unece.org/fileadmin/DAM/stats/publications/Measuring_sustainable_development.pdf
- UNEP. (2014). *Emerging issues for small island developing states: Results of the UNEP/UN DESA foresight process*. Nairobi: Author. Sótt af <https://wedocs.unep.org/bitstream/handle/20.500.11822/9111/->

Emerging%20Issues%20for%20Small%20Island%20Developing%20States-
2014Emerging%20issues.pdf?sequence=3&%3BisAllowed=

Unnur Dís Skaptadóttir og Hulda Proppé. (2005). Global processes, localities and gender identities: A feminist perspective on changes in Icelandic fisheries. Í B. Neis, M. Binkley, S. Gerrard og C. Menschy (ritstjórar), *Changing Tides. Gender, Fisheries and Globalization* (bls. 153–166). Halifax: Fernwood.

Valentine, G. (1997). A Safe Place to Grow Up? Parenting, Perceptions of Children's Safety and the Rural Idyll. *Journal of Rural Studies*, 13(2), 137-148.

Vífill Karlsson og Grétar Þór Eypórsson. (2009). Búsetuskilyrði á Íslandi. Hverju sækist fólk eftir? Í H. S. (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum X* (bls. 365- 379). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Ísland.

Walby, S. (1990). *Theorizing patriarchy*. Oxford: Blackwell.

Williams, A. og Shaw, G. (ritstjórar). (1998). *Tourism and economic development: European experiences* (3. útg.). Chichester: John Wiley.

Williamson, K. J., Hogensen, G., Lotherington, A. T., Hamilton, H. L., Savage, S., Koukarenko, N., . . . Poppel, M. (2004). Gender issues. Í N. Einarsson, J. N. Larsen, A. Nilsson og O. R. Young. (ritstjórar), *Arctic human development report* (bls. 187–205). Sótt af http://www.svs.is/images/pdf_files/ahdr/English_version/AHDR_chp_11.pdf

World Economic Forum. (2020). *Global gender gap: Report 2020*. Sótt af http://www3.weforum.org/docs/WEF_GGGR_2020.pdf

Þingskjal nr. 928/2018-2019. Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033. Sótt af <https://www.althingi.is/alttext/149/s/0928.html>

Þingskjal nr. 1242/2017–2018. Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024.

Þingskjal nr. 1341/2014–2015. Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015–2018.

Þingskjal nr. 665/2015–2016. Svar forsætisráðherra við fyrirspurn frá Heiðu Kristínu Helgadóttur um aðgerðir til að styðja við byggð í Grímsey.

Þingskjal nr. 701/2015–2016. Skýrsla um stöðu kvenna á vinnumarkaði til Alþingis.

Þóroddur Bjarnason og Jón Þorvaldur Heiðarsson. (2013). Útgjöld ríkisins í Norðausturkjördæmi og tekjur ímyndaðs „Norðausturríkis“. *Stjórnmal og stjórnsýsla* 9(1), 155–170. [https://doi.org/10.1016/0743-0167\(96\)00004-6](https://doi.org/10.1016/0743-0167(96)00004-6)

Þóroddur Bjarnason. (2012). Hagsmunir íslenskra sjávarbyggða við endurskoðun fiskveiðistjórnunar. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 9(2). <https://doi.org/10.24122/tve.a.2012.9.2.3>

Þóroddur Bjarnason, Bergþóra Benediktsdóttir, Gunnar Atli Gunnarsson og Þorsteinn Víglundsson. (2020) *Endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda. Skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um atvinnu- og byggðakvóta*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2761fd79-5705-11ea-945f-005056bc4d74>

Þóroddur Bjarnason, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Ólöf Garðarsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir,

Unnur Dís Skaptadóttir og Vífill Karlsson. (2019). *Byggðafesta og búferlaflutningar: Bæir og þorp á Íslandi vorið 2019*. Sótt af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdafesta/byggdafesta_34bls_2019_net.pdf

Þröstur Ernir Viðarsson. (2019). Skólahald lagt niður í Grímsey. *Vikudagur.is*. Sótt af <https://www.vikudagur.is/is/frettir/skolahald-lagt-nidur-i-grimsey>

Viðaukar

Viðauki 1



Upplýst samþykki fyrir þátttöku - Framtíðarsýn Grímseyinga

Hvaða ábyrgð bera einstaklingar á samfélagi?

Rannsóknin er langtímarannsókn með það að markmiði að skoða upplifun Grímseyinga af lífi í eyjunni og þeirra sýn á þróun byggðarinnar. Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn og dýpri skilning á upplifun Grímseyinga. Leitast verður eftir því að finna hvort að framtíðarsýn íbúa hafi breyst á síðustu fimm árum og hvað hefur mögulega haft áhrif á búsetu í eyjunni. Rannsóknin byggist á eigindlegum viðtölum við einstaklinga sem búa eða hafa haft búsetu í Grímsey. Viðtölin koma til með að veita dýpri innsýn í líf og upplifun íbúa.

Viðmælanda ber ekki skylda til að taka þátt og er frjálst að hætta þátttöku hvenær sem er í rannsóknarferlinu. Viðmælanda er frjálst að neita að svara ákveðnum spurningum. Rannsakandi lofar að gæta nafnleyndar og fara með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Viðmælanda verður boðið að lesa yfir rannsóknina og verður ekkert birt sem viðmælandi vill ekki að verði gert opinbert.

Með yfirlýsingu þessa verður farið sem trúnaðarmál og hún hvorki vistuð með samtölunum né notuð við skráningu þeirra eða greiningu. Yfirlýsingin mun ekki koma fyrir augu annarra en rannsakanda og verður í vörslu hans.

* * *

Mér hefur verið kynntur tilgangur þessarar rannsóknar og í hverju þátttaka mín er fólgin. Ég er samþykkt(ur) þátttöku:

Nafn _____

Dagsetning: _____

Viðauki 2



Spurningarramma fyrir viðtöl 2015

1. Við hvað starfar þú?
2. Tókst þú þátt í kosningu um sameiningu Grímseyjar og Akureyrarbæjar árið 2009?
3. Hvað finnst þér um þátt sveitarfélagsins í uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu?
4. Hver er staða ferðaþjónustunnar í Grímsey í dag að þínu mati?
5. Myndir þú telja samfélagið í Grímsey karllægt eða kvenlægt?
6. Hver telur þú að ímynd Grímseyjar sé?
7. Hver er framtíðarsýn Grímseyjar?

Viðauki 3



Spurningarramma fyrir viðtöl 2020

1. Hvaða breytingar hafa orðið síðustu fimm ár?
2. Hvert er hlutverk einstaklings í samfélagi?
3. Hver er ábyrgð einstaklinga á að halda byggð?
4. Er þróun byggðarinnar á þína ábyrgð?
5. Munu brottfluttir flytja aftur heim?
6. Hefur aðkoma hins opinbera borið árangur?
7. Verður Grímsey sumarhúsabyggð?
8. Hver er framtíðarsýn Grímseyjar?